

**BERGLIND BERGSDÓTTIR**

*Glaður göngugarpur*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**NÁMSMAÐURINN**

*Trúðanám í Danmörku*

Sérblað um nám og námsmenn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**ANDRI HEIÐAR KRISTINSSON**

*Sigraði í alþjóðlegri hönnunarkeppni*

Þurfti að hanna og byggja vélmenni á 17 klukkutímum

TÍMAMÓT 24




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. október 2006 — 264. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Naut lífsins í Reykjavík

Stórleikarinn Brendan Fraser var í miklu stuði á næturlífinu í miðborginni.

FÓLK 38



### Safnar liði fyrir Ísafold

Nýtt tímarit Reynis Traustasonar er gefið út af Baugi.

FÓLK 38

### Ráðvilla

„Efnislega virðist málflutningur sumra stjórnenda hjúkrunarheimila, sem ekki vilja sjá augljósar staðreyndir í þessum efnum, ganga út á það að hafa af ríkissjóði fé," segir Jóhann Óli Guðmundsson.

UMRÆÐAN 22

### Hættur við að hætta

Markvörðurinn Kristján Finnbogason býst ekki við því að leggja hanskana á hilluna og stefnir á að spila eitt ár í viðbót með KR.



ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT NORÐAUSTAN TIL** - Í dag verður sunnan 3-10 m/s, stífastur vestan til. Dálítil súld eða rigning á landinu sunnan og vestanverðu en skýjað með köflum á Norðausturlandi. Hiti 5-11 stig

VEÐUR 4






# Vændiskonur leita skjóls fyrir dólgum

**Íslenskar konur sem lent hafa í vændi hafa í allnokkrum tilvikum leitað til Stígamóta og Kvennaathvarfsins til að flýja dólgana, sem hafa selt þær. Tveimur konum var hjálpað til þess að flýja til útlanda. Yngsta stúlkan var 15 ára.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskar konur sem stundað hafa vændi hafa í allnokkrum tilvikum leitað til Stígamóta og í Kvennaathvarfið á undanförnum misserum til þess að flýja undan þeim mönnum sem hafa selt þær. Þær eru oft í afar slæmu andlegu og líkamlegu ástandi eftir kúgun og líkamsmeiðingar. Þetta staðfesta þær Guðrún Jónsdóttir, talsmaður Stígamóta, og Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

„Á síðasta ári voru nítján konur, sem á einhverjum tíma höfðu stundað vændi, í samskiptum við Stígamót," segir Guðrún. „Af þeim voru tíu ný mál og níu eldri, vegna þess að þær konur sem hafa stundað vændi eru gjarnan í löngum samskiptum við Stígamót. Í nokkrum þessara tilvika voru konurnar að flýja þessa svokölluðu dólga, það er mennina sem höfðu tekjur af því að selja þær. Þessi tilvik voru ekki mörg, en þau voru þeim mun alvarlegri. Þær áttu það sameiginlegt að þær voru skelfingu lostnar og búið að misþyrma þeim gróflega bæði andlega og líkamlega. Tvisvar sinnum höfum við hjálpað konum úr landi til að þær kæmust út úr neti karla sem misnotað hafa þær með þessum hætti."

Guðrún segir að þær konur sem leiðst hafi út í vændi og leiti til Stígamóta séu yfirleitt á aldrinum tuttugu til þrjátíu ára. „Sú yngsta sem ég man eftir var fimmtán ára," segir hún. „Oft hafa þessar konur leitað til okkar vegna kynferðisofbeldis. Síðan hefur þessi hlið mála, það er vændið, komið upp á yfirborðið, en það hefur yfirleitt tekið þó nokkurn tíma, og gerist ekki fyrr en þær eru orðnar öruggar í samskiptum við okkur."

Guðrún segir enn fremur að ákveðin skörun sé milli vændis og fíkniefnaheimsins. Sá heimur lúti ekki sömu lögum og reglum og heimurinn sem hinn almenni borgari lifi í. Þar sé ekki hægt að kalla lögreglu til hjálpar. Þar sé lykilorðið „hefnd". Þær konur sem flækst hafi í sambönd með mönnum úr fíkniefnaheiminum verði fyrir grófasta ofbeldinu og hótununum. Þær eigi jafnframt minnstu möguleikana á að komast út úr vændisvítahringnum.

„Ég get staðfest það að til okkar hafa leitað íslenskar vændiskonur sem hafa lent í hörðu kynferðislegu ofbeldi og annars konar ofbeldi," segir Sigþrúður hjá Kvennaathvarfinu. Hún kvaðst ekki hafa tölur yfir tíðnina. „Í þeim tilvikum sem þær eru að flýja dólgana er oft um „kærasta" að ræða, sem selur þær, gjarnan í tengslum við fíkniefni. Þessar konur eru oft hart leiknar þegar þær koma til okkar."

jss@frettabladid.is



**ENDURFUNDIR Á ALÞINGI** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra skemmtir öðrum ráðherrum eftir að þing hafði verið sett í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ræða Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, við setningu Alþingis:

# Hersetan klauf þjóðina í tvennt

**STJÓRNMÁL** Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, var tíðrætt um Kalda stríðið og hersetuna við setningu Alþingis í gær. Hann sagði deilurnar um veru Bandaríkjahers í landinu hafa hamlað framförum á öllum sviðum þjóðfélagsins.

„Hjaðningavígin á heimavelli veiktu samtakamátt og kraftinn til nýsköpunar," sagði Ólafur Ragnar. „Aflinu sem hefði mátt verja til framfara var beitt í atökum við okkur sjálf."

Ólafur Ragnar ræddi einnig um umhverfismál og sagði ýmis merki um að afstaðan til náttúrunnar kynni að verða viðlíka hitamál og herinn var fyrrum.

Sólveig Pétursdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var kjörin forseti þingsins. Í ræðu sinni boðaði hún heildarumbætur á þingstörfunum og kvaðst bjartsýn á að hljómgrunnur væri fyrir þeim í öllum þingflokkum.

Sú breyting verður í vetur að 64 stjórnmálamenn sitja í þingsalnum í stað 63. Ástæðan er sú að Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og formaður Framsóknarflokksins, situr þingfundi þótt hann sé ekki kjörinn þingmaður.

Geir H. Haarde forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína í kvöld.

- bþs / sjá síðu 4



**MEÐ KISUNUM TVEIMUR** Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélags Íslands, með kisunum tveimur sem ráfuðu um varnarliðssvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Heimilislausir kettir:

# Tveir fundust á Vellinum

**VARNARLIÐIÐ** Fjórir kettir sem hafa verið í Kattholti hafa trúlega misst heimili sín þegar varnarliðsmenn yfirgáfu Ísland í sumar. Tveir kattanna fundust þar sem þeir höfðu ráfað um flugvöllinn í sumar, einn fannst í Njarðvík og sá fjórði í Rimahverfi.

Kettirnir voru vel haldnir og greinilegt að þeim hafði verið gefið að éta. Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélagsins, segir kettina trúlega hafa verið merkta af bandarískum dýralækni. Það bendi til þess að þeir geti verið úr herstöðinni í Keflavík.

Magnús H. Guðjónsson dýralæknir segir Bandaríkjamenn almennt góða við dýrn sín. „Ég veit um mörg tilfelli þar sem menn reyndu að finna heimili fyrir kettina því þeir vildu ógjarnan lóga þeim," segir hann.

- ghs




Íbúaþróun á Vesturlandi:

# Engin fjölgun

**BYGGÐAÞRÓUN Íbúum á Vesturlandi hefur ekkert fjölgað síðastliðinn aldarfjórðung. Á þeim tíma hefur mikil uppbygging átt sér stað á svæðinu, meðal annars með byggingu álvers í Hvalfirði og fjölgun starfa samfara því.**

**Meðalmánaðartekjur eru níu prósentum undir landsmeðaltali, allt niður í helming af landsmeðaltali þar sem þær eru lægstar, í Helgafellssveit.**

- sda/sjá síðu 18

## SPURNING DAGSINS



*Árni, voru notaðar fjárklippur í tilefni dagsins?*

„Ég hugsa að þær muni heita fjárklippur upp frá þessu.“

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra skaust í klippingu á Rakarastofu Kjartans og Björns á Selfossi eftir fund með fjárlaganefnd og áður en hann hitti blaðamenn til að kynna nýtt fjárlagafrumvarp.

Fjöldamorð í barnaskóla Amish fólks í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum:

# Fjórir í valnum eftir skotárás

**BANDARÍKIN, AP** Fjórir létust eftir að byssumaður réðst inn í lítinn barnaskóla Amish fólks í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum í gær. Byssumaðurinn svipti sig lífi eftir að hafa skotið þrjár telpur beint í höfuðið. Hann mun hafa verið að hefna atburða sem áttu sér stað fyrir tuttugu árum síðan. Sjö manneskjur lágu jafnframt alvarlega slasaðar á sjúkrahúsi eftir árás mannsins.

Tilkynnt var um atburðinn seint í gærmorgun að staðartíma, eða um klukkan 15 að íslenskum tíma, og flykktust þá lögreglu- og sjúkrabílar á svæðið.

Maðurinn kom ekki úr hópi Amish-fólksins, sem er hópur kristinna bókstafstrúarmanna sem lifir hæglátu lífi í Bandaríkjunum og Kanada og hefur ekki mikil samskipti við umheiminn, notar til dæmis hvorki síma né bíla. Vegna trúar sinnar klæðist það gjarnan dökkum fötum sem minna á ameríska tísku 19. aldar.

Bandaríkjamenn eru harmi slegnir vegna árásarinnar, sem kemur í kjölfar tveggja annarra í skólum í Wisconsin og Colorado í síðustu viku. Á miðvikudag myrti fullorðinn byssumaður sextán ára stúlku í skóla í Colorado, eftir að hafa haldið sex stúlkum í haldi um tíma og kynferðislega misnotað þær áður. Tveimur dögum síðar myrti fimmtán ára nemandi skólastjóra sinn í Wisconsin. - smk



**SKOTÁRÁS** Amish fólk var harmi slegið eftir skotárás í litlum skóla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reyðarfjörður:

# Alcoa barst sprengjuhótun

**LÖGREGLUMÁL** Sprengjuhótun barst símleiðis á skrifstofur Alcoa á Reyðarfirði rétt fyrir hádegi í gær.

Að sögn Ernu Indriðadóttur, upplýsingafulltrúa Alcoa hér á landi, talaði maðurinn sem hringdi inn hótunina ensku en setti ekki fram neinar kröfur í símtalinu. Hún segir þó að brugðist hafi verið við samkvæmt vinnureglum og lögreglan kölluð á staðinn.

Að sögn Ernu fannst ekkert óvenjulegt við leit lögreglu í húsinu og ekki var talin þörf á því að grípa til frekari aðgerða. - þsj



**HAMRAGERÐI 25** Eldur var laus á neðri hæð hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Eldsvoði á Akureyri:

# Þrennt flutt til aðhlynningar

**ELDSVOÐI** Eldur kom upp í íbúðarhúsi við Hamragerði á Akureyri laust eftir miðnætti í fyrrinótt. Eldurinn hafði kviknað í íbúð á neðri hæð tveggja hæða húss og er talið að hann hafi kviknað út frá logandi kerti í svefnherbergi í íbúðinni. Tvennt var vakandi í íbúðinni þar sem eldsupptök áttu sér stað og tókst þeim að vekja þrjá aðra íbúa hússins þegar þeir urðu eldsins varir. Slökkvistarf gekk greiðlega en talsverðar skemmdir urðu á húsinu. Þrír íbúanna voru fluttir á sjúkrahús til aðhlynningar vegna gruns um reykeitrun en útskrifaðir síðar um nóttina. - þsj

Lögheimili í frístundabyggð:

# Ráðherra leggur til bann

**STJÓRNMÁL Skráning lögheimila í frístundabyggð verður óheimil, ef nýtt frumvarp félagsmálaráðherra nær fram að ganga.**

**Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnti málið á síðasta ríkisstjórnarfundi. Samkvæmt frumvarpinu verður ekki hægt að skrá lögheimili í frístundabyggð, nema að sveitarstjórn hafi samþykkt breytingu á skipulagi svæðisins. Lögin munu ekki ná til sumarhúsa sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar.** - ss

# Raforka dýrari hér en víðast í V-Evrópu

**Raforkuverð til heimila á Íslandi er yfir meðallagi miðað við hvað tíðkast í Vestur-Evrópu. Ekkert leyndarmál að stóriðjan nýtur betri kjara en almenningur, segir sérfræðingur Orkustofnunar. Dreifing orku er dýrari hér vegna strjálbýlis.**

**ORKUMÁL** „Það er algengur misskilningur hjá fólki að það sé ódýrt raforkuverð á Íslandi. Upphitun er vissulega hræódýr en hið sama á ekki við um raforkuna sem er að vissu leyti ástæða fyrir því að við sóum henni,“ segir Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkustofnunar. Í nýrri skýrslu Orkustofnunar um orkumál á Íslandi kemur fram að raforkuverð til heimila hérlendis er vel yfir meðallagi miðað við þau lönd í Vestur-Evrópu sem notuð eru til samanburðar.

„Það sem veldur því að stórum hluta að við komum ekki betur út í verðsamanburði er að við búum í stóru landi miðað við íbúafjölda og erum með dreifða byggð. Dreifing og flutningur á raforku á Íslandi er því dýr,“ segir Haukur Eggertsson, sérfræðingur hjá Orkustofnun. „En á móti kemur líka að orkuverð til heimilanna er heldur ekkert mikið ódýrara en það sem gengur og gerist. Og það er verðlagning Landsvirkjunar sem ræður því, á hvaða verði þeir selja raforkuna til sölufyrirtækja í dag.“ Haukur segir enn fremur ekkert leyndarmál að stóriðjan nýtur betri kjara en almenningsveitur þegar kemur að orku frá Landsvirkjun.



**MAÐUR KLÍFUR HÁSPENNUMASTUR** Stóriðja nýtur betri kjara á raforkukaupum en almenningur. Skilyrði fyrir slíkum samningum er að það komi ekki niður á raforkuverði til almennings, að sögn sérfræðings hjá Landsvirkjun.

Edvard G. Guðnason, sérfræðingur hjá Landsvirkjun, segir raforkuverð Landsvirkjunar til smásala vera sambærilegt miðað við verð til smásala í Evrópu og jafnvel lægra. „Til dæmis hefur raforkuverð á hinum Norðurlöndunum hækkað mikið á undanförnum misserum, meðal annars vegna vatnsskorts til að knýja orkuver og lokun kjarnorkuvera.“

Þeir samningar sem gerðir hafa verið vegna stóriðju standa fyllilega undir sér og þeim kostnaði sem þeir eiga að bera, að sögn Edvards. „Enda hefur það verið skilyrði fyrir því að gera þá samninga að þeir eigi ekki að hafa áhrif á raforku til almennings.“

Edvard telur að raforkuverð hér á landi muni ekki hækka að raungildi hér á næstum árum á meðan almennt hækkandi orkuverð í heiminum muni hækka verðið erlendis.

Sigurður Ingi segir raforkuverð hafa farið lækkandi undanfarin. „Og það eru forsendur til staðar til að það verði ódýrara hlutfallslega heldur en í Evrópu. Þar eru menn að reyna að skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa en við erum svo heppin að vera með 100 prósenta raforkuframleiðslu í endurnýjanlegum orkugjöfum. Mikið af raforkuframleiðslu í Evrópu er fengið úr jarðvegseldsneyti á borð við kol og olíu. Og verðið á jarðvegseldsneyti er á uppleið eins og við vitum.“

Sigurður Ingi telur líkur á því að í framtíðinni skilji leiðir í samanburði við Evrópuríki Íslandi í hag þannig að raforkuverð hér verði ódýrara en í Evrópu.

sdg@frettabladid.is



**DAVID CAMERON** Opnaði flokksþing Íhaldsflokksins á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þing breska Íhaldsflokksins:

# Áhersla á félagslega ábyrgð

**BRETLAND** „Félagsleg ábyrgð, það er kjarninn í frjálslyndri íhaldsstefnu,“ sagði David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, við upphaf flokksþingsins í gær.

Hann sagði að Íhaldsflokkurinn hafnaði þeirri stefnu „ríkisábyrgðar" sem Verkamannaflokkurinn hefur fylgt undir forystu Tonys Blair, en vilji í staðinn að almenningur taki sjálft ábyrgð á umhverfi sínu og samfélaginu.

„Félagsleg ábyrgð – það er okkar hugmynd,“ sagði hann í fyrstu ræðu sinni á flokksþingi Íhaldsflokksins sem formaður flokksins. - gb

Hreppsnefnd Grímseyjar:

# Léttir undir með verslun

**BYGGÐAMÁL Hreppsnefnd Grímseyjar mun létta undir með þeim sem vilja taka rekstur einu verslunar hreppsins að sér, með því að greiða afborganir af húsnæði hennar í eitt ár.**

**Garðar Ólason hreppsnefndarmaður tilkynnti þetta á borgarafundi í eyjunni sem haldinn var á fimmtudag vegna fyrirhugaðrar lokunar verslunarinnar. Þetta kemur fram á fréttavefnum Dagur.net.** - ss


BÍLL DAGSINS

CHEVROLET LACETTI 1.8

Nýskr. 04.06 - Beinskiptur - Ekinn 7 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga kostar 35 milljarða króna:

# Gangsetningu kerja er lokið

**ÁLVER** Norðurál, dótturfélag Century Aluminum Company, lauk í gær við gangsetningu allra kerja í álverinu á Grundartanga vegna stækkunar þess og var haldin vígsluathöfn á Grundartanga við það tækifæri. Gert er ráð fyrir að verið afkasti 220.000 tonna árlegri framleiðslu á áli fyrir árslok, en það framleiddi áður um 90.000 tonn. Stækkunarferlinu verður lokið í lok næsta árs, þegar ráðgert er að álverið framleiði alls 260.000 tonn. Jón Þorvaldsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og fjármálasviðs hjá Norðuráli, gat ekki sagt til um hversu mikil mengunaráhrif þessi stækkun hefði í för með sér þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, en sagði það innan núverandi mengunarviðmiða.

Stækkun álversins kostar um 35 milljarða króna og vonast forsvarsmenn Norðuráls að framleiðsluaukningin muni auka útflutningstekjur um allt að 17 milljörðum á ári, þegar fram líða stundir. Að stækkun lokinni er búist við að rúmlega 400 manns sæki vinnu í álverinu og segir Jón Þorvaldsson að um 95 prósent starfsmanna séu Íslendingar. Jón sagði einnig að stækkunin væri „einstakt verkefni“ að því leytinu til að innlendir bankar sæu að mestu leyti um fjármögnun og íslenskir verktakar sæu að miklu leyti um framkvæmdina.



**ÁLVERIÐ Á GRUNDARTANGA** Vígsluathöfn var í gær á Grundartanga vegna aukinnar framleiðslugetu álversins úr 90.000 tonnum í 220.000 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Til vígsluathafnarinnar í gær mættu þeir Logan Kruger, forstjóri Century Aluminum, Craig Davis stjórnarformaður, Jón Þorvaldsson og Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. - kóþ

www.toyota.is

# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU LOKSINS KOMNIR!




* m.v. Bílasamning Glitnis í 84 mánuði með 10% útborgun.

## ÚRVALSBÍLAR MEÐ 12 MÁNAÐA VIÐBÓTARÁBYRGÐ

Bílaleigubílarnir Yaris og Corolla, ásamt úrvali annarra bíla, eru loksins komnir í sölu hjá Toyota Betri Notuðum Bílum. Þeir hafa allir staðist strangt skoðunarferli okkar með glæsibrag og fara því í flokk Úrvalsbíla, með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

Við bjóðum einnig sérkjör á fjármögnun, í samvinnu við Glitni, með lengri lánstíma og hærra lánshlutfalli.

**Hafðu hraðann á því bílaleigubílarnir staldra jafnan stutt við.**

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| 200 Kópavogur | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfoss | 700 Egilsstöðum |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34286 09/2006

## GENGIÐ 02.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,95 | 70,29 |
| Sterlingspund | 131,07 | 131,71 |
| Evra | 88,83 | 89,33 |
| Dönsk króna | 11,91 | 11,98 |
| Norsk króna | 10,688 | 10,750 |
| Sænsk króna | 9,540 | 9,596 |
| Japanskt jen | 0,5915 | 0,5949 |
| SDR | 103,93 | 103,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,6116

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríkjamenn hafa firrt sig ábyrgð á mengun á Suðurnesjum:

# Kostuðu nýju vatnsbólin í Grindavík

**UMHVERFISMÁL** Bandaríkjamenn hafa veitt tólf milljónir dollara, eða um átta hundruð milljónir króna, í ýmis verkefni á Keflavíkurflugvelli og telja sig þar með hafa uppfyllt skyldur sínar. Þetta kemur fram í úttekt sem bandarísk stjórnvöld létu gera á stöðu umhverfismála á varnarsvæðunum í sumar.

Í úttektinni kemur fram að Bandaríkjamenn fjármögnuðu nýtt vatnsból fyrir rúmlega 600 milljónir króna árið 1989 þegar þremur gömlum vatnsbólum Keflvíkinga og Njarðvíkinga var lokað. Mengun hafði mælst í tveimur þeirra en hún var undir bandarískum og evrópskum stöðlum.

Mengunin var til komin vegna afísunarefna af flugvellinum í Njarðvík og frá æfingasvæði slökkviliðsins, að sögn Magnúsar H. Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Hann telur sérkennilegt að engar reglur banni mengun jarðvegs á Íslandi. Ákveðið var í ríkisstjórnartíð Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra og Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra að færa vatnsbólið í hraunið við Grindavík. Bandaríkjamennirnir fjármögnuðu flutninginn gegn því að firra sig frekari ábyrgð. **- ghs**



**RÍKISSTJÓRNIN 1989** Ákveðið var í ríkisstjórnartíð Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra og Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra að láta Bandaríkjamenn kosta flutning vatnsbólanna gegn því að þeir losnuðu undan frekari ábyrgð.

Guðmundur Hallvarðsson:

# Gefur ekki kost á sér til þings

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Hallvarðsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks í Reykjavík og formaður samgöngunefndar Alþingis, tilkynnti í gær að hann hefði ákveðið að gefa ekki aftur kost á sér til þingmennsku. Hann var fyrst kjörinn til Alþingis árið 1991 og hefur setið á þingi síðan.



**GUÐMUNDUR HALLVARÐSSON**

Einnig var hann í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins á árunum 1982 til 1994.

Þegar Guðmundur lætur af þingmennsku hyggst hann snúa sér að uppbyggingu og þjónustu Hrafnistu. **- ss**

Lögreglan í Kópavogi:

# Ungur ökumaður á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Kópavogi stöðvaði sautján ára pilt á 154 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. á sunnudagskvöldið. Pilturinn hafði verið með ökuleyfi í um þrjá mánuði en verður að sögn lögreglunnar væntanlega sviptur ökuréttindum eftir glæfraaksturinn.**

**Þá var bifreið sem í voru fjögur ungmenni innan við tvítugt stöðvuð um ellefuleytið í fyrrakvöld og við leit fannst lítilræði af fíkniefnum á einu þeirra. - þsj**

## LÖGREGLUFRÉTT

### Hraðakstur í borginni

Nítíu og þrír ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík um helgina. Þar af mældust 73 á yfir 100 km hraða. Í nokkrum tilfellum var ekið á tvöföldum leyfilegum hámarkshraða.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forseti Íslands sagði deilurnar um hersetuna hafa hamlað framþróun Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Deilur um hersetuna hömluðu framþróun

**Forseti Íslands telur átökin um veru bandaríska hersins á Íslandi hafa staðið í vegi fyrir framþróun á öllum sviðum samfélagsins. Við setningu Alþingis í gær varaði hann við að nýting náttúrunnar yrði viðlíka hitamál og hersetan.**

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir deilurnar um veru Bandaríkjahers í landinu hafa hamlað framförum á öllum sviðum þjóðlífsins. Við setningu Alþingis sagði hann að kalda stríðið, deilurnar um hersetuna og fjandskapurinn sem skipti þjóðinni í stríðandi sveitir hafi dregið á margan hátt úr getu þjóðarinnar til að sækja fram. „Hjaðningavígin á heimavelli veiktu samtakamátt og kraftinn til nýsköpunar. Aflinu sem hefði mátt verja til framfara á öllum sviðum var beitt í átökum við okkur sjálf.“

Ólafur Ragnar sagði það gleðiefni að svo friðsælt væri í heimshlutanum að Bandaríkjamenn sjái ekki ástæðu til að hafa hér hersveitir. Bar hann jafnframt fram þá ósk að víðtæk og eindregin samstaða skapist um stöðu Íslands í veröldinni og sambúð við aðrar þjóðir.

Náttúran var Ólafi Ragnari einnig hugleikin og sagði hann ýmis merki um að afstaðan til fjandskapurinn kunni að verða viðlíka hitamál og herinn var fyrrum. „Þegar ágreiningurinn um veru hersins hefur nú verið til lykta leiddur með brottför varnarliðsins er afar brýnt að deilurnar um nýtingu náttúru Íslands skapi ekki nýja gjá.“

Ólafur Ragnar sendi Halldóri Ásgrímssyni kærar kveðjur og þakkir fyrir framlag hans á liðnum árum og samstarf þeirra tveggja. Sagði hann Halldór hafa verið áhrifaríkan leiðtoga á umbrotatímum í sögu þjóðarinnar og að vegferð hans úr austfirsku þorpi á alþjóðavettvang væri á vissan hátt táknræn fyrir umskiptin sem orðið hafa.

Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni er starfsaldursforseti þingsins og minntist hún látins þingmanns, Magnúsar H. Magnússonar. Þá stýrði hún kjöri þingforseta og var Sólveig Pétursdóttir ein í kjöri. Hlaut hún 55 atkvæði en sjö sátu hjá.

Sólveig boðaði heildarumbætur á þingstörfunum í sinni ræðu og kvaðst bjartsýn á að hljómgrunnur væri fyrir því í öllum þingflokkum og hjá ríkisstjórn. Markmiðið væri að Alþingi vandi vel verk sín, að löggjöfin væri vönduð og umræður drengilegar og öllum til sóma.

**bjorn@frettabladid.is**

Geir Haarde forsætisráðherra:

# Stefnuræðan flutt í kvöld

Geir H. Haarde forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína á Alþingi í kvöld. Flytur hann nú stefnuræðu í fyrsta sinn, en hann tók við embætti forsætisráðherra 15. júní.



**GEIR H. HAARDE**

Í kjölfarið fylgja umræður um ræðu ráðherra. Fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, mælir fyrir fárlagafrumvarpi ársins 2007 að morgni fimmtudagsins og er áætlað að umræðum um það ljúki síðdegis eða að kveldi sama dags. **- bþs**



**SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR OG JÓN SIGURÐSSON**

Breytingar á Alþingi:

# Sæunn og Jón ný í þinginu

Sæunn Stefánsdóttir tók fast sæti á Alþingi við setningu þess í gær. Hún kemur í stað Halldórs Ásgrímssonar sem afsalaði sér þingmennsku fyrir skömmu. Sæunn hefur nokkrum sinnum sest á þing sem varamaður.

Sú breyting verður í vetur að 64 stjórnmálamenn sitja í þingsalnum þegar mest verður en ekki 63 eins og vanalega. Ástæðan er sú að Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og formaður Framsóknarflokksins, situr þingfundi þegar svo ber undir þótt hann sé ekki kjörinn þingmaður. **- bþs**


50-300.000 kr. AFSLÁTTUR
AF NOTUÐUM VÖGNUM!

| Dæmi: | | VERÐ ÁÐUR: | TILBOÐ: |
|---|---|---|---|
| ÆGIR tjaldvagn ‘06 | YE-125 | ~~660.000~~ | 460.000 |
| PALOMINO COLT ’04 | OM-606 | ~~800.000~~ | 600.000 |
| TEC WELTBUMMLER ‘06 | EH-498 | ~~2.900.000~~ | 2.600.000 |

Skoðið fleiri tilboð og myndir á www.seglagerdin.is

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

SUÐLÆGIR VINDAR

Í dag verður ákveðin sunnanátt vestan til, annars hægari. Skýjað verður um sunnan- og vestanvert landið með lítilsháttar vætu en á Norðaustur- og Austurlandi verður skýjað með köflum og þurrt. Þetta veðurlag verður fram á morgundaginn en eftir hann fer að létta til á ný á landinu sunnan- og vestanverðu með heldur kólnandi veðri.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Sunnan eða suðaustan 5-8 m/s. Skýjað að mestu og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 7-11 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hæg suðlæg átt.

» fimmtudagur



Austan 5-8 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C skúrir | London | 16°C léttskýjað | Alicante | 29°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 10°C léttskýjað | París | 18°C skúrir | Barcelona | 27°C léttskýjað |
| Osló | 15°C skúrir | Frankfurt | 12°C rigning | Algarve | 24°C skýjað |
| Stokkhólmur | 16°C skúrir | Friedrichshafen | 17°C skýjað | Krít | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 15°C skúrir | Berlín | 16°C rigning | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

120 1886 2006

# Launavernd verndar tekjur fjölskyldunnar við launamissi




GOTT FÓLK McCANN

Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fáðu nánari upplýsingar.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans



## KJÖRKASSINN

*Ertu ánægð(ur) með að herinn sé farinn?*

| | |
|---|---|
| Já | 67% |
| Nei | 33% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Ferðu reglulega í messu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Valgerður Bjarnadóttir gefur kost á sér á lista Samfylkingarinnar í borginni:

# Sækist eftir öruggu þingsæti

**STJÓRNMÁL** Valgerður Bjarnadóttir, sviðsstjóri á innkaupa- og vörustjórnunarsviði hjá Landspítala–háskólasjúkrahúsi, gefur kost á sér í 3. til 5. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar í vor. „Það sem rekur mig helst af stað í framboð er að ég tel að sé möguleiki á að reka smiðshöggið á að búa til stóran jafnaðarmannaflokk. Það þurfa allir að leggjast á árar við það og ég vil gjarnan reyna að hjálpa til við það.“

Valgerður sat í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar árin 2002 til 2004 og hefur verið viðloðandi starfið undanfarin ár. „Það ætti ekki að koma neinum á óvart að ég bjóði mig fram þar sem ég hef haft óbilandi áhuga á pólitík. Og nú vil ég athuga hvort fólk telji að ég hafi eitthvað til málanna að leggja.“

Valgerður segir ekki langt síðan ákvörðun um framboð hafi verið tekin en hugleiðingar um framboð hafi verið að velkjast í henni í nokkurn tíma. „Ég hef verið á hliðarlínunni í pólitík í gegnum tíðina og nú vil ég láta á þetta reyna.“

Valgerður er viðskiptafræðingur að mennt og að ljúka meistaranámi í heilsuhagfræði. **- sdg**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR** Vill hjálpa til við að búa til stóran jafnaðarmannaflokk.

Skattar lækka um áramót:

# Skattleysismörk hækka um 14%

**STJÓRNMÁL** Tekjuskattur lækkar um eitt prósent 1. janúar 2007 og verður 22,75 prósent. Þetta kemur fram í nýju fjárlagafrumvarpi sem kynnt var í gær.

Persónuafslátturinn hækkar um leið um 35 þúsund krónur á ári. Þá hækka skattleysismörk úr 79 þúsund krónum í 90 þúsund krónur á mánuði, eða um fjórtán prósent.

Barnabætur verða greiddar með börnum til átján ára aldurs frá og með næsta ári og aukast útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra um tuttugu prósent.

Tryggingagjald lækkar um 0,45 prósent á næsta ári. **- bþs**





**Sparaksturskeppni**

**1. verðlaun 25.000 króna bensínúttekt.**

*Laugardaginn 7. október. Skráning á www.atlantsolia.is*

*Skemmtilegur fjölskyldubíltúr frá Bíldshöfða.*


# Erlendar skuldir geta varla lækkað meira

**Fjármálaráðherra segir erlendar skuldir ríkissjóðs orðnar það lágar að þær verði ekki lækkaðar mikið meira. Fjárlög ársins 2007 gera ráð fyrir 15,5 milljarða króna afgangi. 18 milljörðum verður varið til nýrra framkvæmda á árinu.**

**STJÓRNMÁL** „Staða ríkissjóðs er að styrkjast. Við sjáum fram á meiri styrk til lengri tíma en áður sem gefur okkur aukna möguleika á að gera ýmsa hluti,“ sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra við kynningu fjárlagafrumvarps næsta árs í gær.

Samkvæmt frumvarpinu verða tekjur ríkissjóðs rúmir 373 milljarðar króna en gjöldin tæpir 358 milljarðar. Mismunurinn er 15,5 milljarða króna afgangur. Forsendur frumvarpsins eru talsvert breyttar frá því að langtímaáætlun fjármálaráðuneytisins var gerð og munar þar bæði á tekju- og gjaldahliðinni. Var í langtímaáætlun búist við að tekjurnar yrðu 35 milljörðum lægri og útgjöldin 23 milljörðum lægri. Þá sparar sérstakt aðhald, sem nemur tveimur prósentum í flestum málaflokkum, rúma tíu milljarða frá því sem miðað var við í langtímaáætlun.

Árni Mathiesen segir að þótt tekjuafgangurinn verði nýttur að einhverju leyti til að greiða niður skuldir ríkissjóðs sé ekki lögð á það jafn rík áhersla og áður. „Þær eru orðnar það lágar að við þurfum að hafa sérstaka áætlun í gangi til að halda ríkisskuldabréfamarkaðnum virkum og því má segja að við séum komin á það stig að við getum varla farið með skuldirnar lengra niður.“

Heildartekjur ríkissjóðs árið 2007 lækka um 1,7 milljarða frá því sem ráðgert er að þær verði á þessu ári. Skatttekjurnar lækka um 4,4 milljarða.

Framlög til almannatrygginga og útgjöld vegna barnabóta aukast á árinu. Brotthvarfi varnarliðsins fylgir nokkur kostnaður sem felst fyrst og fremst í yfirtöku Keflavíkurflugvallar og eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar. Rúmum átján milljörðum króna verður varið til nýrra framkvæmda á árinu og fer bróðurhlutinn í samgönguframkvæmdir. Skipting fjárins milli einstakra framkvæmda verður tíunduð í samgönguáætlun sem lögð verður fram síðar í mánuðinum.

Frumvarpið ráðgerir að einkaneysla lækki um tvö prósent á milli ára. Árni segist búast við að fólk eyði minna og fjárfesti síður í neysluvörum á nýju ári „enda hefur manni þótt ansi vel lagt í þá þætti að undanförnu. Heimilin hafa nýtt sér hagstætt gengi og sterka stöðu.“ Hann segir þó ekki víst að fólk finni þetta á eigin skinni en það muni sjást í tölfræðinni. **bjorn@frettabladid.is**



**STERK STAÐA** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir stöðu ríkissjóðs vera að styrkjast. Erlendar skuldir séu orðnar það lágar að þær verði varla lækkaðar meira. Hann kynnti fjárlagafrumvarp ársins 2007 á Selfossi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


**BREYTTUR OPNUNARTÍMI ÚTIBÚA**

Nú eru útibú bankans opin frá kl. 9.00 - 16.00 alla virka daga.

Opið í Kringluútibúi frá kl. 10.00 - 18.00 alla virka daga

KB BANKI

**AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ




Fjármálaráðuneytið kynnir nýja þjóðhagsspá:

# Ný bankalán ollu ójafnvægi

**EFNAHAGSMÁL** Hlutur stóriðju réði ekki úrslitum um aukið ójafnvægi í hagkerfinu heldur leiddu nýjungar á fjármálamarkaði til aukins framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé, sem hafði þau áhrif að snarauka innlenda eftirspurn. Þessar aðstæður voru að miklu leyti ófyrirséðar. Það er mikil einföldun að skrifa ójafnvægi í þjóðarbúskapnum á mistök í hagstjórn. Þetta kom fram í máli Þorsteins Þorgeirssonar, skrifstofustjóra í Fjármálaráðuneytinu, í gær þegar hann kynnti nýja þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Á árunum 2004 og 2005 var hagvöxtur mikill og atvinnuvegafjárfesting mjög fyrirferðamikil. Umsvif á fasteignamarkaði og vöxtur einkaneyslu jukust meira en ráð var fyrir gert, sem rekja mátti til nýjunga á fjármálamarkaði sem voru að mestu ófyrirséðar. Annars vegar var það samkeppni bankanna við Íbúðalánasjóð og hins vegar útgáfa erlendra skuldabréfa í íslenskum krónum. Þótt þetta hafi verið jákvæðar breytingar fyrir þjóðarbúið til lengri tíma hafi þær aukið á ójafnvægið þrátt fyrir vaxandi aðhald í hagstjórn. **- hhs**

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÞJÓÐHAGSSPÁR

- Hægja mun á hagvexti sem verður 4,2 prósent fyrir árið 2006, 1 prósent árið 2007 og 2,6 prósent árið 2008.
- Viðskiptahallinn verður 18,7 prósent af landsframleiðslu fyrir árið 2006 en var 16,1 prósent árið 2005.
- Hratt mun draga úr viðskiptahallanum sem verður 10,7 prósent af landsframleiðslu árið 2007 og 3,8 prósent árið 2008.
- Atvinnuleysi mun aukast úr 1,3 prósentum í ár í 2,1 prósent árið 2007 þegar dregur saman í efnahagslífinu.
- Verðbólgan verður 7,3 prósent í ár, 4,5 prósent árið 2007 og 2,5 prósent árið 2008.
- Tekjuafgangur ríkissjóðs, sem var 5,6 prósent af landsframleiðslu í fyrra, lækkar í 4 prósent í ár og fer í 1,5 prósent árið 2007.
- Árið 2012 verður hagvöxtur þrjú prósent, verðbólga rúmlega 2 prósent og viðskiptahalli um 2 prósent af landsframleiðslu.




BUBBI



Á NASA

tónleikaröð á NASA

BUBBI TEKUR FYRIR PLÖTUNA

ÍSBJARNARBLÚS

TÓNLEIKAR 5. OKT.

Miðasala fer fram í verslunum Og Vodafone í Rvk, á www.nasa.is og virka daga kl. 13 - 16 á Nasa. Tónleikarnir hefjast kl. 21, húsið opnar kl 20.

og vodafone
Heyrumst!

www.nasa.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver þykir líklegastur til að verða næsti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna?
2. Hversu gömul var yngsta vændiskonan sem leitað hefur á náðir Stígamóta?
3. Frá hvaða landi kemur ferjan sem leysir Herjólf af í siglingum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Mikill erill var hjá Lögreglunni í Reykjavík um helgina:

# Um hundrað óku of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Mikill erill var hjá Lögreglunni í Reykjavík um helgina enda töluverður mannfjöldi saman kominn í miðborginni. Alls voru 93 ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur og þar af voru 73 á yfir 100 km hraða. Sá sem keyrði hraðast var mældur á 139 km hraða þar sem hámarkshraði er 80 km á klst og annar mældist á 137 km hraða þar sem leyfilegt er að keyra á 60 km á klst. Þá voru tveir piltar á átjánda ári stöðvaðir á Sæbraut þar sem þeir háðu mikinn kappakstur hvor við annan. Þeir mældust á 131 km hraða og munu að öllum líkindum verða sviptir ökuréttindum líkt og fjölmargir aðrir ökumenn sem voru gripnir.

Fíkniefnalögreglan og almenna deild lögreglunnar stóðu að sameiginlegum aðgerðum í fíkniefnamálum um helgina með því að leita uppi neytendur fíkniefna inni á skemmtistöðum borgarinnar. Skiluðu þær aðgerðir því að uppvíst varð um sextán fíkniefnabrot en að sögn lögreglu voru þau öll minniháttar og efnin sem gerð voru upptæk ætluð til eigin neyslu. Þá voru sjö líkamsárásir tilkynntar og tólf ökumenn teknir fyrir ölvunarakstur. - þsj



**HRAÐAKSTUR** 93 ökumenn voru stöðvaðir af lögreglunni um helgina fyrir of hraðan akstur.

Kárahnjúkaframkvæmdir:

# Fundur í Laugarneskirkju

**KÁRAHNJÚKAR** Málfundur verður haldinn klukkan 20.30 í kvöld í safnaðarheimili Laugarneskirkju. Tilefnið er stólræða séra Hildar Eirar Bolladóttur sunnudaginn 24. september en í henni tók hún skýra afstöðu gegn framkvæmdunum við Kárahnjúka.

Bjarni Bjarnason, framkvæmdastjóri orkusviðs Landsvirkjunar, bauðst til að gera grein fyrir skoðunum sínum og Landsvirkjunar varðandi virkjunarframkvæmdirnar við Kárahnjúka. Í fréttatilkynningu er tekið fram að kirkjan sé kjörinn staður til þess að tala saman um þjóðfélagsmál. - mh


## Eldri borgarar 60+

### Byrjendur



30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 4. október á Akureyri og í Reykjavík.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

### Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 5. október á Akureyri og í Reykjavík.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


# Ofursönnunarbyrði lögð á landeigendur

**Ragnar Aðalsteinsson segir Hæstarétt leggja ofursönnunarbyrði á landeigendur. Landeigendur segja ríkið vera að eignast aftur land sem það hafi þegar selt. Þeir hugleiða að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur úrskurðaði nýlega í máli landeigenda og íslenska ríkisins um mörk þjóðlenda á einni af stærstu jörðum landsins, Stafafelli í Hornafirði. Ágreiningurinn stóð um svæði norðan og austan Jökulsár á Lóni sem óbyggðanefnd hafði á sínum tíma úrskurðað að væri þjóðlenda. Landeigendur höfðuðu þá gagnsök og kröfðust ógildingar á þeim úrskurði. Héraðsdómur dæmdi landeigendum í hag en Hæstiréttur sneri þeim úrskurði síðastliðinn fimmtudag.



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Nýlega úrskurðaði Hæstiréttur að landnámslýsingar ættu að styðja eignarrétt frekar en eignarsaga.

Gunnlaugur Ólafsson, talsmaður landeiganda Stafafells, segir málið mjög sérstakt þar sem ríkið hafi selt langafa hans jörðina árið 1913. Með þessum úrskurði Hæstaréttar er ríkið því að taka aftur land sem það hefur þegar selt án þess að tefla fram neinum heimildum þess efnis að það hafi nokkurn tímann átt landið. „Það er búið að greiða alla skatta af þessari jörð síðan þá og allar opinberar stofnanir hafa viðurkennt tiltekna landeigendur sem eigendur, enda rekja þeir rétt sinn til þessara kaupa af ríkinu með öllum gögnum og gæðum. Við getum sýnt fram á 300 ára eignarsögu á þessu landi. En dómurinn er fastur í því að landnám eigi að styðja eignarsöguna. Þetta er meginstef sem ríkið hefur komið sér upp, að láta landnámslýsingar vega meira en fleiri hundruð ára sögur.“ Gunnlaugur segir tvennt í stöðunni nú, annars vegar geti landeigendur kært ríkið fyrir að selja sér land sem það átti ekki á sínum tíma og hins vegar að leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður landeigendanna, segir að Hæstiréttur sé með dómi sínum að leggja ofursönnunarbyrði á landeigendur. „Það er gert í hag íslenska ríkisins og þar með hverfa lönd sem hafa verið í einkaeign til ríkisins og verða að þjóðlendum. Átakatriðið er fyrst og fremst það að það sé hægt að leggja slíka sönnunarbyrði, sem nær langt aftur í aldir og jafnvel aftur fyrir ritöld á Íslandi, á eigendur jarða.“

thordur@frettabladid.is





Heildarlausnir í lyfturum

Viðurkennd viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**MEÐ RUSLAHAUGANA Í BAKSÝN** Leifur Ölver Guðjónsson, íbúi í Austur-Stafnesi í Sandgerði, segir að rusl hafi fokið úr haugnum og fuglinn hafi borið bein út um allt hraun. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Landeigendur í Stafnesi á Suðurnesjum:

# Vilja landið til baka

**UMHVERFISMÁL** Herinn var með radarskerma rúman kílómetra frá bænum Austur-Stafnesi í marga áratugi og ruslahaug í svipaðri fjarlægð. Landeigendur fengu aldrei notið þess umgengnisréttar um landið sem þeir áttu. Mótmæli höfðu ekkert að segja.

Leifur Ölver Guðjónsson, landeigandi í Austur-Stafnesi, segir að sambýlið við herinn hafi gengið „upp og ofan. Það var stundum yfirgangur. Menn voru handteknir með byssukjafta yfir sér og það var aldrei hægt að nýta rekann vegna þess að þeir voru með landið og létu menn ekki í friði.“

Ruslið fauk úr ruslahaug hersins í Stafnesi í áratugi og var íbúum til ama. Leifur segir að fuglinn hafi borið ruslið „út um allt hraun þannig að þetta var ekkert voðalega skemmtilegt.“ Þá var menguðum jarðvegi af Nikkelsvæðinu sturtað í Stafnesi.

Landeigendur vilja fá landið til baka en þeir hafa nú aðeins um fimm prósent upprunalegu jarðarinnar til umráða. Leifur Ölver segir landið gott undir sumarbústaði og heilsárshús.

„Þetta er stutt frá þéttbýlinu og fólk kemur mikið hingað til að rölta í fjörunni. Ég held að fólki myndi líða ágætlega hér og komast aðeins út úr skarkalanum.“ - ghs


Hjá Hive kostar 8 Mb nettenging það sama og 1 Mb tenging hjá Símanum eða Og Vodafone.
HiveLite 3.990 kr. á mánuði
Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðurhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.
Hive
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Spei-



**JAPANSKT VÉLMENNI** Murata-drengurinn nefnist þetta japanska vélmenni sem getur hjólað á reiðhjóli.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarandstaðan sameinast um þingmál og kosningar í nefndir og ráð:

# Launaleynd verði aflétt

**ALÞINGI** Stjórnarandstaðan ætlar að flytja í sameiningu nokkur grundvallarmál á þingi og voru þrjú þeirra kynnt á blaðamannafundi í gær. Hún ætlar einnig að standa sameiginlega að kosningum í nefndir og ráð á vegum þingsins.

Í fyrsta lagi verður lagt fram frumvarp um nýja framtíðarskipan lífeyrismála með það að markmiði að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Meðal annars er lagt til að komið verði á afkomutryggingu, tengsl lífeyrisgreiðslna við tekjur maka verði afnumin, frítekjumark vegna atvinnutekna hækki í 75 þúsund krónur og ný tekjutrygging verði tekin upp. Þá verði gripið strax til aðgerða til að bæta kjör þessara hópa.



**SAMEIGINLEG MÁL** Stjórnarandstaðan kynnti á blaðamannafundi í gær sameiginleg mál sem verða lögð fram í upphafi þingvetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í öðru lagi er þingsályktun um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og í þriðja lagi verður lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frumvarpið afléttir launaleyndinni og heimilar meðal annars Jafnréttisstofu að fara inn í stofnanir og fyrirtæki og sannreyna launajafnrétti. Þá verða úrskurðir kærunefndar bindandi.

Formenn þingflokkanna munu leggja fram tillögu varðandi stríðið í Írak og einnig tillögu er snýr að raforkuverði. **- ghs**

Systramorðin í Ósló:

# Systurnar áður orðið fyrir árás

**ÓSLÓ** Tvær af systrunum þremur, sem myrtar voru í Ósló á sunnudagskvöld, hafa áður orðið fyrir fólskulegri árás frá manni úr fjölskyldu þeirra. Sá maður er þó ekki sá sami og bróðir þeirra, sem grunaður er um að hafa myrt þær.

Norskir fjölmiðlar héldu því fram í gær að harðar innbyrðis deilur hefðu sett svip sinn á fjölskylduna árum saman. Nágrannar fjölskyldunnar segjast þó furðu lostnir, því þeir hafi ekki kynnst öðru en að þessi fjölskylda væri afar vingjarnleg. Fjölskyldan er ættuð frá Pakistan, þar sem fjölskyldufaðirinn býr. **- gb**


FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



Dr. Assad Kotaite
fyrrum forseti fastaráðs ICAO heldur fyrirlestur um
Framtíð alþjóðlegs flugs
Challenges of international civil aviation

Hátíðarsalur Háskóla Íslands
kl. 16:00, 3. október

Dr. Kotaite gegndi forsetaembætti fastaráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, *International Civil Aviation Organiztion – ICAO* í 30 ár, allt þar til hann lét af því starfi í júlí á þessu ári. Áður hafði hann verið aðalframkvæmdastjóri ICAO um 6 ára skeið og þar áður fulltrúi Líbanon í fastaráðinu, en hann er líbanskur ríkisborgari. Dr. Kotaite hefur komið hingað til lands tvisvar. Fyrst kom hann til landsins árið 1979 til að sæma Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóra æðstu viðurkenningu ICAO, svonefndri Edward Warner orðu, sem Agnar hlaut einkum fyrir störf sín að málefnum alþjóðaflugþjónustunnar. Árið 1994 kom Dr. Kotaite einnig til landsins, og lagði hornstein að nýju flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkurflugvelli ásamt Halldóri Blöndal samgönguráðherra.
Dr. Kotaite, sem hefur í gegnum tíðina reynst öflugur stuðningsmaður íslenskrar flugstarfsemi, er hér á landi í boði samgönguráðherra og Flugmálastjórnar Íslands. Tilefnið er Flugþing 2006 sem haldið verður á Hótel Nordica 4. október nk.
Ásamt því að halda fyrirlestur í hátíðarsal Háskóla Íslands, þann 3. október um framtíð alþjóðlegs flugs, mun Dr. Kotaite einnig ávarpa þinggesti á Flugþingi. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og er opinn öllum.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
MINISTRY OF COMMUNICATIONS




**STAÐIÐ VÖRÐ** Georgískir lögreglumenn hafa fylgst náið með höfuðstöðvum rússneska hersins í Tiblisi síðan í síðustu viku.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fjórum rússneskum hermönnum sleppt

**Enn ríkir spenna í samskiptum Georgíumanna og Rússa. Fjórum Rússum var í gær sleppt úr haldi í Georgíu og héldu þeir til Moskvu ásamt tveimur rússneskum embættismönnum, sem grunaðir voru um njósnir.**

**GEORGÍA, AP** Georgíumenn reyndu í gær að draga úr vaxandi spennu milli þeirra og Rússa, með því að afhenda Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu fjóra rússneska hermenn sem setið hafa í haldi í Georgíu síðan í síðustu viku, sakaðir um njósnir.

Mennirnir héldu til Moskvu í gær með rússneskri flugvél ásamt tveimur rússneskum embættismönnum, sem höfðu verið í felum í höfuðstöðvum rússneska hersins. Georgíustjórn hafði einnig leitað þeirra vegna gruns um njósnir.

Rússnesk stjórnvöld segja þó að áfram verði allar samgöngu- og póstleiðir milli Rússlands og Georgíu lokaðar, sem er afar bagalegt fyrir smáríkið Georgíu, sem er afar háð aðföngum frá Rússlandi. Líklegt þykir að enn muni harðna á spennunni í þessum verstu deilum Rússa og Georgíumanna árum saman.

Tengslin milli landanna hafa löngum verið stirð, en þessi deila hófst þegar Rússarnir voru handteknir í Tyflis á miðvikudag. Rússar brugðust ókvæða við og kölluðu sendiherra sinn og landsmenn heim. Vladimir Pútín Rússlandsforseti fór harkalegum orðum um Georgíustjórn á sunnudag, en sagðist þó ætla að standa við fyrri samninga um að draga rússneska herinn frá Georgíu árið 2008.

Rússar eru ekki sammála stefnu stjórnar Georgíu, sem hefur undanfarin ár vingast við Vesturlönd og vonast eftir inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Mikhail Saakashvili, forseti Georgíu, hefur einnig lofað að færa landið undan áhrifum Rússlands og sameina héruðin Abkasíu og Suður-Ossetíu aftur Georgíu, en þessi tvö héruð hafa í reynd notið sjálfstæðis þótt formlega hafi það ekki verið viðurkennt.

smk@frettabladid.is, gb@frettabladid.is


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


Frjálslyndi flokkurinn leggur fram tillögu um Hálslón á borgarstjórnarfundi :

# Vilja lægri hámarkshæð

**UMHVERFISMÁL** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, mun í dag leggja til að Borgarstjórn Reykjavíkur beini þeim tilmælum til stjórnar Landsvirkjunar að hámarkshæð vatnsborðs í Hálslóni verði 605 metrar en ekki 625 metrar eins og nú er ráðlagt. Með því að lækka lónhæðina, segir í tillögunni, dregur úr hættu á stíflurofi og gerir mögulegt að bregðast við í tæka tíð ef hamfarahlaup verður í Jöklu.

Þá telja Frjálslyndir að flatarmál lónsins muni minnka úr 58 ferkílómetrum í 38 ferkílómetra og tryggja þar með farleiðir hreindýra milli Kringilsárrana og Vesturöræfa og náttúrufyrirbæri á borð við austustu töðuhraukana og Töfrafoss muni ekki fara undir vatn.

Samkvæmt útreikningum Frjálslyndra mun orkugeta Kárahnjúkavirkjunar að hámarki minnka um 26 prósent við lækkunina. Þó kemur fram í tillögunni að líkur bendi til að orkugetan muni minnka umtalsvert minna vegna hlýnandi loftslags sem dregur úr vægi kaldra ára í forðareikningum. **- ss**



**TÖFRAFOSS** Frjálslyndir segja Töfrafoss varinn verði Hálslón lækkað um 20 metra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

★★★★★L

# — Princesa Yaiza —

SUITE HOTEL RESORT

**Lokaferðir í lúxusinn!**

Síðustu ferðir okkar til Lanzarote eru að seljast upp.

**10. okt. – nokkur sæti laus**
**17. okt. – nokkur sæti laus**
**24. okt. – UPPSELT**



## Toppurinn á tilverunni - haustsól á Princesa Yaiza

Yaiza er stórkostlegt 5 stjörnu lúxushótel á Playa Blanca ströndinni á eynni Lanzarote. Hótelið er eitt það glæsilegasta sem stendur ferðamönnum til boða á Kaníareyjaklasanum. Á hótelinu eru 4 veitingastaðir, fjölmargir barir, verslanir, business center og glæsileg heilsulind. Hótelið er á fallegum stað við ströndina, skammt frá fjölmörgum veitingastöðum meðfram standlengjunni og í hjarta bæjarins.

### Eyjan fagra

Lanzarote tilheyrir Kanaríeyjaklasanum en nýtur afgerandi sérstöðu vegna einstakrar veðursældar og hreinleika. Svo fallegt er á eyjunni að heill undraheimur opnast gestum og í ljúfu haustveðrinu geturðu hlaðið batteríin til framtíðar. Lágreist hús, hvítar strendur, einstök menning í mat og drykk og frábær hótel gera heimsókn til Lanzarote að ógleymanlegu ævintýri.













**Princesa Yaiza ☀☀☀☀☀L**

**MasterCard tilboð**

**52.900,-**

m.v. 2 fullorðna í svítu í viku, 10.–17. okt.
Morgunverður innifalinn

**Upplýsingar um aðstöðu**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi herbergja | 400 | Garður | Já | Hárþurrka | Já |
| Fjöldi hæða | 4 | Handklæði við sundlaug | Já | Ísskápur | Já |
| Gestamóttaka | Já | Heilsurækt | Já | Loftkæling | Já |
| Lyftur | Já | Leiksvæði fyrir börn | Já | Sími í herbergi | Já |
| Bar | Já | Skemmtidagskrá | Já | Sjónvarp í herbergi | Já |
| Barnadagskrá | Já | Sólbekkir | Já | Öryggishólf | Já |
| Barnalaug | Já | Sundlaug | Já | | |
| Fjarl. frá strönd | 60 m | Tennisvöllur | Já | | |
| Fundaraðstaða | Já | Veitingastaður | Já/4 | | |

(Sjá frekari upplýsingar um hótelið á www.sumarferdir.is)

Fiton / SÍA

MasterCard
www.kreditkort.is

Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is
Sími 575 1515 – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símabókunargjald er 2.000,- pr. farþega.

# Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.



Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!

**Þú sækir um á www.e2.is**

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka



SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort

Allt í einu korti


Móðir undrast aðgerðaleysi barnaverndaryfirvalda:

# Áreitt með sms

**RÉTTINDAMÁL** Lagabreytingar sem gerðar hafa verið á barnalögum undanfarin ár hafa fyrst og fremst verið til þess fallnar að auka réttindi forsjárlausa foreldrisins. Þetta hefur verið gert á kostnað öryggis barna. Þetta segir Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður konu af erlendum uppruna sem ekki hefur fengið aðstoð barnaverndaryfirvalda á Álftanesi til að sækja barn sitt til forsjárlauss föður. Barninu hefur hann haldið í leyfisleysi frá því í ágúst og hefur það ekki hafið skólagöngu eins og lög gera ráð fyrir.

Þorbjörg segir föðurinn einnig hafa áreitt móðurina með símaskilaboðum um að hann sé farinn til útlanda með barnið og muni ekki snúa til baka. Þetta segir Þorbjörg ekki rétt en segir áreitið valda móðurinni miklum andlegum sárauka.

Móðirin flúði af heimilinu árið 2003 og kærði manninn fyrir ofbeldi. Maðurinn var þó sýknaður þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að konan hefði kunnað að hafa reitt hann til reiði og kynni því að eiga sök á obeldinu. Í fyrstu áttu þau að hafa sameiginlegt forræði en Hæstiréttur hafi úrskurðað móðurina hæfari til að annast barnið árið 2005. Þorbjörg segir málið hafa verið mjög faglega unnið. Hún segir aðgerðaleysi kerfisins óskiljanlegt. - kdk



**BÖRN Í INGUNNARSKÓLA** Nemendurnir halda á merkjum sem þau safna sér inn með góðri hegðun og geta síðan skipt út fyrir verðlaun.

# Hegðun skólabarna mótuð

**Nokkuð hefur verið rætt um hegðunarvandamál í grunnskólum að undanförnu. Erlendar kannanir sýna að notkun PBS-hugmyndafræðinnar minnki líkur á óæskilegri hegðun.**

**SKÓLAMÁL** Nýlega var staddur hér á landi Dr. Jeffrey Sprague frá Háskólanum í Oregon. Tilgangur ferðarinnar var að kynna PBS-hugmyndafræðina (positive behavior support) sem gengur út á að móta hegðun skólabarna á uppbyggilegan hátt. PBS hefur verið notað í Bandaríkjunum í 15 ár og er nú notað í yfir þrjú þúsund skólum þar í landi og víða annars staðar í veröldinni. Kannanir sýna að í þeim skólum þar sem PBS er notað ber minna á óæskilegri hegðun.



**MARGRÉT ÞÓRARINSDÓTTIR OG JEFFREY SPRAGUE**

Jeffrey segir markmið PBS að minnka hegðun sem er til vandræða svo sem andfélagslega- og afbrotahegðun. „Þegar PBS var fyrst notað var áherslan einstaklingsmiðuð en hefur þróast út í vinnu með stærri hópa, svo sem skóla og leikskóla. Segja má að PBS sé að mestu fyrirbyggjandi kerfi þar sem tekið er á hegðunarvandamálum áður en þau verða óyfirstíganleg.“

Jeffrey segir hvern skóla fyrir sig þurfa að skilgreina þá hegðun sem leggja á áherslu á, eins og að fara eftir fyrirmælum, að trufla ekki kennsluna eða vera vingjarnlegur. „Sýnt hefur verið fram á að þeir nemendur sem unnið hafa eftir PBS séu ólíklegri til að leiðast út í afbrotahegðun, vímuefnaneyslu og önnur vandamál síðar meir. Þá hefur verið sýnt fram á að notkun PBS hafi jákvæð áhrif á árangur barna í skóla.“

Sex skólar í Reykjavík nota, eða eru að kynna sér, PBS-kerfið og segir Margrét Birna Þórarinsdóttir, sálfræðingur í þjónustumiðstöð Breiðholts, að uppsetning kerfisins krefjist mikils undirbúnings og samstöðu kennara innan skólanna.

> „Segja má að PBS sé að mestu fyrirbyggjandi kerfi þar sem tekið er á hegðunarvandamálum áður en þau verða óyfirstíganleg.“ **JEFFREY SPRAGUE**

„Það er skilyrði að minnsta kosti 85 prósent starfsmanna skólanna vilji vinna samkvæmt PBS áður en hugmyndafræðin er tekin upp í viðkomandi skóla. Þá þarf hver skóli fyrir sig að útskýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim ásamt því að styðja við æskilega hegðun. Ennfremur er mikilvægt að börnin viti hvað bíði þeirra ef þau fara ekki eftir settum reglum og hvaða umbun þau hljóti ef vel gengur.“

Ingunnarskóli er einn þeirra skóla sem notar PBS-agakerfið. Þar er reynslan mjög góð og segir Svandís Sturludóttir námsráðgjafi að neikvæð hegðun í skólanum hafi farið minnkandi eftir að það var tekið upp. **hugrun@frettabladid.is**

Karl V. Matthíasson:

## Prestur sækist eftir 1.-2. sæti

**STJÓRNMÁL** Karl V. Matthíasson prestur gefur kost á sér í 1.-2. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Hann hefur setið á Alþingi í tvö ár fyrir Samfylkinguna. Síðustu fjögur árin hefur hann starfað sem prestur á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Karl var í stjórn Byggðastofnunar og á nú sæti í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins. **- sþs**



KARL V. MATTHÍASSON

Lula da Silva Brasilíu stendur tæpt að lokinni fyrri umferð forsetakosninga:

# Ásakanir um spillingu drógu úr fylgi Silva

**BRASILÍA, AP** Luiz Inacio Lula da Silva, hinn vinstrisinnaði forseti Brasilíu, náði ekki þeirri yfirburða kosningu nú um helgina, sem flestir höfðu reiknað með fyrirfram. Ásakanir um spillingu virðast hafa ráðið þar úrslitum.

Lula hlaut 48,7 prósent atkvæða í forsetakosningunum, sem haldnar voru á sunnudaginn, og náði þar með ekki þeim ríflega fimmtíu prósentum atkvæða sem þurft hefði til þess að sigra í fyrstu umferð.

Því þarf að efna til annarrar umferðar í lok mánaðarins þar sem Lula etur kappi við helsta mótframbjóðanda sinn, hægri kratann Geraldo Alckmin, fyrrverandi ríkisstjóra í Sao Paolo, sem hlaut 41,6 prósent.

Lula þykir hafa staðið sig vel í efnahagsmálum. Efnahagslíf Brasilíu þykir stöðugt og töluvert hefur dregið úr fátækt. Það voru hins vegar ásakanir á hendur forsetanum um spillingu, sem rétt fyrir kosningar drógu mjög úr fylgi hans.

Mótframbjóðandinn Alckmin gerði lýðum ljóst að hans helsta verkefni í forsetaembættinu, næði hann kjöri, yrði barátta gegn spillingu í stjórn landsins.

„Brasilía verður að hafa siðsama og heiðarlega stjórn,“ sagði hann við fagnandi hóp stuðningsmanna sinna að kvöldi sunnudagsins. **- gb**



**MEÐ FÁNA VERKAMANNAFLOKKSINS** Frá útifundi stuðningsmanna forsetans á Alvoradatorgi í höfuðborginni Brasilíu á sunnudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Sækist eftir fjórða sæti

**STJÓRNMÁL** Helgi Hjörvar alþingismaður, sækist eftir fjórða sæti í sameiginlegu prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmunum sem fram fer 11. nóvember.

Hann segir í tilkynningu sinni að mikilvægt sé að í forystusveit Samfylkingarinnar í kosningunum í vor séu fulltrúar þeirra sem lögðust gegn Kárahnjúkavirkjun til að undirstrika áherslu flokksins á hina nýju umhverfisstefnu Samfylkingarinnar.

Helgi hefur verið þingmaður síðan 2003. **- ss**



HELGI HJÖRVAR

Kristín Á. Guðmundsdóttir:

## Gefur kost á sér í þriðja sætið

**STJÓRNMÁL** Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, býður sig fram í þriðja sæti á lista Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi.

Kristín var fyrsti varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjaneskjördæmi síðasta tímabil sem flokkurinn starfaði á Alþingi og sat í ýmsum nefndum fyrir Alþýðubandalagið í Kópavogi. Hún hefur meðal annars setið í stjórn BSRB, verið forseti Evrópusambands sjúkraliða og verið fulltrúi BSRB í heilbrigðisnefnd evrópusamtaka starfsfólks í almannaþjónustu. **- sþs**



KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Gefur kost á sér í 4.-5. sæti

**STJÓRNMÁL** Gunnar Axel Axelsson hefur tilkynnt að hann sækist eftir 4.-5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi þann 4. nóvember.

Gunnar Axel er Hafnfirðingur og starfar sem sérfræðingur í launa- og kjaramálum hjá Hagstofu Íslands. Auk prófs í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst hefur Gunnar Axel lokið sveinsprófi í framleiðslu frá Hótel- og matvælaskóla Íslands.

Gunnar Axel hefur tekið virkan þátt í starfi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði og situr sem fulltrúi flokksins í miðbæjarnefnd. **- ss**



GUNNAR AXEL AXELSSON


Verktakar

Öryggismerkingar – hindranir o.fl.
á sannkölluðu Múrbúðarverði







Opið mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-17

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## „ORÐRÉTT“

**Heyr heyr!**

*„Kaup á vændi eru ofbeldi en ekki viðskipti.“*

**Séra Þorvaldur Víðisson miðborgarprestur tjáir sig um vændi á Íslandi.**

Fréttablaðið 2. október.

**Ætli hann leki?**

*„Hvergi er betra að hugsa en í vatni.“*

**Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, var nýkominn úr sundi þegar blaðamaður náði sambandi við hann.**

Fréttablaðið 2. október.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐRÚN DÍS EMILSDÓTTIR MARKAÐSRÁÐGJAFI

## *Eins og geimvera í Chile*



„Það er allt svakalega gott af mér að frétta,“ segir Guðrún Dís Emilsdóttir, oftast kölluð Gunna Dís. „Ég skellti mér til Chile í febrúar til að læra spænsku. Stökk eiginlega bara út í djúpu laugina eftir vikulanga umhugsun. Ég kunni ekki orð í spænsku og hafði ekkert spáð í Chile fyrir utan að ein vinkona mín er hálf chilesk. Og þetta var alveg rosalega gaman.

Ég var í höfuðborginni Santíagó sem er gríðarlega heillandi og ég mæli með fyrir alla. Ég held svei mér þá að ég hafi verið eina ljóshærða manneskjan í landinu og það var horft á mig eins og geimveru. Ég komst í hann krappann tvisvar sinnum, einu sinni var ég rænd og í hitt skiptið lenti ég í ryskingum. Á leiðinni heim var millilent á Spáni og ég nennti ekki alveg heim strax og var á Spáni um hríð. Samtals voru þetta fimm mánuðir og ég er orðin meira en mellufær í spænsku.“

Guðrún segist vera í pásu frá útvarpsmennskunni sem hún sinnti í níu ár og starfar nú sem markaðsráðgjafi á Blaðinu. „Einhvers staðar bakvið eyrað er svo að klára mastersnám. Það verður eitthvað tengt annað hvort alþjóðastjórnmálum eða markaðsfræðum.“

**STAÐREYND:**

## APALAUST LAND

■ Ísland er apalaust land. Hér er hreinlega enginn api lengur. Að minnsta kosti svo vitað sé. Ef það er api á landinu er hann falinn af eiganda sínum sem hefur smyglað honum sjóleiðina til landsins. Það er væntanlega smáapi, eða apaköttur, því stór api myndi fljótlega vekja athygli. Erfitt væri sem dæmi að fela górillu í blokk. Ísland hefur þó ekki alltaf verið apalaust land. Sædýrasafnið, Eden og Blómaval buðu gestum sínum upp á fjallhressa apa á árum áður. Einnig var um hríð api einhvers staðar á Álftanesi en sá api er dáinn fyrir alllöngu.



**SJÓNARHÓLL**

**HERLAUST LAND**



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON
FORSTÖÐUMAÐUR FRIÐAR 2000

## *Íbúarnir miklu öruggari*

„Ég tel landið í mun minni hættu nú þegar herinn er farinn og íbúarnir eru miklu öruggari,“ segir Ástþór Magnússon forsetaframbjóðandi um þau stórtíðindi að amerískur her sé horfinn af landinu. „Það kom mjög skýrt fram í forsetakosningunum síðast hvað mér finnst. Ég sá fyrir að það væri bara tímaspursmál hvenær herinn færi. Ég stakk upp á því að aðstaðan sem herinn skildi eftir sig yrði notuð til að koma upp alþjóðlegri miðstöð fyrir friðargæslu í heiminum. Þetta gæti verið fyrsti vísirinn að því að Sameinuðu þjóðirnar flyttu til Íslands. Þau samtök munu aldrei virka sem skildi í New York og fólk þarf að átta sig á því. Það er mikil þörf fyrir svona friðargæslumiðstöð. Ísland er kjörinn staður fyrir svona og þetta myndi gera landið að leiðandi afli í friðarmálum í heiminum.“

# Bjartsýnt fólk kaupir tónlist

**Tónspil er einhver albesta plötubúð landsins, sem væri kannski ekki í frásögur færandi ef búðin væri ekki í Neskaupstað. Pjetur Hallgrímsson hefur rekið verslunina síðan árið 1987. Hann segir að fólk úr höfuðborginni reki upp stór augu þegar það uppgötvi búðina og spyrji af hverju hún sé ekki í bænum.**



**PJETUR HALLGRÍMSSON Í TÓNSPILI** Ætlaði upphaflega að opna billjardstofu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR

„Ég ætlaði fyrst að setja upp billjardstofu,“ segir Pjetur. „Þá var mikil billjardvakning á landinu og það vantaði stofu í bæinn. Ég var kominn með leyfi til að hafa stofuna í sama húsnæði og apótekið, en apótekaranum leist ekkert á þetta og sá fyrir sér sukk og svínarí sem illa passaði apótekararekstrinum. Hann hafði forkaupsrétt að húsinu og nýtti sér hann. Ég hafði alltaf hugsað mér að hafa plötuhorn í billjardstofunni og braut því odd af oflæti mínu og fór og talaði við apótekarann. Þannig festist ég í netinu og hef verið með plötubúð síðan.“

Búðin hefur verið á fjórum stöðum, alltaf í leiguhúsnæði þangað til í fyrra þegar Pjetur flutti búðina í eigið pláss. „Ég legg mikla áherslu á tónlistar-dvd og er líklega með besta úrval landsins, um 800 titla. Diskatitlarnir eru um 4.000 og spanna alla söguna þótt ég sé sterkastur í tímabilinu 1960-1980. Svo er maður að rótast í ýmsu. Ég sel hljóðfæri, er bók- og bleksali bæjarins, er með ýmis raftæki og er umboðsmaður Símans hérna. Svo rek ég gistiheimili á efri hæðinni.“

Pjetur er þess fullviss að búðin hafi haft mikil menningarleg áhrif á byggðarlagið. „Þessir guttar sem voru eins og gráir kettir í búðinni eru núna orðnir fullorðnir menn og segja að sinn smekkur hefði orðið ansi ólíkur ef búðarinnar hefði ekki notið við.“ Kúnnahópurinn er stór og fjölbreyttur, fólk af svæðinu, sjómenn og útlendingar. „Það var ótrúlega mikið af þeim í sumar og mikið spurt um íslenska tónlist. Ég reyni að sinna henni vel og er með eitthvað um 700 íslenska titla.“

Hvað með áhrif af virkjunar- og stóriðjuframkvæmdunum? „Ég sé nú lítið verkamennina hérna í búðinni, en áhrifin eru að það er miklu meiri bjartsýni hér á svæðinu en var. Hér höfðu ekki verið byggð hús árum saman en nú spretta þau upp eins og gorkúlur. Blekið var varla þornað á samningnum þegar húsnæðisverðið rauk upp og fólk fór að mála og dytta að húsunum sínum. Veltan hjá mér hefur aukist svo það er greinlegt að bjartsýnt fólk kaupir frekar tónlist en svartsýnt.“

gunnarh@frettabladid.is



**PJETUR VIÐ TÓNLISTAR-DVD DEILDINA** Líklega besta úrval landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR

allt
bílar
Alla laugardaga

Síðustu sjóstangveiðihópar sumarsins að snúa heim:

# Hafnarvigtin á útopnu

„Þetta er allt á hárréttri leið,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, um sjóstangaveiðiferðamennskuna sem var reynd í fyrsta skipti á Vestfjörðum í sumar. „Þegar við fórum út í þetta töldum við gott ef við næðum 2-300 manns í fyrstu tilraun, en það var fullbókað í allt sumar og rúmlega níu hundruð manns sem heimsóttu okkur.“



**ÓMAR MÁR JÓNSSON** Allt á hárréttri leið.

Sjóstangaveiðimennirnir eru þýskir, koma í vikuferðir til Súðavíkur og Tálknafjarðar, veiða á sérútbúnum bátum og gista í þorpunum, tveir til fimm manns í hóp. Ómar segir ferðamennina hafa dásamað aðstöðuna. „Þeir sem þekkja svona frá Noregi eru miklu ánægðari með aðstöðuna hér og ekki skemmir veiðin fyrir. Þeir eru mest að fá þorsk, en ef þeir fá steinbít eða stóra lúðu er ferðinni reddað. Þá stilla þeir sér upp með fiskinn og taka myndir. Hver gestur má taka með sér tuttugu kíló af flökuðum fiski og allir veiddu auðveldlega upp í þann skammt.“




**ÞÝSKIR SJÓSTANGVEIÐIMENN** Gera sig klára fyrir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/T.H.SIGURÐSSON

Ómar segir gestina hafa verið mikla vinnukarla. „Þeir eru mjög fókuseraðir á veiðina og voru ekkert að velta því fyrir sér hvað væri fyrir utan Súðavík. Þeir eru eiginlega eins og Íslendingar á sólarströnd sem nota síðustu tvo tímana áður en flogið er heim til að liggja í sólbaði, nema hvað Þjóðverjarnir veiða fram á síðustu mínútu. Þetta eru góðir ferðamenn, kurteisir og þægilegir, en kannski full íhaldssamir á budduna.“

Þótt aðalbókunartíminn sé ekki byrjaður eru um þúsund manns þegar búnir að bóka ferðir næsta sumar. Þá bætast við tvö byggðarlög sem bjóða upp á þessa þjónustu, Bíldudalur og Suðureyri. „Þetta er eitthvað magnaðasta ferðaþjónustuverkefni síðustu ára á Vestfjörðum,“ segir Ómar að lokum, ánægður með sumarið og bjartsýnn á framhaldið.

- glh




Borðleggjandi gæði í 50 ár

Egill Árnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

## Svona erum við

> Fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NÆSTI FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

# *Suður-Kóreumaður líklegastur*

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lætur af störfum í lok þessa árs. Sjö þjóðir hafa tilnefnt fólk til starfans og þykir utanríkisráðherra Suður-Kóreu, Ban Ki-moon, líklegastur til að ná kjöri. Auk hans eru frambjóðendur frá Afganistan, Srí Lanka, Jórdaníu, Taílandi, Indlandi og Lettlandi og gætu fleiri bæst í hópinn. Ein kona, forseti Lettlands, er í framboði, en kona hefur aldrei gegnt þessari stöðu. Skemmst er þess að minnast að Annan sagðist telja að tími væri kominn til að kona tæki við af honum, en þó virðist ólíklegt að til þess komi nú.

**Hver velur framkvæmdastjórann?** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, sem 192 þjóðir sitja, kýs framkvæmdastjórann, en fer þó að ráðum öryggisráðsins. Ferlið er síður en svo auðskilið, enda inniheldur það fjölmargar óskrifaðar hefðir og siði. Ein þessara hefða eru hinar mörgu óformlegu kosningar sem fara fram innan öryggisráðsins áður en til endanlegs kjörs kemur. Þó hafa fimm fastameðlimir öryggisráðsins – Kína, Rússland, Bretland, Frakkland og Bandaríkin – endanleg áhrif á úrslitin, því setji einn þeirra sig gegn frambjóðanda, nær sá ekki kjöri. Önnur hefð er sú að staðan er veitt til skiptis eftir heimshlutum, og þykir því líklegt að Asíubúi verði kosinn næst. Frambjóðendur eru valdir af þjóðum sínum og hingað til hefur í raun ekki verið um eiginlega kosningabaráttu að ræða, en nú lítur út fyrir að það sé að breytast því frambjóðendurnir hafa haldið ræður á hinum ýmsu fundum SÞ undanfarið.



**Hversu lengi situr framkvæmdastjórinn í starfi?** Staðan er veitt til fimm ára í senn og getur hver framkvæmdastjóri lengst setið í tvö kjörtímabil. Annan hefur setið síðan í byrjun árs 1997.

**Hver verða helstu viðfangsefni nýja framkvæmdastjórans?** Takist Annan ekki að leysa vandamál Súdans á næstu mánuðum, verða átökin í Darfúr eitt fyrsta verkefni nýja framkvæmdastjórans. Jafnframt getur hann búist við að þurfa að takast á við kjarnorkuáætlun Írans, sem og að endurskipuleggja stjórnun SÞ, en ásakanir um eyðslu og lélega stjórnun hafa gengið fjöllum hærra þar á bæ undanfarið.

## SPURT OG SVARAÐ
MANSAL Á ÍSLANDI

### *Við verðum að hjálpa*

Lögreglan leitar að íslenskum manni sem seldi tvær pólskar stúlkur í kynlífsþrælkun undanfarna mánuði. Stúlkurnar eru farnar úr landi. Þær sögðu manninn hafa hirt mest allt sem þær fengu. Lögregla hafði afskipti af stúlkunum fyrir viku en maðurinn sem þetta gerði stúlkunum hefur ekki fundist.


EINAR SKÚLASON

Hafa konur leitað til ykkar eftir að hafa verið gerðar út í vændi? Það hefur gerst en aðstæður hafa verið misjafnar.

Hvað viljið þið bæta? Við viljum bæta upplýsingastreymið í samfélaginu þannig að fólk sem er beitt misrétti átti sig betur á aðstæðum sínum. Allir þeir sem hingað koma til lands eiga að þekkja sín réttindi. Einnig er mikilvægt að allir landsmenn fylgist vel með því sem á sér stað í kringum það og taki þátt í því að reyna að koma fólki í slæmum aðstæðum sem þessum til hjálpar. Það tekst aldrei að útrýma svona ef einstakar stofnanir eins og Alþjóðahúsið og lögreglan eiga að gera það ein.

Hvað ráðleggur þú fólki að gera? Að leita til lögreglu eða Alþjóðahúss. Fyrir þá sem eru í slíkri stöðu bendi ég á að við erum með ráðgjöf og í góðu samstarfi við Kvennaathvarfið. Það er hægt að finna úrræði, sama hversu slæm staðan kann að virðast vera.


## Tölvunám

### Byrjendur

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði, ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með reglulegum upprifjunum. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Internetið og tölvupóstur

Kennsla hefst 4. október og lýkur 30. október. Kennt mánudaga og miðvikudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.
Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Allt kennsluefni innifalið.

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða eru að vinna við tölvu og vilja auka við þekkingu sína hraða og færni.

- Windows skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennsla hefst 17. október. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.
Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,- Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


# Kallað eftir lokun Guantanamo

**Þótt alþjóðir hafi kallað eftir lokun Guantanamo fangabúða bandaríska hersins á Kúbu, gengur hægt að rýma þær. Tveir ungir Bretar, aðalhetjur heimildarmyndarinnar Leiðin til Guantanamo, fara þó sínar eigin leiðir í að reyna að fá búðunum lokað; þeir segja sögu sína.**


**RHUHEL AHMED OG ASIF IQBAL** Ahmed (t.v.) og Iqbal eru hér á landi vegna heimildarmyndar um Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu.

„Við verðum að segja frá þessu, því það sitja enn yfir fjögur hundruð menn án nokkurrar ákæru í Guantanamo-búðunum þó að okkur hafi verið sleppt," segir Asif Iqbal, en hann og félagi hans, Rhuhel Ahmed eru breskir ríkisborgarar af pakistönskum uppruna frá Tipton í Bretlandi sem sátu í Guantanamo-fangabúðum bandaríska hersins á Kúbu í tvö ár. Iqbal og Ahmed eru staddir hér á landi nú í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík og Amnesty International á Íslandi og hittu blaðamann Fréttablaðsins að máli í gær.

Iqbal, Ahmed og vinur þeirra Shafiq Rasul, sem oftast eru kenndir við heimabæ sinn og kallaðir Tipton þremenningarnir, náðu athygli kvikmyndagerðarmannsins Michael Winterbottoms og ákváðu þeir í sameiningu að gera kvikmynd um lífsreynslu ungu mannanna.

Kvikmyndin, Leiðin til Guantanamo (The Road to Guantanamo), var frumsýnd á Íslandi í gær.

**Kvikmyndin**

„Við vildum í fyrstu ekki gera myndina, við vildum bara reyna að fara að lifa eðlilegu lífi á ný, en það er bara ekki hægt," sagði Iqbal.

„Michael hélt áfram að hringja í okkur og loks ákváðum við að kannski væri besta leiðin sú að segja frá," bætti Ahmed við.

Kvikmyndin sameinar raunveruleika og skáldskap, þar sem viðtöl við þremenningana eru klippt inn í leikin atriði sem lýsa eiga aðstæðum í Guantanamo.


**GUANTANAMO-BÚÐIRNAR** Fréttamynd sem bandaríski herinn sendi frá sér úr Camp X-ray í Guantanamoflóa-fangabúðunum á Kúbu. Yfir 400 manns sitja þar enn án formlegrar ákæru.
NORDICPHOTOS/AFP

Iqbal, Ahmed og Rasul eru æskuvinir sem flugu frá Bretlandi til Pakistan árið 2001 til að mæta í brúðkaup Iqbals, en allir eru þeir múslimar. Meðan á dvöl þeirra í Pakistan stóð ákváðu þeir að fara yfir til Afganistans bæði til að skoða landið og til að bjóða fátækum íbúum þess þá aðstoð sem þeir gátu.

En hlutirnir fóru á versta veg, þeir voru handteknir ásamt tugþúsundum annarra manna og fluttir fyrst í fangelsi í Afganistan og síðar til Guantanamo-fangabúðanna á Kúbu, þar sem þeir segjast hafa mátt sæta daglegum yfirheyrslum, stundum í tólf tíma á dag, pyntingum og öðrum hryllingi.

„Við lifðum í stöðugum ótta um líf okkar, allan liðlangan daginn," sagði Iqbal.

Iqbal og Ahmed eru báðir 25 ára gamlir nú, en Rasul er fjórum árum eldri en þeir. Þeir voru meðal hinna fyrstu sem leystir voru úr búðunum, en í marsmánuði árið 2004 voru þeir sendir til Bretlands, þar sem þeim var sleppt úr haldi daginn eftir, án nokkurrar ákæru.

Þeir ákváðu að þegja ekki um reynslu sína og í ágúst sama ár lögðu þeir fram kæru á hendur bandaríska ríkinu vegna misþyrminga og meðhöndlunar sem nálgaðist pyntingar. Það mál er enn fyrir dómstólum.

„En það skiptir okkur í raun engu máli hvort við fáum nokkrar skaðabætur, svona lagað er ekki hægt að bæta. Það sem skiptir máli er að stöðva framgöngu Bandaríkjanna í Guantanamo málinu," sagði Iqbal, sem kvæntist loks unnustu sinni í fyrra, fjórum árum eftir að brúðkaupið átti upphaflega að fara fram. Var brúðkaupið fest á filmu og er meðal atriðanna í myndinni.

**Guantanamo verður að stöðva**

Enn sitja nær fimm hundruð menn í Guantanamo fangabúðunum og eingöngu um tíu þeirra hafa verið birtar formlegar ákærur.

„Það sem þeir gera þarna er rangt; þú getur ekki bara pyntað fólk árum saman og bara sleppt þeim svo lausum," sagði Iqbar.

Tipton-þremenningarnir, sem hafa ferðast með kvikmyndinni víða um heim, vona að Leiðin til Guantanamo muni hjálpa til við að búðunum verði loks lokað, líkt og Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og fjölmargir leiðtogar vestrænna þjóða, hafa kallað eftir.

„Við hvetjum fólk til að skrifa sig á undirskriftalista Amnesty sem kallar eftir lokun búðanna, sem síðan verður sendur Bush forseta," sagði Iqbal. „Þetta getur hent hvern sem er. Þetta gæti komið fyrir föður þinn, son þinn, þig. Þetta er hernaður í nafni frelsis og við höfum lög, alþjóðalög sem eiga að koma í veg fyrir svona lagað, en samt sem áður sitja enn yfir fjögur hundruð menn í þessum búðum."

„Fólk sem við hittum í Guantanamo árið 2002 situr þarna enn," bætti Ahmed við.

**Málþing**

Íslandsdeild Amnesty International og Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík efna til málþings um Guantanamo fangabúðirnar og kvikmynd Winterbottoms í Iðnó klukkan 18 í dag.

Iqbal og Ahmed munu lýsa reynslu sinni og taka þátt í pallborðsumræðum ásamt Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur, framkvæmdastjóra Íslandsdeildar Amnesty International, og Hrafnhildi Gunnarsdóttur kvikmyndagerðarmanni. Davíð Þór Jónsson varaformaður Íslandsdeildar Amnesty International stýrir umræðum.

Kvikmyndin verður sýnd í Tjarnarbíói að málþinginu loknu (klukkan 20.10) og einnig á laugardag klukkan 22. Iqbal og Ahmed munu svara spurningum áhorfenda eftir sýningu myndarinnar í kvöld.


FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is


FACTOR
STÆRSTI
SJÓNVARPSVIÐBURÐUR
Í 20 ÁRA SÖGU STÖÐVAR 2
STÓRA STUNDIN ER RUNNIN UPP...
ÁHEYRNARPRUFUR VERÐA Í DAG
KL. 14 Á HÓTEL KEA, AKUREYRI.
ALLIR ELDRI EN 16 ÁRA ERU VELKOMNIR.
Í SAMSTARFI VIÐ
Esso
Áheyrnarprufur verða á Hótel Nordica, Reykjavík 14. okt.
www.xfactor.is

## Flóttinn af landsbyggðinni

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is






# Engin fólksfjölgun í aldarfjórðung

**Íbúafjöldi á Vesturlandi hefur staðið í stað á síðustu 25 árum þrátt fyrir að landsmönnum hafi fjölgað um þriðjung. Meðaltekjur eru allt niður í helming af landsmeðaltali.**

Engin íbúafjölgun hefur átt sér stað á Vesturlandi síðastliðinn aldarfjórðung. Á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um þriðjung.

Ef fjölgunin í landshlutanum hefði haldist í hendur við fjölgun á landsvísu væru íbúar á Vesturlandi 18.400 talsins í stað 14.800, eða þriðjungi fleiri. Það er fjölgun sambærileg við núverandi íbúafjölda í Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ og Snæfellsbæ samanlagt.

Innan landshlutans hefur mesta fólksfækkunin verið í Dalabyggð, þar sem tveir af hverjum fimm íbúum hafa flust brott á tímabilinu. Íbúum hefur fjölgað mest í Grundarfjarðabæ, um fjórðung.

### Meðaltekjur allt niður í helming

Meðaltekjur í Helgafellssveit eru 163 þúsund krónur, helmingur af meðalmánaðartekjum á landinu. Meðaltekjur íbúa á Vesturlandi í fyrra voru að jafnaði um níu prósentum undir meðaltekjum á landsvísu, um 298 þúsund krónur á mánuði.

Hæstu tekjurnar voru í Stykkishólmi, 384 þúsund, sem er tæplega fimmtungi yfir meðaltekjum á landsvísu, sem eru 327 þúsund.

Munurinn á hæstu og lægstu tekjum í sveitarfélögunum í landshlutanum er því vel rúmlega tvöfaldur.

Hlutfall útlendinga í landshlutanum er hið sama og á landsvísu, um fimm prósent. Í tveimur sveitarfélögum er hlutfallið þó helmingi hærra, Grundarfirði og Snæfellsbæ, og í Eyja- og Miklaholtshreppi eru útlendingar 17 prósent íbúa. Atvinnuleysi mælist alls staðar undir meðaltali í landshlutanum.

### Fermetraverð langt undir meðaltali

Meðalfermetraverð íbúðarhúsnæðis á Vesturlandi er langt undir meðaltali á landinu. Meðalverð í landshlutanum öllum er um 105 þúsund krónur á fermetrann ef miðað er við kaupverð íbúðarhúsnæðis árið 2005 þar sem fjöldi kaupsamninga er þrjátíu eða fleiri. Hafa þarf þó þann fyrirvara á að tölurnar eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamanburð milli þeirra.

Verðið er lægst í Snæfellsbæ, um 66 þúsund krónur á hvern fermetra, en hæst á Akranesi, þar sem það er tæplega helmingi hærra, 118 þúsund krónur fermetrinn. 150 fermetra íbúðarhúsnæði kostar samkvæmt þessu tæpar tíu milljónir í Snæfellsbæ en tæpar átján milljónir á Akranesi. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir að meðaltali. Íbúi í Snæfellsbæ sem selur 150 fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið getur því keypt um 52 fermetra íbúð fyrir andvirðið.

### Óeðlilega lítil hreyfing á eignum

Þá má skoða fjölda kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa, en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samninga á hverja þúsund íbúa. Í tveimur af tíu sveitarfélögum á Vesturlandi var fjöldi kaupsamninga yfir meðaltali; á Akranesi og í Stykkishólmsbæ. Í öllum hinum var óeðlilega lítil hreyfing á eignum og lítið um kaup og sölu, og í fjórum sveitarfélögum voru gerðir tíu kaupsamningar eða færri á árinu. Í tveimur sveitarfélögum var enginn samningur gerður.

### MEÐALMÁNAÐARTEKJUR

| | |
|---|---|
| **Vesturland alls** | **297.712 kr.** |
| Akraneskaupstaður | 323.172 kr. |
| Skorradalshreppur | 260.067 kr. |
| Hvalfjarðarsveit | 287.654 kr. |
| Borgarbyggð | 247.357 kr. |
| Grundarfjarðarbær | 310.500 kr. |
| Helgafellssveit | 163.601 kr. |
| Stykkishólmsbær | 384.072 kr. |
| Eyja- og Miklaholtshr. | 310.287 kr. |
| Snæfellsbær | 304.310 kr. |
| Dalabyggð | 217.179 kr. |
| **Höfuðborgarsvæðið** | **353.724 kr.** |
| **Landið allt** | **326.782 kr.** |

### MEÐALTEKJUR ÁRIÐ 2005

Meðaltekjur á Vesturlandi árið 2005 eru 91% af landsmeðaltali




9% vantar upp á að meðaltekjur á Vesturlandi nái landsmeðaltali

## Sjö af tíu á úreldingarlista

Setja má sjö af tíu sveitarfélögum á Vesturlandi á úreldingarlista ef tekið er mið af kenningum tveggja bandarískra landfræðinga um dauðvona sveitarfélög.*

| Viðmiðunarmörk: | 1 | | 2 | | 3 | | 4 | | 5 | | 6 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag: | Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi | | Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug | | Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km² | | Meðalaldur er 38 ár eða hærri | | Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali | | Fjöldi kaupsamn. vegna íb.húsn. 2005 er undir landsmeðaltali** | |
| Akraneskaupstaður | nei | +11% | nei | +13% | nei | 640,7 | nei | 35,2 | nei | -1% | nei | 56,4 |
| Skorradalshreppur | nei | -7% | nei | +31% | já | 0,31 | nei | 37,3 | já | -20% | já | 15,6 |
| Hvalfjarðarsveit | nei | +7% | nei | +10% | já | 1,22 | nei | 34,1 | já | -12% | já | 24,9 |
| Borgarbyggð | nei | +3% | nei | +9% | já | 0,74 | nei | 35,1 | já | -24% | já | 20,1 |
| Grundarfjarðarbær | nei | +24% | nei | +9% | nei | 6,4 | nei | 32,5 | nei | -5% | já | 28,8 |
| Helgafellssveit | nei | -37% | já | -19% | já | 0,22 | já | 40,1 | já | -50% | já | - |
| Stykkishólmsbær | nei | -3% | já | -10% | nei | 116,9 | nei | 36,2 | nei | +18% | nei | 58,4 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | nei | -35% | nei | -6% | já | 0,36 | nei | 35,9 | nei | -5% | já | - |
| Snæfellsbær | nei | -14% | nei | -4% | nei | 2,53 | nei | 31,9 | nei | -7% | já | 21,2 |
| Dalabyggð | nei | -41% | já | -15% | já | 0,29 | já | 39,9 | já | -34% | já | 14,0 |

**Fjöldi kaupsamninga á hverja 1.000 íbúa. Landsmeðaltal er 44,8.

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður.

Sveitarfélögin sjö sem setja má á úreldingarlista eru: Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur og Dalabyggð. Þau þrjú sem framtíðina virðast eiga fyrir sér eru: Akranesbær, Stykkishólmsbær og Snæfellsbær.

*Kenningar hjónanna Deborah og Frank Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag væri dauðvona. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.

Þetta er fjórða greinin af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðaþróun. Á morgun verður fjallað um Vestfirði.




LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA

# MIKHAIL GORBACHEV

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN OG MAÐUR NÍUNDA ÁRATUGARINS AÐ MATI TIME SNYR
AFTUR TIL REYKJAVÍKUR 20 ÁRUM EFTIR AÐ HANN BREYTTI SÖGUNNI

HÁSKÓLABÍÓI 12. OKTÓBER KL. 17:00

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA ER HAFIN**

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Á CONCERT.IS -EINNIG ERU SELDIR MIÐAR Í ÖLLUM VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á AKUREYRI, SELFOSSI OG EGILSSTÖÐUM

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosningaþing kemur saman:

## Frá styrkleika til spurninga

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Á marga lund háttar þannig til við upphaf síðasta þings kjörtímabilsins að pólitíkin er í minna mæli fyrirsjáanleg en oftast nær áður við þær aðstæður. Óvæntir atburðir liggja að vísu ekki í loftinu. En að ýmsu leyti sýnist margt vera á huldu um hvert stefnir.

Fjárlagafrumvarpið ber þess glögg merki að efnahagur þjóðarinnar er afar sterkur. Í sannleika sagt endurspeglar það mikla almenna velsæld. Ríkisstjórnin getur verið ánægð með þá mynd. Í henni felst vissulega pólitískur styrkur.

Lagðar hafa verið nýjar línur í varnar- og öryggismálum. Óvissu þar um hefur verið eytt með skýrri stefnumótun um langtíma áframhaldandi varnarsamstarf við Bandaríkin og aðild að Atlantshafsbandalaginu. Sú niðurstaða er tákn um mikilvæga pólitíska kjölfestu.

Á móti þessari sterku stöðu kemur að þrálátur halli á viðskiptum við útlönd er vísbending um að við lifum áfram, að hluta til að minnsta kosti, umfram efni. Í því ljósi hefði tekjuafgangur fjárlaganna þurft að vera meiri.

Seðlabankanum hefur ekki tekist að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum með þeim ráðum sem honum hafa verið fengin. Það sem verra er: Fátt bendir til þess að bankanum muni takast það á allra næstu árum.

Í sjálfu sér hafa ekki verið pólitískar deilur um hlutverk og leikreglur Seðlabankans þó að einstakar ákvarðanir hans hafi orkað tvímælis eins og gerist og gengur. En því fremur kallar efnahagslegur óstöðugleiki á umræðu og nýja framtíðarsýn í peningamálum.

Hér er ekki verið að kalla á einfaldar lausnir. Þær eru sannast sagna ekki til. En þó að trúin á það góða sé mikilvæg á þessum vettvangi eins og annars staðar í tilverunni dugar hún ekki ein og sér til að koma málum í varanlegt jafnvægi.

Ýmis nýmæli hafa komið fram í skólamálum á síðustu mánuðum. Þar má nefna hugmyndir um nýtt skipulag framhaldsskólanna og metnaðarfull markmið Háskóla Íslands.

Á þessu einhverju mikilvægasta sviði þjóðfélagsstarfseminnar er einfaldlega talsverð gerjun. Það verður því eðlilega fylgst með því hvernig þetta þing mun vinna að því að gera nýjar hugmyndir í menntamálum að veruleika í daglegu lífi.

Þó að fjármunir renni nú í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr til heilbrigðismála sýnast innri átök í heilbrigðiskerfinu vera eitt helsta vandamál þess. Engum vafa er því undirorpið að hlustað verður eftir hugmyndum um skýrari markmið heilbrigðisþjónustunnar og leiðir og aðferðir til að ná þeim.

Loks er rétt að minna á að í kerfi samsteypustjórna er það sjálfstæð pólitísk list að sýna fram á hvernig ætlunin er að ná stefnumálum fram í samvinnu við aðra. Kjósendur eiga líka rétt á að heyra um raunhæf áform flokkanna í þeim efnum. Spurningum þar að lútandi hefur lítt verið svarað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flottur ráðherra

Fulltrúar fjárlaganefndar þurftu að skunda á Selfoss í gærmorgun til að funda með fjármálaráðherra um nýtt fjárlagafrumvarp. Voru ekki allir sáttir við það en létu sig hafa það. En skýringin á staðarvalinu var ef til vill ekki langsótt. Eftir fund með fjárlaganefnd gafst ráðherra nefnilega tími til að skjótast til Kjartans Björnssonar rakara á Selfossi. Mætti hann svo nýklipptur og flottur á fund með blaðamönnum þar sem hann sat fyrir og útskýrði meginþætti fjárlagafrumvarpsins. Er Kjartan nú kallaður Kjördæmisklippari Suðurlands.

### Árni varaformaður?



Samfylkingarfólk er enn hundóánægt með að Vinstri grænir hafi greitt leið sjálfstæðismannsins Halldórs Halldórssonar í embætti formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga en sniðgengið Smára Geirsson í Samfylkingunni. Er í þess röðum fullyrt að ástæðan fyrir afstöðu Vinstri grænna sé fyrst og fremst sú að Samfylkingin vildi ekki styðja Árna Þór Sigurðsson í embættið en opinber ástæða Vinstri grænna var að Smári væri um of tengdur stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi, sem VG var – og er – á móti. Nú er um það skrafað að í staðinn fyrir stuðninginn hafi Árna verið heitið varaformannsembættið í Sambandinu. Stjórn kýs sér varaformann og skýrist á fyrsta fundi nýrrar stjórnar hvort kenningin sé rétt.

### Útskýringa óskað



„Einhvern veginn setur Guðni sig jafnan í þannig stöðu í Framsókn að formenn taka ekki mark á honum. Hvorki Jón né forveri hans Halldór telja skipta máli að tala við hann. Menn geta pælt í af hverju. Sjálfur er ég of kurteis til að skrifa það svart á hvítu. Guðni hefur þó tilfinningagreindina í lagi og honum sárnar að vera settur í öllum málum út á frerann einsog flöskubrot,“ segir Össur Skarphéðinsson á heimasíðu sinni. Hvað er Össur of kurteis til að skrifa? Hvað á hann við að Guðni hafi þó tilfinningagreindina í lagi?

bjorgvin@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Verkefni umhverfisverndar



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Í DAG | Hagsmunir samtíðar og framtíðar fara saman

Ýmsir flögguðu á fimmtudaginn, sumir í heila stöng og aðrir í hálfa. Þann dag hófst fylling Hálslóns eins og alþjóð veit. Snarpar umræður og deilur um þessa stóru framkvæmd hafa staðið í mörg ár og nú er mál að linni. Kárahnjúkavirkjun er komin til að vera og rykið þarf að setjast áður en við kveðum upp úr um réttmæti hennar. Þeirri spurningu verður í raun ekki svarað fyrr en eftir nokkra áratugi. Umræðan var þörf en varð of persónuleg og víða hafa myndast sár í mannlífi sem virðast ætla að gróa seint og illa. Margir eru þess fullvissir að án virkjunar og álvers hefði mannlíf á Austurlandi staðið höllum fæti til framtíðar og jafnvel ekki átt sér framtíð. Þeir hafa rétt til þess að hafa þá skoðun. Aðrir eru þess fullvissir að virkjunin muni aldrei standa undir beinum byggingarkostnaði, hvað þá fórn einstakra náttúruperla og engu breyta um framtíð Austurlands. Þeir hafa líka rétt til að hafa sína skoðun.

Náttúruverndarsinnar hafa næg verkefni þótt þessum átökum linni. Vinnu við rammaáætlun þarf að ljúka og öll þjóðin að koma að umræðunni nú þegar en ekki þegar framkvæmdir eiga að hefjast. Þar þarf m.a. að kveða skýrt á um friðuð svæði. Það er ekki rétt að jarðvarmavirkjanir séu alltaf af hinu góða eins og stundum mætti ætla af umræðunni. Þar þarf líka að stíga varlega til jarðar, ekki síður en í vatnsaflsvirkjunum. Mikilvægast er að við komum okkur saman um hvar á að virkja og hvar ekki, einkum það síðarnefnda því nægar hugmyndir um virkjanir eru á teikniborðinu. Það er óhjákvæmilegt að taka ákvarðanir um verndun landsvæða, óafturkallanlegar til a.m.k. 100 ára. Friðun reyndist lítils virði þegar á reyndi. Slíkt má ekki gerast oftar. Friðun landsvæðis verður að merkja friðun og vera treystandi.

Hlutverk umhverfisverndarsinna er að setja fram spurningar, gagnrýna og efast. Nú verða þeir að snúa sér í auknum mæli að öðrum verkefnum. Af nógu er að taka. Jarðvarmavirkjanir eru þar á meðal og krefjast þarf svara við ýmsum áleitnum spurningum áður en framkvæmdir hefjast. Hvað er t.d. að gerast á Reykjanesi? Þar virðast vera hræringar neðanjarðar sem birtast í breytingum ofanjarðar en enginn veit hvað er að gerast né hvers vegna. Eru þetta afleiðingar virkjunarframkvæmda eða er náttúran sjálf að hrista sig? Við höfum nægan tíma til að vega og meta kosti og galla hugsanlegra virkjana og vísindamenn okkar búa yfir mikilli þekkingu sem við þurfum að nýta til hins ýtrasta. Við höfum hins vegar ekki efni á að fórna hagsmunum framtíðarinnar fyrir einhverjar krónur núna.

*Friðun reyndist lítils virði þegar á reyndi. Slíkt má ekki gerast oftar.*

Slagkraftur umhverfisverndar er mikill eins og hefur sýnt sig að undanförnu. Það er mikilvægt að virkja þann kraft til góðra verka á ýmsum sviðum. Margar vatnsaflsvirkjanir eru enn á teikniborðinu sem þarf að ræða og margar þeirra þarf að taka út af teikniborðinu fyrir fullt og allt. Við eigum fjölmargar náttúruperlur sem eru mikils virði í dag frá öllum sjónarhornum séð. Slík verðmæti vaxa með tímanum en virkjanir ganga úr sér og eru afskrifaðar á tiltölulega skömmum tíma. Við höfum engan rétt til að fórna dýrmætustu perlunum okkar, mestu verðmætunum til lengri tíma litið, fyrir skammtímagróða. Þess vegna verðum við að velja, eftir bestu getu og þekkingu, verðmætustu perlurnar og taka þær frá. Gullfoss var almennt ekki talinn mikils virði þegar til stóð að virkja hann á sínum tíma. Sú kynslóð sem þá bjó í nágrenni fossins hefði haft meira upp úr krafsinu með virkjun. En framsýni réð og í dag malar Gullfoss gull og er ein okkar verðmætasta perla, metið í krónum og aurum, burtséð frá þjóðarvitund sem seint verður metin til fjár. Virkjun hans væri hins vegar löngu orðin úrelt og úr sér gengin ef til hefði komið. Við erum svo lánsöm þjóð að við getum leyft okkur að hafa hagsmuni framtíðarinnar að leiðarljósi, það þarf ekki að fórna hagsmunum samtímans til þess.

## Á ESB sér framtíð?

**Umræðan**

Grein Péturs B. Þorsteinssonar er birt í heild á Visir.is undir Skoðanir.



PÉTUR BJÖRGVIN ÞORSTEINSSON

Af orðum Barosso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, sem hann lét falla nýverið er ekki hægt að ráða annað en að Rúmenía og Búlgaría séu síðustu löndin sem fá að bætast við ESB þar til að deilan um stjórnarskrársáttmálann sé leyst og er það í samræmi við þá ákvörðun sem leiðtogar sambandsins tóku nýverið um að nú sé umhugsunartímanum í framhaldi af höfnun Frakka og Hollendinga á stjórnarskrá ESB að ljúka. Þýskaland sem verður í forsætishlutverkinu frá næstu áramótum hefur fengið það hlutverk að koma með tillögur í júní á næsta ári.

Fyrrnefnd höfnun varð til þess að leiðtogar sambandsins ákváðu um mitt ár 2005 að taka sér umhugsunarfrest. Í grein sem birtist í tímaritinu Foreign Affairs í lok ársins 2005 spyr Laurent Cohen-Tanugi hvort Evrópa sé liðin undir lok en svarar því til um leið að hann telji ekki að stjórnarskrársáttmálinn sé ástæða þess að ESB sé í krísu, heldur hafi hún gefið stærri krísu farveg. Fjárlagaumræður ESB hafi alltaf verið mesti átakavettvangurinn auk þess sem líta þurfi á innanríkismálin í þessum tveimur löndum og „Nei-ið“ hafi verið mótmæli almennings vegna mála heimafyrir. Hann telur Evrópu hafa misst af gullnu tækifæri með því að hverfa frá endurnýjun og samræmingu allra sáttmála sem hingað til höfðu verið gerðir yfir í vinnu við stjórnarskrá.

Steven Philip Kramer, prófessor í þjóðaröryggi, telur vandann liggja almennt í því að Frakkar hafi misst trú á Frakklandi og þar með Evrópu. Bilið sé einfaldlega orðið of breitt á milli þeirra sem stjórna og fólksins. Stefna Frakka gagnvart ESB sé orðin sjálfmiðlæg og Frakkland þar með dragbítur fyrir ESB.

Meirihluti Hollendinga sagði nei við stjórnarskrársáttmálanum. Degi eftir kosningarnar í Hollandi greindi Philip van Praag, stjórnmálafræðingur við Háskólann í Amsterdam, frá því að hann sæi gjá milli stjórnmálamanna og almennings. Stjórnmálamenn hefðu algerlega vanmetið stöðuna og haldið að þeir gætu með stuttri auglýsingaherferð breytt þeirri Euroskepsis sem sæti djúpt í þjóðarsál Hollendinga þar sem hlutir eins og austurstækkun ESB valdi hræðslu.

Þó Finnar ætli sér að taka hlutverk sitt með trompi og hefja þegar gagngerar breytingar á virkni stofnana ESB þá mætti ætla að almennt bindi ESB-ráðherrarnir meiri vonir við Þýskaland sem verður við stýrið á næsta ári. Í öllu falli samþykktu þeir á fundi um miðjan júní að það yrði hlutverk Þýskalands að koma með tillögur í júní 2008.

Gefum okkur að ESB standi ekki og falli með stjórnarskrársáttmálanum. En þá er spurningin um innanlandsmál Hollands og Frakklands opin og þá hvort og hvernig sú framvinda muni hafa áhrif á ESB. Framundan eru frekari samningaviðræður og pælingar. En um það snýst einmitt ESB að vera í stöðugu samtali.

*Höfundur er í meistaranámi í Evrópufræðum við Háskólann á Bifröst.*



### KLAMIDÍU-HEIMAPRÓF

Fjöldi fólks smitast af klamidíu á ári hverju. Nú er hægt að gera próf heima við sem sker úr um hvort viðkomandi sé með sjúkdóminn.

HEILSA 3

### KÍNVERSKT HERÐA- OG FÓTANUDD

Ný nuddstofa hefur opnað á Hótel Loftleiðum.

HEILSA 2





## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Hópeinkaþjálfun** fyrir karla er að hefjast í Hreyfingu. Kristján Dúi Sæmundsson íþróttafræðingur hefur umsjón með hópnum sem kemur saman kl. 12.00 þriðjudaga og fimmtudaga. Hægt er að hafa samband með því að hringja í síma 414 4000 eða senda tölvupóst á radgjafar@hreyfing.is. Sjá www.hreyfing.is.

**„Sætuefnið** Aspartam – Er Diet kók betra en venjulegt kók?" er yfirskriftin á fyrirlestri sem haldinn verður í kvöld í Manni lifandi í Borgartúni 24. Fjallað verður um sætuefnið aspartam, sem notað er í marga gosdrykki, og áhrif þess á líkamann. Fyrirlesturinn hefst kl. 17.30. Verð er 1.500. Sjá www.madurlifandi.is.



**Vikulegt** 2 mílna (3,2 km) hlaup á vegum Sri Chinmoy maraþonliðsins verður við Tjörnina í vetur, alla þriðjudaga kl. 19.00 fram í desemberbyrjun. Rásmark er við inngang Ráðhús Reykjavíkur. Þátttökugjald er 200 kr. Veitingar verða á boðstólum að hlaupi loknu. Nánari upplýsingar á www.hlaup.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 3. október, 276. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.42 | 13.17 | 18.50 |
| Akureyri | 7.28 | 13.01 | 18.33 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Berglind segir nóg af góðum göngusvæðum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni og hvetur sem flesta að kynna sér þau. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Glaður göngugarpur

***Berglind Bergsdóttir, fyrirtækjafulltrúi hjá SPH, fer í reglulegar gönguferðir með vinnufélögunum.***

„Við tókum okkur nokkrar saman í vinnunni og stofnuðum gönguhóp fyrir nokkrum mánuðum, sem hittist að meðaltali einu sinni í viku," segir Berglind og bætir við að hópurinn haldi einnig úti bloggsíðu, þar sem allt upplýsingaflæði fer fram, göngustaðir séu ákvarðaðir o.s.frv.

Að sögn Berglindar var gönguhópurinn stofnaður út frá sameiginlegu áhugamáli, það er útiveru. Ætlunin sé ekki að fara út í eitthvert allsherjar heilsuátak enda séu flestir meðlimir viðloðandi líkamsrækt af einhverju tagi þess utan, þótt það sé ekki inngönguskilyrði.

„Öllum starfsmönnum er frjálst að vera með," segir Berglind. „Við erum fjórar sem höfum verið duglegastar við að mæta og söknum þess að sjá ekki karla. Kannski þeir haldi að við konurnar viljum bara halda þessu út af fyrir okkur," bætir hún við og hlær.

Berglind segir að nóg sé af fallegum gönguleiðum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. „Í gær fórum við til dæmis í blíðskaparveðri upp á Vífilsfell og vorum í tvo og hálfan tíma báðar leiðir," segir hún, en lengst hefur hópurinn gengið í þrjá tíma. „Við erum þó ekki bundin höfuðborgarsvæðinu og stefnum á haustlitaferð á Þingvöllum."

Að lokum hvetur Berglind sem flesta til að bregða undir sig betri fætinum og fara í góðan göngutúr. Það sé engin ástæða til að leggast í eymd og volæði þótt sumarið sé liðið því einstaklega sé fallegt um að lítast á þessum árstíma.

*roald@frettabladid.is*

## Teygjuhlé fyrir börn

NÝVERIÐ KOM ÚT FORRIT FYRIR BÖRN OG UNGLINGA SEM Á AÐ MINNA ÞAU Á AÐ TAKA SÉR REGLULEGA HLÉ FRÁ TÖLVUVINNU OG TEYGJA ÚR SÉR.



Teygjuhlé forrit fyrir börn

Forritið byggist á vinnuvistfræði og nýtist sem forvörn gegn álagsmeiðslum í stoðkerfi. Teygjurnar eru alls 20 en forritið sýnir bæði með skýringartexta og hreyfimyndum hvernig best er að framkvæma þær. Hvert teygjuhlé tekur aðeins um eina til tvær mínútur eftir því hversu margar teygjur eru valdar. Teygjurnar beinast að þeim svæðum stoðkerfisins sem eru viðkvæmust fyrir álagsmeiðslum, þar með talið hálsi, öxlum, örmum, úlnliðum, höndum, baki og fótleggjum. Forritið er upphaflega bandarískt en það var fyrir tilstuðlan eins af höfundum þess, Karen Jacobs prófessors við Bostonháskóla, að íslenska er fyrsta tungumálið sem forritið er þýtt yfir á. Karen er iðjuþjálfi og hefur meðal sinnt kennslu við iðjuþjálfadeild Háskólans á Akureyri. Forritið er ókeypis en það er hægt að nálgast á vef Lýðheilsustöðvar www.lydheilsustod.is.

*- tg*






**iPod**
veitir vissulega góða skemmtun en passa þarf að stilla hljóðið ekki of hátt svo hávær tónlistin skaði ekki heyrnina.


YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is


Fyrir betri meltingu
Heilsu-hornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.


Flott í vetur
LÉTTARI GREIÐSLUR
Ný tæki - Léttari greiðslur
FLEX 4.995.-
MAX 6.665.-
HREYSTI

-fæst í apótekum og stórmörkuðum

Tilboð
2 fyrir 1
MARAÞON
Vítamín og steinefni fyrir athafna- og íþróttafólk


SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is




Á Dong Fang fara viðskiptavinir í heitt fótabað og fá kraftmikið og orkugefandi höfuð-, herða- og axlanudd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kínversk nuddstofa á Hótel Loftleiðum

*Vinnufélagar, vinir eða einstaklingar endurnýja orkuflæðið hjá Dong Fang.*

Ný nuddstofa hefur verið opnuð á Hótel Loftleiðum, en hún er sú fyrsta sinnar tegundar á landinu. Nuddstofan nefnist „Dong Fang Salon", eða Austurlönd fjær, og á ættir sínar að rekja til Kína. Í Kína eiga stofur sem þessar sér langa hefð en í dag er þær að finna víðs vegar um heiminn. Þetta er ekki hefðbundin nuddstofa eins og við eigum að venjast því á Dong Fang getur fólk hist í amstri dagsins til að slaka á, fá gott fótabað, herðanudd og fótanudd. Gestir geta setið í þessu dekri einir og sér, eða með maka, vinum eða vinnufélögum, allt að 10 manns í einu. Þannig er upplagt að nýta slíka tíma til fundarhalda ef svo ber undir og þar með slá tvær flugur í einu höggi, enda eykur það á sköpunarkraftinn að halda fundi á óvenjulegum stöðum. Stofan er einnig með parta- og heilnudd ef fólk vill, en þar geta tveir verið saman hlið við hlið, eða hvort í sínu lagi inni í notalegu nuddherbergi sem sérstaklega er ætlað fyrir slíkar meðferðir.

Á Dong Fang stofu Loftleiða er áhersla lögð á á samræmingu huga, líkama og sálar með svæðanuddi. Meðferðin gengur ekki síður út að endurvekja orku sálar og líkama en að nudda þreytta vöðva.

Blaðamaður Fréttablaðsins brá sér á Dong Fang og sér sannarlega ekki eftir því. Meðferðin hófst á því að nuddari kom með fallega tréfötu sem innihélt heitt vatn í sítrónublöndu. Það var gott að stinga þreyttum fótum í vatnið og ekki var herða- og höfuðnuddið síðra. Kraftmikið, en aldrei óþægilegt. Eftir herðanuddið var mér komið fyrir í þægilegum hægindastól, ég var umvafinn teppi og fékk svo klút yfir augun til að hvílast betur. Fótanuddið var mjög gott, en fætur, tær, kálfar og ökklar voru nudduð til hins ýtrasta. Nuddið tók um 40 mínútur, sem er mjög heppileg lengd fyrir slíka meðferð.

Öll þjónusta var til fyrirmyndar enda eingöngu faglært fólk með sameiginlega langa reynslu í faginu hérlendis sem erlendis sem starfar á stofunni. Umhverfið var að sama skapi mjög ásættanlegt, en það er smekklega innréttað og mikið lagt upp úr þægindum.

Verkefnisstjóri Dong Fang er Fjóla Rut Rúnarsdóttir, en hún hefur langa reynslu af starfi sem heilsunuddari og kennari við Nuddskóla Íslands, faglegur ráðgjafi við stofuna er Siao Ling Soon sem hefur rekið fótanuddstofu sem þessa í Belgíu.

Opnunartíminn verður sem hér segir; Virkir dagar: 11:00-19:00. Laugardagar: 10-17.

*margret.hugrun@frettabladid.is*



Eftir herðanuddið tekur fótanuddið við, en þá er viðskiptavininum komið þægilega fyrir og fæturnir eru nuddaðir vel og vandlega. Viðskiptavinir ráða hvort þeir koma einir í nuddið eða taka vini eða vinnufélaga með því allt að tíu manns geta setið saman í einu á stofunni.



Á Dong Fang er líka boðið upp á heilnudd, en þá geta tveir, eða tvær, komið saman og fengið nudd á sama tíma meðan heimsmálin, eða heimilismálin, eru rædd.



## Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Þegar ástríðan minnkar

**Eftir 10 ára samband finnst mér sem kynlíf okkar hjónanna hafi minnkað til muna. Áður en við hófum sambúð var ég mjög reynslulítill og hafði í raun einungis verið með henni en hún var talsvert reynslumeiri. Nú þegar kynlífið hefur minnkað hjá okkur hefur vaknað hjá mér talsvert öryggisleysi og minnimáttarkennd. Ég hugsa mikið um alla fyrri rekkjunauta konunnar og finnst oft að ég hefði átt að byrja að stunda kynlíf fyrr því þá myndi mér ekki líða svona illa. Mér líður ömurlega, hvað get ég gert til að láta mér líða betur?**

Sæll,
Líkt og þú minnist á er það alls ekki óalgengt og í raun bara eðlileg þróun í langtímasambandi að fólk stundi ekki jafn oft kynlíf og það gerði í upphafi. Í byrjun sambands eru miklar ástríður og þá virðist oft sem fólk fái hreinlega ekki nóg af hvort öðru, en þegar líða fer á sambandið og sérstaklega þegar börn koma til sögunnar breytist samneyti parsins. Eftir því sem samband verður lengra þróast ástríður upphafsins yfir í trausta ást og nána vináttu sem getur enst í mörg ár og jafnvel það lengi að fólk eyðir saman ævinni.

Þessi þróun á sér þó ekki stað áfallalaust og oft fer fólk að hafa áhyggjur af minnkandi kynlífsiðkun og virðist þá alltaf miða við upphaf sambandsins eða einhver önnur utanaðkomandi viðmið. Ein af ástæðunum fyrir þessum áhyggjum er sú að fólk tengir minnkandi ástríðu við minnkandi áhuga en í heilbrigðu sambandi er það hreinlega ekki málið. Samhliða þessum áhyggjum af ástríðunni vaknar oft mikið óöryggi sem einkennist af öfund og afbrýðisemi sem getur hæglega orðið afar slæm. Fólk fer að hafa áhyggjur af því að makinn beri sig saman við fyrri elskhuga og vilji leita annað eftir því sem hann fær ekki hjá því.

Lýsing þín á þínum aðstæðum finnst mér bera keim af þessu. Þú tekur fram að þér finnist ástríðan í sambandinu hafa minnkað og að samhliða því hafir þú farið að upplifa þetta óöryggi gagnvart fyrrum elskhugum konunnar þinnar. Staðreyndin er sú að það myndi ekki breyta neinu þó þú hefðir sjálfur sofið hjá mun oftar þar sem ástríðan í sambandinu myndi samt sem áður breytast og þú standa frammi fyrir reynslu konu þinnar. Til þess að takast á við þetta vandamál myndi ég mæla með að þú ræddir innilega um vandamálið við konu þína og reynir að styrkja sambandið og traust þitt á því. Þegar þú og kona þín hafið rætt saman getur vel hugsast að þið séuð einhuga í að vilja auka ástríðuna í sambandinu og þá eru ótal lausnir sem standa ykkur til boða og þið getið fetað ykkur áfram í saman. Ef þér finnst tilhugsunin um að ræða við konuna þína um þetta of erfið eða þið lendið í samskiptavandamálum þegar þið farið að ræða málin getið þið að sjálfsögðu leitað aðstoðar fagmanns en ótal fagmenn bjóða fram aðstoð sína við að leysa sambandsvandamál.

*Gangi þér vel,*
*Eyjólfur Örn Jónsson*
*Sálfræðingur*



Hláturinn mun ekki bjarga heiminum en skýr hugsun mun gera það og hláturinn stuðlar að henni, segir Kristján. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hlátur losar um spennu

***Kristján Helgason hláturleiðbeinandi er að fara af stað með hláturnámskeið í næstu viku. Námskeiðið er nýlunda en í því er blandað saman tveimur „skólum“ í hláturfræðum: Hláturjóga og aðferðum dr. Annette Goodheart.***

Dr. Goodheart er sálfræðingur og lífskúnstner en hún hefur notað hlátur sem hjálpartæki í 36 ár. Aðferð hennar byggist á tengslum hláturs og heilbrigðis og þá aðallega að við öðlumst þá hæfni að hlæja að vandamálunum og gera þau um leið yfirstíganlegri. Kristján hefur mikla trú á þessari aðferð en sjálfur hefur hann farið á námskeið hjá dr. Goodheart. „Maður er í raun að hlæja að því sem er ekkert fyndið. Það fylgir svo mikil spenna vandamálum og ef þú hlærð að þeim losnar um þessa spennu. Þá er mun auðveldara að sjá heildarmyndina, hugsa skýrt og sjá lausn á vandamálinu. Hláturinn mun ekki bjarga heiminum en skýr hugsun mun gera það og hláturinn stuðlar að henni.“

Kristján segir að hlátur hafi einnig góðar afleiðingar í för með sér fyrir líkamann. „Hlátur losar spennu eins og ég sagði áðan. Þar að auki losnar um þindina og blóðrásin fer á fullt. Á sama tíma fær líkaminn mikið af fersku súrefni og það losnar um ýmis boðefni sem veita vellíðan.“

Hláturinn sem kallaður er meðvitað fram og sá sem kemur frá hjartans rótum er ekki sambærilegur til að byrja með. Með æfingunni gerist það hins vegar að hláturinn verður eðlislægari og innilegri. „Þetta er svolítið eins og sláttuvél. Maður þarf að toga nokkrum sinnum í spottann og svo hrekkur hún í gang. Þá verður hláturinn hlátur, sama hvernig hann er kallaður fram. Það er misjafn hversu fólk er móttækilegt og hversu stutt er í hláturinn en að lokum, og yfirleitt tekur það skamman tíma. Þá fer fólk að hlæja alvöru hlátri.“

Námskeiðið fer fram í Miðstöð símenntunar í Hafnafirði og fer skráning fram í síma 585-5860.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Klamydíupróf heima

***Lyf og heilsa hafa nú tekið til sölu klamydíupróf sem hægt er að gera í heimahúsum.***



Einkenni klamydíu geta horfið á fáeinum dögum og blundar þá sýkingin í langan tíma.

Árið 2005 greindust 1.622 einstaklingar með klamydíu hérlendis. Þá eru ótaldir þeir einstaklingar sem ekki fengu greiningu. Klamydía getur verið tiltölulega lítilvægur sjúkdómur sé hann meðhöndlaður strax, en ef ekki er brugðist fljótt við klamydíusýkingu er hætta á bólgum í eggjaleiðurum kvenna og jafnvel bólgu í eistum karla. Klamydía er algengasta orsök bólgu í eggjaleiðurum og getur hún leitt til ófrjósemi eða utanlegsfósturs ef hún er ekki meðhöndluð strax. Klamydía getur einnig sýkt augu og valdið verulegri bólgu með tímabundinni blindu.

Því oftar sem einstaklingur sýkist, þeim mun meiri líkur eru á skaðlegum aukaverkunum. Einkenni klamydíu geta horfið á fáeinum dögum hjá báðum kynjum og blundar þá sýkingin í langan tíma, sem getur orðið til þess að viðkomandi smitar aðra einstaklinga án þess að vita af því.

Hægt er að bera klamydíusmit í langan tíma áður en sýkillinn breiðist út og byrjar að valda einkennum, en fæstar konur og einungis helmingur karla fá einkenni klamydíusýkingar. Einkenni karla eru útferð úr þvagrásinni (slímkenndur vökvi, glær, hvítur eða gulleitur) og stundum sviði og kláði í þvagrásinni og við þvaglát. Þessi einkenni koma oft fram 1–3 vikum eftir samfarir þær sem leiddu til smits. Einkenni kvenna eru aukin útferð, sviði eða kláði í þvagrásinni við eða eftir þvaglát, tíð þvaglát, óreglulegar blæðingar og stundum kviðverkir.

Á okkar tímum er orðið auðvelt að greina smit. Á Húð- og kynsjúkdómadeildinni í Þverholti er klamydía greind með þvagprufum, en í heimaprófinu sem konur hafa nú kost á að velja er sýkinging greind með stroku úr leggöngum. Ef viðkomandi greinist með klamydíu er nauðsynlegt að hún leiti umsvifalaust til læknis og fái rétta meðhöndlun, en það getur bæði verið heimilislæknir sem vísar á lyf, læknir á göngudeild húð- og kynsjúkdóma eða læknar á Læknavakt. Heimaprófið má kaupa í lausasölu í Lyfujm og heilsu og kostar það 1799 krónur.

Breskar tölur benda til að tíunda hver kona á aldrinum 16-24 ára sé með klamydíu og um það bil 75% þeirra eru einkennalausar. Kynlífshegðun ungra Breta er ekki ósvipuð því sem gengur og gerist hjá ungu fólki hérlendis og er ekki úr vegi fyrir þennan aldurshóp að kanna hvort babb sé komið í brókina, enda getur það haft mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér að fá þennan sjúkdóm ekki meðhöndlaðan í tæka tíð.

Meira um klamydíu má lesa á vefsíðu Landlæknis undir slóðinni www.landlaeknir.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Fæst með berjapressu

vilborga@centrum.is



Safapressa
fyrir heilsuna og línurnar

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Magimix safapressan er afar handhæg og einföld í notkun. Á örskotsstund má töfra fram með henni vítamínríka og kaloríusnauða ávaxta- og grænmetisdrykki sem hressa bæta og kæta. Magimix safapressuna er auðvelt að þrífa, hún er stílhrein, krafmikil og endingargott töfratæki.

Verð frá kr.: 23.500

Aðrir söluaðilar:
Kokka, Laugavegi
Villeroy & Boch, Kringlunni
Egg, Smáratorgi

magimix

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**03. okt. Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
17:30-19:00 Haraldur Magnússon
**04. okt. Heilbrigði og hamingja**
18:30-22:00 Benedikta Jónsdóttir.
**05. okt. Algengustu orku og heilsuræningjar nútímans.**
17:30-19:00 Matti Ó. Stefánsson
**06. okt. ORKUSVIÐSMEÐFERÐ- Workshop**
Einar Hjörleifsson sálfræðingur
**10. okt. Andleg líðan og austurlenskar lækningar**
17:30-19:00 Þórunn Birna Guðmundsdóttir
**11. okt. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
18:00 - 21:00 Meistarakokkar Maður lifandi



JÓGA
allir velkomnir
frír prufutímar
Byrjendanámskeið hefst 16. okt.
Kundalini jóga hefst 10. 0kt.
Ásta Arnardóttir 862 6098 astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20

**Námskeið og fyrirlestrar haustið 2006**

Inga Kristjánsdóttir,
næringarþerapisti D.E.T.
-Einfalda leiðin- 11.okt., 8.nóv. og 29.nóv.
Frá kl. 20:00 - 22:00 Verð 2000 kr. og
-þreyta, slen, orkuleysi, slappleiki-
25. okt. Frá kl. 20:00 - 22:00 Verð 2000

Hildur Guðmundsdóttir,
eigandi Yggdrasils.
-Næring fyrir börn-
4.okt. og 1.nóv.
Frá kl. 20:00 - 22:00 Verð 2000 kr.

Dr. Hauschka
-Dr.Hauschka kynning- 18.okt. (20%afsl)
Frá kl. 20:00 – 22:00

Allar nánari upplýsingar og skráning
í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg
16 eða í síma 562-4082.

Yggdrasill

**HEALING THE HEALERS**
**6. - 8. október 2006**

**Velkomin á alþjóðlegu ráðstefnuna „Healing The Healers"**
Ráðstefnan er haldin að Kríunesi við Vatnsenda,
sem staðsett er við jaðar höfuðborgarinnar í óspilltu
náttúrulegu umhverfi við Elliðavatn.
Á ráðstefnunni sameinast aðilar úr ólíkum en þó
tengdum greinum innan heilbrigðis og vellíðan og
deila reynslu og þekkingu hver á sínu sviði.
Nánari upplýsingar er að finna á
**www.simnet.is/arnarljos**
Skráning: totah@simnet.is
eða í síma: Örn 564-0677, Þóra 896-8521
**Ráðstefnan er öllum opin**

allt tilboð
Alla föstudaga



Eyjólfur er einn þeirra sem stendur að málþinginu „Eru fíkniefni einkamál? Hvað er til ráða?" í Áskirkju í kvöld þar sem fjallað verður um fíkniefnaneyslu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Eru fíkniefni einkamál?

***Í kvöld verður málþing haldið í neðri sal Áskirkju kl. 20:30 til að vekja athygli á þeim vaxandi vanda sem eiturlyfja-neysla er orðin á Íslandi.***

„Með þessu málþingi erum við að vekja athygli á fíkniefnavandanum og ræða hvernig vinna megi bug á honum," segir Eyjólfur Magnús Scheving, kennari og meðlimur í alhliða mannúðar- og mannræktarsamtökunum Höndinni, sem hefur það að meginmarkmiði að liðsinna þeim sem leita eftir andlegri eða líkamlegri hjálp.

Málþingið er einmitt hluti af fundahaldi sem samtökin standa fyrir, þar sem hin ýmsu þjóðfélagsmál hafa verið og verða tekin fyrir, svo sem kynferðisafbrot gegn börnum, átröskunarsjúkdómar, sjálfstraust og leiðir til betra lífs.

Að sögn Eyjólfs munu þjóðþekktir einstaklingar á borð við Mumma úr Mótorsmiðjunni og Njörð P. Njarðvík taka til máls á fundinum í kvöld og miðla af reynslu sinni af baráttunni við eiturlyf. Ólafur Guðmundsson frá fíkniefnadeild lögreglunnar verður einnig með innlegg í umræðuna. Fundarstjóri er séra Karl V. Matthíasson.

„Að því loknu verða opnar umræður, þar sem öllum er frjálst að taka til máls," segir Eyjólfur enn fremur. „Ég vonast til að sjá sem flesta foreldra, uppalendur og aðra aðstandendur barna enda snertir þetta málefni okkur öll, þar sem fíkniefni flæða nú til landsins sem aldrei fyrr, þrátt fyrir fögur fyrirheit stjórnmálamanna um fíkniefnalaust land árið 2000."

Eyjólfur segist sjálfur hafa orðið var við aukna eiturlyfjaneyslu í starfi sínu sem kennari og finnst erfitt að horfa upp á hversu illa hefur gengið að kveða þennan bölvald niður. Hann vonast til að málþingið í kvöld verði til þess að hleypa nýju blóði í umræðuna og eigi eftir að skila einhverjum niðurstöðum.

*roald@frettabladid.is*

# Gen gegn heila- og mænusiggi

***Vísindamenn hafa uppgötvað erfðavísi sem gagnast gæti í baráttunni gegn MS.***

Hópur danskra og breskra vísindamanna komst nýlega að því að erfðavísinum DR2b, sem talið er eiga þátt í því að valda MS, fylgir alltaf annað gen, sem kallað er DR2a.

DR2a er talið draga úr áhrifum DR2b og sjúkdómseinkennum MS. Vísindamenn telja að í framtíðinni megi nýta þennan eiginleika gensins í baráttunni við MS. Þetta kom í ljós þegar mýs, sem voru annað hvort með fyrra genið eða þau bæði, voru skoðaðar af vísindamönnunum.

Vísindamenn telja að þarna hafi náttúruval komið í veg fyrir að genið erfist eitt og sér og séð til þess að hitt genið fylgi ávallt með, sem minnkar skaðleg áhrif hins fyrra.

Tveir þriðju þeirra sem þjást af MS bera bæði genin en ekki er þar með sagt að þeir muni þjást af sjúkdómnum. Um það bil 85.000 manns eru með MS á Bretlandseyjum einum og sér. Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk



Mýs með og án beggja gena voru rannsakaðar.

*- rve*

## bætiefnið }

### Fólínsýra

Fólínsýra er vatnsleysanleg og flokkuð sem B-vítamín. Hún er ómissandi til myndunar rauðra og hvítra blóðkorna og er nauðsynleg fyrir alla frumuskiptingu. Fólínsýra er mikilvæg fyrir myndun kjarnsýranna DNA og RNA.



Fólínsýra þolir illa hita og skemmist við suðu og er einnig viðkvæm fyrir ljósi.

Fólínsýra eykur mjólkurmyndun og verndar gegn matareitrun og sníkjudýrum í þörmum. Hún stuðlar að heilbrigðari húð.

Skortur á fólínsýru getur dregið úr eðlilegum vexti og getur valdið blóðskorti og truflunum á starfsemi meltingarfæra, auk þess valdið höfuðverk og sljóleika.

Matvæli sem innihalda fólínsýru eru meðal annars ölger, grænt grænmeti til dæmis spergilkál, spínat og annað grænt lauf. Það er einnig að finna í fiski, kjöti, baunum, hnetum, eggjum og innmat.

Efni sem virka gegn fólínsýru eru meðal annars ýmis súlfalyf, P-pillan, algeng verja og sýklalyf og áfengi. Því er þeim ráðlagt sem drekka mikið áfengi að taka fólínsýru.

Ráðlagðir dagskammtar eru 150 mcg fyrir börn 7-10 ára, 240 mcg fyrir börn 11-14 ára, 300 mcg fyrir fullorðna og 400-900 mcg fyrir þungaðar konur og við brjóstagjöf.

*Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía*

***Að fá Thai nudd er eins og að fara í jóga tíma án þess að hafa neitt fyrir því og fá svæðanudd í leiðinni. Meðferðin tekur venjulega 2 klst, framkvæmd á þéttri gólfdýnu og nuddþeginn klæðist léttum víðum fötum á meðan.***

**Kínastofan** • Stórhöfði 17 • 110 Rvk • S. 577 7007

**Sogæðanudd**
**60 mín: 4.900,-**
Hjálpar til við að auka sogæðaflæðið og styrkja ofnæmiskerfið. Skaðlegur úrgangur er fjarlægður úr vefjum til eyðingar í eytlunum með þeim afleiðingum að verkir og bólgur minnka og orkan eykst.

**Fótanudd**
**60 mín: 4.900,-**
Svæðanudd á svörunarpunkta undir yljunum örva yfir 7000 taugaenda sem svara til mismunandi svæða víðsvegar um líkamann til lækninga, styrkinga og jafnvægisstillingar. Verkir í vöðvum, kvíði, ógleði, gigt, svefntruflanir, höfuðverkur, stress, meltingatruflanir og margir aðrir kvillar hafa batnað við þetta nudd.

**Thai nudd**
**60 mín: 5.900,-**
**120 mín: 9.200,-**
Aldagömul aðferð til að:
jafna beinagrindina
bæta teygjanleika
losa um vöðva og liðverki
örva innkirtla og innifla starfssemi
jafna orkuflæði líkamans
einstaklega slakandi og
endurnýjandi

# Ný þjónusta fyrir veika aldraða

***Með nýrri sérhæfðari heimaþjónustu er stefnt að því að aldraðir geti dvalið lengur í heimahúsi þrátt fyrir veikindi.***

Sérhæfð heimaþjónusta fyrir veika aldraða, í samstarfi Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), hefur störf núna í október og er stefnt að því að fyrstu sjúklingar fái þjónustu þá. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, ýtti verkefninu formlega úr vör í síðustu viku.

Með þjónustunni er leitast við að mæta óskum aldraðra um að geta dvalið lengur í heimahúsi þrátt fyrir veikindi og um leið að færri sjúklingar í hópi aldraðra þurfi að bíða eftir annarri þjónustu. Sérhæft teymi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagsliða, öldrunarlækna, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og sérfræðings í öldrunarhjúkrun, mun sinna þessari þjónustu.

Hlutverk teymisins er að stýra og skipuleggja ofangreinda þjónustu, ásamt því að veita þverfaglega/fjölþátta meðferð og umönnun í heimahúsi.

Tilgangur teymisins er að auka þjónustu við fjölveika aldraða og gera þeim kleift að dvelja lengur heima þrátt fyrir veikindi. Meðferð og umönnun sjúklings fer fram heima hjá honum í samvinnu við fjölskyldu og önnur úrræði sem eru í boði fyrir aldraða.


Með nýrri þjónustu geta aldraðir búið lengur heima. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

Gert er ráð fyrir því að sérhæfð heimaþjónusta fyrir veika aldraða nái að jafnaði til 20 sjúklinga á hverjum tíma.

Þjónustunni er hleypt af stokkunum að tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Ráðuneytið bæði hvatti til þessarar nýbreytni og veitti henni fjárhagslegan stuðning.

*Af vef Landspítala - háskólasjúkrahúss, www.lsh.is.*


Karlmenn vaknið snemma
því tíminn ykkar er kl. 07:00 þrisvar í viku



Rope yoga
Er fyrir alla alveg sama á hvaða aldri og í hvaða líkamsástandi viðkomandi er. Rope yoga er líka frábært fyrir fólk sem er í mikilli þjálfun það eykur liðleika í líkamanum og eflir einbeitingu með markvissri öndun og slökun.

Dans yoga
Aukin brennsla
Engin spor. Losum um lífskrafitnn sem í okkur býr, finnum frelsið. Njótum.

Kennsla kl 6, 7, 18:30 og 19:30 þrisvar í viku.

Upplýsingar 691 0381.
Kennari Kristín Björg

TECHNOSPORT
Bæjarhraun 2, 220 Hfj



Flestir karlar sem kaupa kynlífsþjónustu gera það erlendis.

# Fleiri kaupa kynlíf

***Nærri helmingur karla sem greiðir fyrir kynmök er í sambandi, að því er fram kemur í nýrri rannsókn.***

Rannsóknin var framkvæmd í Glasgow og gögnum safnað frá október 2002 til febrúar 2004, en úrtakið var 2.500 menn sem farið höfðu í hefðbundna kynsjúkdómsskoðun á heilsugæslustöð.

Einn af hverjum tíu hafði greitt fyrir kynlíf. Einn af hverjum fjórum af þeim sagðist síendurtekið nýta sér þjónustu vændiskvenna, 43 prósent þeirra voru í sambandi og 20 prósent höfðu smitast af kynsjúkdómi, ýmist lekanda, sárasátt eða klamidíu.

Yfir helmingur karla sem viðurkenndu að hafa borgað fyrir kynmök gerði það erlendis, á meðan 40 prósent gerðu það innanlands. Undir 2 prósent sögðust hafa gert hvort tveggja.

Meira en helmingur mannanna, eða um það bil 56 prósent sem greiddu fyrir óvarið kynlíf, það er án verja, átti í sambandi.

Niðurstöðurnar sýna að fleiri karlar borga fyrir kynlíf en áður. Aukningin er meðal annars rakin til þess að karlar leiti sér ekki viðeigandi meðferðaúrræða við streitu, kvíða og þunglyndi heldur leiti út í áfengi, vímuefnaneyslu og kynlíf. Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk.

*- rve*










SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

Veldu það besta!

STILLANLEG RÚM




Veldu þér eitt með öllu
WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

SWISSFLEX
50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns
Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

Verðdæmi: 2x90 cm BIFLEX rúm með okkur bestu IQ-CARE heilsudýnu kr. 229.900.-


BIFLEX

Einn góður á frábæru verði
Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.

IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.

IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum






Bjóðum upp á fría þrýstijöfnunarmælingu sem greinir hvaða dýna hentar þér best



CHRISTIAN HAROLD
EIKAR HÚSGÖGN
www.charold.com

WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com


Lille Collection

GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING







Verið velkomin

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00



VERÐANDI
*Skólablað allra framhaldsskóla*
*Sjá bls. 10*



Í TRÚÐANÁMI Í DANMÖRKU
*Ragnheiður og Sigríður Eir*
*Sjá bls. 6*

[ SÉRBLAÐ UM NÁM OG NÁMSMENN – ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER 2006 ]

# Námsmaðurinn



## Efnisyfirlit

LÉT UNDAN ÞRÝSTINGI
*Sveinn Rafn Eiðsson* BLS. 2

ÆTLUM AÐ SYNGJA FYRIR NEMENDUR
*Kvennakór HÍ* BLS. 2

HÉR GERIR FÓLK ÞAÐ SEM ÞAÐ VILL
*Stúdentaleikhúsið* BLS. 2

TÓK FIMMTÁN EIN-INGAR Í SUMAR
*Kolbeinn Jónsson* BLS. 4

GÓÐUR KOSTUR
*Íþróttahús HÍ* BLS. 6

LÖGFRÆÐIN ALLTAF HEILLAÐ
*Steingrímur E. Jónsson* BLS. 6

HJÚKRUNARFRÆÐIN FÓRNARLAMB STAÐALÍMYNDA
*Þórður Gunnar Þorvaldsson* BLS. 8

KÖLLUNINNI SVARAÐ
*Þorsteinn V. Einarsson* BLS. 10

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

FRJÁLSI

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Fiton/SÍA

# Lét undan þrýstingi fjölskyldunnar

Sveinn Rafn Eiðsson nemur viðskiptafræði í HR.

„Þetta var orðið gott af vinnu og mig langaði að fara aftur í skóla. Auk þess var þrýstingurinn frá fjölskyldu um að fara í háskólann orðinn ansi yfirþyrmandi. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á viðskiptum svo að það lá eiginlega beint við að fara í þá grein,“ segir Sveinn Rafn Eiðsson, 24 ára, sem hóf nám í Viðskiptafræði við Háskóla Reykjavíkur fyrr í haust. Sveinn Rafn hefur verið í fríi frá námi síðustu ár og notað þann tíma í að vinna og uppgötva heiminn, eins og hann segir sjálfur frá. Hann stofnaði meðal annars sitt eigið fyrirtæki, Boðsendingaþjónustuna, sem sendir boðsendingar á milli fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, og hefur rekstur hennar gengið mjög vel. „Námið í HR kemur sér mjög vel þegar maður er með eigin starfssemi og mun án efa hjálpa mér mikið,“ segir Sveinn Rafn, sem lauk stúdentsprófi af hagfræðibraut og kannast því við hugtökin sem finna má í kennslubókum viðskiptafræðinnar. „Ég finn að ég er með betri grunn en margir aðrir og fyrir vikið á ég auðveldara með námið. Mér gengur vel og þetta er mjög skemmtilegt.“

Spurður af hverju hann hafi tekið HR fram yfir aðra skóla sem bjóða upp á viðskiptafræði stóð ekki á svari hjá Sveini Rafni. „Ég vissi eiginlega að það yrði miklu skemmtilegra í HR. Þetta er nýjasti skólinn og aðstaðan hér er mun nútímalegri en til dæmis í Háskóla Íslands. Auk þess er kennslan og sambandið við samnemendur mun persónulegra og það er mikill kostur.“



Sveinn Rafn Eiðsson hefur brennandi áhuga á viðskiptum og stefnir á að vinna við eigin rekstur í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kvennakór HÍ hefur aðsetur í Eirbergi við Eiríksgötu og er með fastan æfingatíma á þriðjudögum frá kl. 18-20. Þeim sem hafa áhuga á að ganga í kórinn er velkomið að mæta á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Ætlum að syngja fyrir nemendur

Innan Háskóla Íslands er að finna fjölbreytta flóru samtaka og annarrar félagastarfsemi sem nemendurnir sjálfir standa að. Ein nýjasta viðbótin í þá flóru er tiltölulega nýstofnaður kvennakór við HÍ sem hefur þegar vakið töluverða athygli en hyggur á enn frekari frama á komandi misserum.

Söngkonan og kórstjórinn Margrét Bóasdóttir hefur veg og vanda af Kvennakór Háskólans. Hún segir að það hafi í raun verið röð tilviljana sem varð til þess að kórinn varð til. „Kjarninn sem myndar þennan hóp er um fimmtán stúlkur sem sungu saman fyrir nokkrum árum í unglingakór Selfosskirkju, sem ég stjórnaði á þeim tíma. Fyrir um einu og hálfu ári ákváð þessi hópur að hittast aftur eftir langa fjarveru og það reyndist vera afskaplega ánægjulegur endurfundur. Það kom síðan í ljós að nánast allar þessar stelpur voru byrjaðar í háskólanámi auk þess sem ég var einnig í MBA-námi í háskólanum. Þá kviknaði hugmyndin um kvennakórinn,“ útskýrir Margrét en bætir því við að það hafi ekki verið fyrr en Kristín Ingólfsdóttir tók við stöðu rektors HÍ sem hún ákvað að láta reyna á hugmyndina. „Fyrst það var komin kona í rektorsstólinn var ekki um annað að ræða en að fara á hennar fund og bera þetta undir hana. Það gerði ég og henni leist strax mjög vel á.“

### GÆTUM BIRST FYRIRVARALAUST OG BYRJAÐ AÐ SYNGJA

Fyrstu opinberu tónleikar kvennakórsins voru á síðasta prófdegi síðustu haustannar. Þá söng kórinn ýmis jólaverk í anddyri aðalbyggingarinnar og segir Margrét að undirtektirnar hafi verið mjög góðar og fjöldi fólks mætt til að hlýða á jólalögin. „Eftir það var kórinn kominn til að vera.“

Margrét segir kvennakórinn vera ánægjulega viðbót við kórastarf háskólans en Háskólakórinn, sem hefur verið starfræktur síðan 1972, er blandaður kór. Hún bendir einnig á að konur séu orðnar mikill meirihluti nemenda skólans og yfirleitt skorti frekar karla en konur í kórstarf.

Margrét ber kvennakórinn saman við Háskólann í Uppsölum sem ákveðna fyrirmynd.

„Sá kvennakór er fenginn til að syngja á hátíðlegum stundum en er samt eins konar hússkór skólans. Við stefnum á að vera nokkuð sýnilegar í háskólalífinu og ætlum okkur að syngja fyrir nemendur skólans. Við gætum því látið sjá okkur með litlum eða engum fyrirvara í einhverri byggingunni og byrjað að syngja,“ segir Margrét en bætir við að kórinn sé að sjálfsögðu opinn fyrir því að koma fram á öðrum vettvangi en innan skólans.

Margrét kveðst skynja mikinn áhuga á kvennakórnum og hefur varla undan við að taka við fyrirspurnum áhugasamra kvenna. „Við byrjuðum um 15-20 talsins og stefndum á verða allt að 40 konur. Miðað við áhugann býst ég við að við verðum nær 50 talsins.“

Þær sem hafa áhuga á að ganga í kórinn geta haft samband við Margréti á netfanginu mab1@hi.is eða einfaldlega mætt á æfingu í Eirbergi við Eiríksgötu á þriðjudögum kl. 18.

# Hér gerir fólk það sem það vill gera

Stúdentaleikhúsið er áhugaleikfélag sem rekið er undir verndarvæng Háskóla Íslands. Þar mætist fólk úr öllum greinum háskólans og vinnur að sameiginlegu markmiði: Að búa til sýningar sem háskólasamfélagið getur verið stolt af.



Árlega setur Stúdentaleikhúsið upp tvær sýningar. Þær spanna allan skala leiklistarinnar, allt frá rammpólitískum verðlaunasýningum til háklassískra leikgerða. Samkvæmt Herði Ellerti Ólafssyni, formanni Stúdentaleikhúsins, er aðeins eitt skilyrði sem verk verður að uppfylla. „Við þurfum öll að hafa ástríðu fyrir því sem við erum að gera. Við veljum verk út frá hverju við höfum áhuga á, hvað höfðar til okkar og jafnaldra okkar og hvað er að gerast í samfélaginu í kringum okkur.“

Í leikhúsinu er fólk úr öllum deildum háskólans og segir Hörður að það eitt að fá sýn verkfræði-, heimspeki-, viðskipta- og hjúkrunarnema á sama viðfangsefnið vera nokkuð sem hvergi annars staðar fáist. „Við erum ungt fólk með skoðanir á hlutunum og hingað leitar fólk til að fá útrás fyrir þessar skoðanir. Við erum öll ólík enda höfum við valið okkur ólíkar leiðir í námi. Samt erum við eins því við viljum koma okkar hugmyndum á framfæri um leið og við erum tilbúin að hlusta á það sem aðrir hafa að segja.“

Mikil gróska er í félagslífi og pólitík stúdenta og Hörður vill meina að þar sé Stúdentaleikhúsið verðugur málsvari háskólasamfélagsins. „Það hafa allir gott af því að komast í svona umhverfi og þá á ég við umhverfi þar sem allt er leyfilegt og fólk gerir það sem það vill gera. Þú lærir að gagnrýna aðra uppbyggilega og um leið að taka gagnrýni. Þú lærir að losa um hömlur á sköpunargleðinni og að útiloka aldrei hugmyndir. Þetta eru allt hlutir sem nýtast þér sama hvað þú tekur þér fyrir hendur og þess vegna held ég að Stúdentaleikhúsið sé ómetanlegur skóli fyrir alla þá sem taka þátt, hvort sem þeir leggja fyrir sig leiklistina eða ekki.“

Í haust leikstýrir Björn Hlynur Haraldsson Stúdentaleikhúsinu en hann hefur fengið Víking Kristjánsson til að skrifa nýtt verk fyrir hópinn. „Þetta er mjög spennandi verkefni. Verkið verður skrifað út frá Stanford-fangatilrauninni þar sem tuttugu ósköp venjulegir ungir menn voru settir í hlutverk fanga og fangavarða. Í kjallara sálfræðideildar Stanford-háskóla var búið til eins konar fangelsi og þar var strákunum komið fyrir og áttu þeir sem léku fangaverði að hafa stjórn á þeim sem léku fanga án þess að nota líkamlegt ofbeldi. Tilraunin átti að standa yfir í fjórtán daga og kanna átti áhrif valds og mismunandi stöðu á strákana. Strax á öðrum degi fór allt úr böndunum því fangaverðirnir fóru strax að beita fangana andlegu ofbeldi til að hafa stjórn á þeim. Tilrauninni var hætt á sjötta degi en þeir eru ennþá að rannsaka niðurstöðurnar í dag. Þetta voru bara strákar og fólk eins og ég og þú og okkur finnst spennandi að velta því fyrir okkur hvort þetta gæti gerst á Íslandi í dag og hvernig við persónulega myndum bregðast við svona aðstæðum.“

Allir þeir sem vilja kynna sér starfsemi Stúdentaleikhússins nánar er bent á heimasíðuna www.stúdentaleikhúsið.is *- tg*






*Svíf þú inn í svefninn*



*RB-rúm*

**Hágæðarúm á góðu verði.**
**Smíðuð eftir þínum óskum.**

**Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla**

## Hágæða sælurúm



Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stífleikar á spring-dýnum.

## Nolterúm



Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

**Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**

**RB-rúm** Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM
Stofnað 1943

# Tók fimmtán einingar í sumar

Kolbeinn Jónsson er í lögfræði við HÍ.

Kolbeinn Jónsson er 26 ára gamall og hefur komið víða við í sínu háskólanámi. Eftir að hafa lokið stúdentsprófi fór hann í heimspeki en eftir eitt ár þar ákvað hann að skipta yfir í sagnfræði. Þar entist Kolbeinn í eina önn áður en hann skráði sig í lögfræði. „Ég sá ekki nægilega mikla tekjumöguleika í heimspekinni eða sagnfræðinni," sagði Kolbeinn glottandi við Fréttablaðið.

Kolbeinn er rúmlega hálfnaður með lögfræðinámið og kveðst líka vel við lífið og tilveruna í Lögbergi. „Lögfræðin er lúmskt skemmtilegt fag, þvert á það sem kannski margir halda. Það var strembið að komast í gegnum niðurskurðinn á fyrsta árinu en síðan þá hefur þetta verið tiltölulega bein leið fyrir mig."

Margir háskólanemar kjósa að vinna eins og brjálæðingar yfir sumarið til að safna þannig fjár fyrir veturinn. Svo var þó ekki um Kolbein í sumar því hann tók þá ákvörðun síðasta vor að eyða sumrinu yfir námsbókunum. Kolbeinn tók alls fimmtán einingar, eða það sem samsvarar heilli önn, og segist alls ekki sjá eftir því. „Það var svolítið skrítið að vera ekki að vinna en að sama skapi var mjög þægilegt að vera í skólanum yfir sumarið.



Kolbeinn mælir með því að læra yfir sumartímann, sérstaklega ef stórmót í fótbolta er á dagskrá.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Maður skipulagði sig bara vel og eyddi alltaf ákveðnum tíma dagsins í lærdóm og þess á milli naut maður góða veðursins. Svo skemmdi náttúrulega ekki fyrir að hafa HM í fótbolta framan af sumri þegar maður vildi fá hvíld frá skruddunum," sagði Kolbeinn.




## Hvað viltu verða?

Áhugasviðspróf eru gerð til þess að hjálpa fólki að svara þessari mikilvægu spurningu. Þau eru notuð víða, sérstaklega hjá námsráðgjöfum.

Eins og nafnið bendir til mæla áhugasviðspróf áhuga fólks á tilteknum sviðum, einkum þó á tilteknum störfum eða atvinnugreinum.

Þekktasta áhugasviðsprófið er Strong-prófið (Strong Interest Inventory, SII). Í því er fólk beðið um að svara spurningum eins og hver séu uppáhaldsfög þess í skóla, hvaða störf það telji spennandi og hvað það geri í frítíma sínum. Við hönnun Strong-prófsins bjuggu höfundar þess til mörg hundruð spurningar sem hugsanlega gátu skilið á milli fólks með mismunandi áhugasvið. Þessar spurningar voru svo lagðar fyrir stórt úrtak fólks, nokkur hundruð manns, í mismunandi starfsgreinum. Þeim spurningum sem greindu á milli þeirra sem voru ánægðir í tilteknu starfi og hinna sem ekki voru eins ánægðir var haldið eftir í prófinu en hinum spurningunum var hent út. Lokaútgáfa prófsins er svo lögð fyrir aðra sem kanna vilja áhugasvið sitt. Þeim er að lokum bent á að velja sér svipuð störf og það fólk í upphaflega úrtakinu sem svaraði prófinu á sem líkastan hátt og það sjálft.

Fleiri áhugasviðspróf eru til. Þar má nefna Ideas-prófið sem mikið er notað hér á landi og SDS-prófið



(Self-Directed Search). Hið síðarnefnda hefur verið þýtt, staðfært og staðlað á Íslandi undir nafninu Í leit að starfi. Prófið á það sameiginlegt með Strong-prófinu að vera byggt á kenningu Hollands um persónugerðir og starfsumhverfi.

Samkvæmt kenningu Hollands er hægt að flokka menn í sex svið: Raunsæja (realistic), rannsakandi (investigative), listræna (artistic), félagsnæma (social), framsækna (enterprising) og hefðbundna (conventional). Hversu vel fólk fellur að þessum flokkum gefur, samkvæmt kenningunni, vísbendingu um hentugt starfsval.

Hversu vel verka áhugasviðspróf – spá þau að jafnaði rétt fyrir um í hvaða störfum fólk verði ánægt og farsælt? Í einni af fáum rannsóknum þar sem þetta hefur verið skoðað voru áhugasviðspróf lögð fyrir menntaskólanemendur. Átta árum síðar var svo haft samband við þetta sama fólk og það spurt um starfsánægju sína. Einnig var haft samband við vinnuveitendur þess og þeir spurðir um frammistöðu fólksins. Í ljós kom að þeir sem völdu sér störf í samræmi við áhugasviðsprófið sem þeir tóku stóðu sig betur í starfi en þeir sem völdu sér störf í ósamræmi við áhugasviðsprófið.

Tekið af www.visindavefurinn.is.

# 100% bragð
# 0% viðbættur sykur

silfurtapparnir auðvelda þér valið




**Kíktu í tappann**

**200 flugmiðar frá Iceland Express ***
**leynast undir silfurtöppunum**

*Í boði eru 200 flugmiðar að eigin vali innan leiðakerfis Iceland Express. Gjafabréfin gilda í 1 ár frá útgáfudegi.
Hægt er að innleysa tappana til og með 31.12.2006 hjá Vífilfelli Stuðlahálsi 1, 110 Rvk. eða hjá umboðsmönnum um land allt.
Allar nánari upplýsingar á cocacolalight.is.

'Coca-Cola light', 'Fanta Free', 'Sprite Zero', Fresca, the dynamic ribbon device, the 'Coca-Cola contour bottle, and the 'Fanta' and 'Sprite' bottles are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2006 The Coca-Cola Company.



Ragnheiður Sturludóttir og Sigríður Eir Zophoníasardóttir leigja saman í Kaupmannahöfn þar sem þær stunda nám í trúðaskóla og í íbúðinni er oft glatt á hjalla. MYND/EINAR GUÐMUNDSSON

# Læra trúðinn í Danmörku

Þær Ragnheiður Sturludóttir og Sigríður Eir Zophoníasardóttir gerðu eins og margir aðrir jafnaldrar þeirra og héldu til Danmerkur í nám. Námið sem þær stunda er þó ekki eitt af þessu hefðbundna því þær stunda nám í trúðaskóla og ætla þær sér stóra hluti á því sviði.

„Þetta er tveggja ára nám þar sem mjög mikið er lagt upp úr mæmi, líkamsbeitingu, ímyndunaraflinu og svo erum við mikið í fimleikum, að standa á haus og annað slíkt. Við förum síðan bráðum að þróa okkar eigin trúðakaraktera en næst á dagskrá er að fara að vinna með grímur. Námið skiptist mikið niður í ákveðin stig. Fyrra árið er reyndar meira hið tæknilega en á seinna árinu verðum við að setja upp sýningar og annað,“ útskýrir Ragnheiður galvösk.

Skólinn, sem reyndar heitir ekki formlega trúðaskólinn heldur The Commedia school, byggir hugmyndafræði sína á öðrum skóla, Le Coq í Frakklandi, þar sem allt hið óþekkt er mun mikilvægara en það sem við þekkjum.

En hvernig datt stúlkunum, sem þekktust ekkert fyrir það, í hug að fara í þetta nám? „Sigga heyrði um skólann og ákvað að skella sér í námið þar sem það tekur ekki nema tvö ár og er þess vegna ekki of langur tími. Ég var hins vegar búin að vita um þennan skóla lengi og langaði alltaf í hann, alveg sama hversu fjarstæðukennt það hljómaði, og ég ákvað að að láta verða af þessu,“ segir Ragnheiður glöð í bragði.

Fyrstu kynni af skólanum eru mjög góð að sögn stelpnanna. „Þetta er mjög erfitt enda byggist allt sem maður gerir á sjálfum manni og fyrsta hálfa árið er algjör sjálfsskoðun þar sem maður skoðar allt í kringum sig frá grunni; hvers vegna hef ég alltaf labbað svona, afhverju geri ég þetta hinsegin og svo framvegis. Þetta er því mjög krefjandi en fyrst og fremst gaman.“

Ekki er alveg sjálfgefið að allir nemendur sem útskrifast úr skólanum fari að leika trúða í fullu starfi og segja stelpurnar mjög fjölbreytt hvað nemendur geri, allt frá því að vinna í sirkus eða í frekara leiklistarnám. Íslensku stelpurnar knáu eru enn ekki búnar að ákveða hvað þær að ætla að taka sér fyrir hendur eftir námið. „Þetta á samt pottþétt eftir að leiða okkur á einhvern stórfenglegan stað,“ segir Ragnheiður og þegar þær eru spurðar að því hvort þær ætli sér að verða fyrstu atvinnutrúðarnir á Íslandi vantar heldur ekki stóru orðin. „Alveg hiklaust!“ svarar Sigríður kokhraust en þær efast ekki um að hér sé markaður fyrir trúða eins og þær „Og ef einhver vill ekki borga okkur fyrir að vera trúðar þá gerum við það bara frítt.“

*- sha*

# Góður kostur fyrir nemendur

Aðstaðan í íþróttahúsi HÍ verður sífellt betri.

Eins og alþjóð veit geta fjárráð nemenda við Háskóla landsins verið af skornum skammti og þurfa margir að skrimta vel og skipulega. Líkamsrækt er einn af þeim þáttum sem oft vilja verða undir hjá námsmönnum og er þá oft peningaleysi um að kenna.

Til að gefa nemendum sínum kost á því að stunda fjölbreytta líkamsrækt býður Háskóli Íslands upp á mjög frambærilega aðstöðu í íþróttahúsi sínu. Þar er að finna snotran og nýuppgerðan lyftingasal með öllum helstu tækjum og tólum sem slíkur þarf að búa yfir auk þess sem hægt er að stunda hinar ýmsu íþróttagreinar í sjálfum íþróttasalnum, svo sem fótbolta, körfubolta og blak. Einnig er nemendum veittur aðgangur að gufubaði í íþróttahúsinu.

Ásóknin í líkamsræktaraðstöðu HÍ hefur farið sífellt vaxandi samhliða hækkandi verðskrá sjálfstæðra líkamsræktarstöðva á höfuborgarsvæðinu, en í HÍ er verðinu haldið í algjöru lágmarki. Þannig kostar árskortið í íþróttahús HÍ aðeins 7.000 krónur en til samanburðar má nefna að sams konar kort kostar 47.500 í World Class Laugum, staðgreitt.

STAÐGREIÐSLUVERÐ Á ÁRSKORTI Í LÍKAMSRÆKT

| | |
|---|---|
| Nordica Spa | 169.860 kr. |
| World Class | 47.500 kr. |
| Hreyfing | 46.500 kr. |
| Veggsport | 41.900 kr. |
| Sporthúsið | 34.100 kr. |
| Íþróttahús HÍ | 7.000 kr. |



Býr yfir öllum þeim tækjum og tólum sem líkamsræktarstöð þarf að bjóða upp á. Einnig er glæsilegur íþróttasalur í húsinu sem hægt er að leigja út fyrir lítinn pening. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Búningaðstaða er mjög góð hjá íþróttahúsi HÍ.





Steingrímur er nýbyrjaður í lögfræði í HR. Hann er með heiminn að fótum sér og ætlar sér vafalaust stóran bita af kökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Lögfræðin alltaf heillað

Steingrímur E. Jónsson hóf í haust nám í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík. Hann segir hagnýtni námsins hafa ráðið úrslitum um hvaða nám hann valdi sér að lokum.

„Mér fannst lögfræðin vera það fag sem hentaði mér best, ég sá mig í rauninni ekki í neinu öðru. Þó svo heimspeki og sálfræði hafi heillað mig á vissan hátt er lögfræðin mjög hagnýt og góð menntun.“

Spurður hvers vegna HR hafi orðið fyrir valinu viðurkennir hann að orðspor skólans hafi ráðið þar miklu um. „Ég valdi HR vegna þess að ég hafði heyrt að andinn og umgjörðin í skólanum væru mjög góð.“

Steingrímur segir kennarana í skólanum hafa metnað fyrir því að nemendur standi sig vel í námi. „Kennararnir vilja draga menn í gegn, markmið skólans er að allir nái, það er engin sía hér heldur komast allir áfram sem ná lágmarkseinkun,“ segir hann og bætir því við námið sé mjög þungt. „Ég næ ekki að sinna mörgu öðru með skólanum, ég reyni að vera að minnsta hérna að lesa fram að kvöldmat. Það er að mínu mati algjört lágmark að verja um það bil 40-45 klukkutímum á viku í skólanum, ætli maður sér að standa sig vel.“

Steingrímur segir félagslífið í skólanum nokkuð öflugt. „Þetta byrjaði með pompi og prakt en það er aðeins búið að draga úr því upp á síðkastið enda eru miðannarprófin fram undan.“

Spurður um framtíðarplönin segist hann hafa hug á því að taka í það minnsta þrjú ár til að byrja með og sjá svo til eftir það hvort hann muni taka mastersprófið í beinu framhaldi af því.

*-vör*



# SUND ER LEIKUR

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**
Helgar kl. **8:00 - 22:00**
afgreiðslutími er mismunandi eftir sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**
10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**
Stakt gjald börn **120 kr.**
10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík

# Hjúkrunarfræðin fórnarlamb staðalímynda

**Þórður Gunnar Þorvaldsson er einn af átta strákum sem nú eru nýnemar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Þórði líður vel innan um allar stelpurnar og segir námið skemmtilegt.**

Þórður reyndi hins vegar fyrst að komast inn í læknisfræði en var óheppinn að komast ekki í gegnum niðurskurðinn. „Ég labbaði tíu hringi í kringum Háskólabygginguna þar sem valið stóð á milli hjúkrunarfræði og lífefnafræði. Ég sá að hjúkrunarfræðin myndi nýtast mér þar sem hún byrjar mjög snemma á verknámi,“ útskýrir Þórður.

Ef eitthvað fag innan Háskóla Íslands hefur haft þann stimpil á sér að vera stelpufag þá er það hjúkrunarfræði. Hvað finnst Þórði um það? „Þetta er bara draumur fyrir alla gagnkynhneigða karlmenn og stelpurnar taka manni vel,“ svarar Þórður brosandi. Af 140 nýnemum í hjúkranarfræði eru eingöngu átta strákar en Þórður segir að þessi misskipting kynja í deildinni sé nokkuð undarleg og telur hann að hún sé komin vegna staðalímynda nútímans. „Þetta hefur einfaldlega tíðkast í gegnum tíðina og maður sér þetta endurspeglast í myndum á borð við Meet the Parents,“ segir Þórður, sem þó vill ekki alfarið kenna Florence Nightingale, fyrstu hjúkkunni, um þetta allt saman.

„Strákar eru samt alltaf mjög vel liðnir í deildinni. Það er líka mikilvægt að hafa karlkyns hjúkrunarfræðinga á spítölum þar sem mörgum karlmönnum sem liggja þar þykir auðveldara að tala við karlmann,“ segir Þórður, sem telur jafnframt að vægi hjúkrunarfræðinga sé alltaf að aukast og nefnir í því sambandi að eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum fari vaxandi.

Aðalmarkmið Þórðar með náminu var að sjá hvernig landið lægi og kynnast umhverfinu, enda er það stór ákvörðun að velja að starfa inni á spítala. Hann telur samt líklegast að hann reyni að komast inn í læknisfræðina. „Ef það gengur ekki mun ég halda áfram í þessu fagi þar sem mér finnst mjög skemmtilegt og mér líður vel hérna.“



Þórður Gunnar Þorvaldsson hjúkrunarfræðinemi er sáttur við deildina sína og finnst fínt að vinna með öllum stelpunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




## Prófalestur

Nú fer að líða að prófum og margir sestir niður við lesturinn. Ágætt er að temja sér góð vinnubrögð svo próflesturinn nýtist sem best og skili sem mestum árangri. Hér eru nokkur góð ráð sem vert er að fylgja:

1 Sofðu vel og reglulega því að úthvíldur hugur tekur betur við námsefninu en þreyttur.

2 Haltu lesaðstöðu þinni hreinni og snyrtilegri svo þér líði vel þar og eigir auðvelt með að finna hlutina.



3 Ekki reyna að lesa allt í einu, heldur skaltu gefa hverju efni sinn tíma.

4 Stattu reglulega á fætur og teygðu vel úr þér til að þú verðir ekki þreytt(ur) og stíf(ur).



5 Stundaðu líkamsrækt, því hreyfing getur bæði látið þér líða betur og fært þér aukna orku.

6 Borðaðu hollan og góðan mat sem þér líður vel af og gefur þér kraft. Ekki borða mikið af sælgæti og drekka gos sem sljóvgar þig.

7 Hvíldu þig kvöldið fyrir próf og farðu jafnvel í bíó. Sofnaðu svo snemma og þá ertu stálhress daginn eftir þegar prófið er.




www.ora.is
Ora tómatsósa
...seiðandi, rjóð og full af ástríðu
ora
680g
ora
Tómatsósa
alvöru amerískt bragð
ora
Ástríða í matargerð
Ora tómatsósa - alvöru amerískt bragð - eins og við viljum hafa hana!



Þorsteinn Valgeir ætlar sér að kenna líffræði í framhaldsskóla.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kölluninni svarað

**Þorsteinn Valgeir Einarsson er fyrsta árs nemi í líffræði við Háskóla Íslands. Þorsteinn nefnir heldur óvenjulegar ástæður fyrir því hvers vegna hann valdi að læra líffræði í HÍ.**

Þorsteinn sem er stúdent af náttúrufræðibraut í Borgarholtsskóla segist hafa valið líffræði vegna þess að hann langi til þess að kenna líffræði á framhaldsskólastigi. „Áhuginn kviknaði í líffræðitímum í Borgó, en mér fannst alltaf svo hundleiðinlegt í þeim og ég hugsaði með mér að það hlyti að vera hægt að gera námið áhugaverðara,“ segir hann en er þá spurður til baka hvernig hann hyggist gera það? „Ég held að málið sé bara að einfalda þetta, ekki tala bara í fræðum og þulum heldur að reyna að kenna þetta á mannamáli og hafa gaman af þessu, líffræði er skemmtileg ef hún er kennd á réttan hátt. Þetta finnst mér vera mjög spennandi áskorun, það má eiginlega segja að þetta sé mín köllun í lífinu,“ segir hann hlæjandi.

„Námið er töluvert erfiðara en ég bjóst við, þá sérstaklega efnafræðin og lífmælingar. Það kom mér einnig mjög á óvart hversu mikil stærðfræði var í þessu. Ég ætla þó að halda ótrauður áfram.“

Þorsteinn segir að framboðið af félagslífi í deildinni sé ágætt en það sama sé ekki hægt að segja um þátttöku nemenda. Sjálfur situr hann sem fulltrúi fyrsta árs nema í stjórn félags líffræðinema. „Ef ég klára ekki líffræðina, þá tek ég bara eitthvað annað og tek svo kennsluréttindi eftir það, ég ætla mér að svara kölluninni.“

- vör

# Menning og menntun

**Sameiginlegt skólablað allra framhaldsskóla á landinu leit dagsins ljós í fyrsta skipti á dögunum. Á morgun kemur svo út annað eintakið af blaðinu sem fengið hefur nafnið Verðandi.**

Sindri Freyr Steinsson, nemi í MH, er ritstjóri blaðsins, hann segir verkefnið í kringum Verðandi mjög spennandi. „Þetta kom þannig til að Guðmundur Rúnarsson útgefandi kom með þessa hugmynd um stórt menntaskólablað fyrir alla skóla. Blaðinu er samt ekki ætlað að koma í staðinn fyrir skólablöðin í hverjum skóla fyrir sig,“ segir hann.

Markmið Verðandi er að vera sameiginlegur fjölmiðill og málsvari allra framhaldsskólanema á landinu. „Við erum sjö manns í ritstjórninni en svo eru margir lausapennar úr flestum skólum á landinu. Verðandi er ekki rekið sem gróðafyrirtæki heldur mun frekar sem hugsjónafyrirtæki. Blaðið kemur í raun ekki út nema að við eigum fyrir því, við erum ekki með neinn sterkan fjárhagslegan bakhjarl.“

Hvað var blaðið lengi í bígerð? „Það liðu um það bil tveir mánuðir frá því að hugmyndin kom fram þar til fyrsta eintakið leit dagsins ljós. Hugmyndin er sú að gefa blaðið út í hverjum mánuði.“

Blaðinu er dreift í 20.000 eintökum í alla framhaldsskóla á landinu, auk þess sem hægt er að nálgast það á nokkrum fjölförnum stöðum. „Blaðið verður opið fyrir öllum sjónarmiðum og við í ritstjórninni skiptum okkur á engan hátt að því. Við vitum að allir menntaskólanemar eru ekki allir virkir lesendur dagblaða og það er kannski vegna þess að fjölmiðlar fjalla ekki nægilega mikið um málefni sem koma þeim beint við. Með þessum hætti viljum við reyna að ná til þessa hóps.“




Sindri Freyr Steinsson, nemi í MH og ritstjóri Verðanda, segir blaðið ekki rekið í gróðaskyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Næsta eintak Verðanda kemur út á morgun, 4. október. -vör




# Góð námstækni

Námstækni felur í sér að vinna skipulega, rifja reglulega upp, glósa aðalatriði og nota minnistækni en lífsstíll og aðstæður eru gríðarlega mikilvægir þættir. Heilsusamlegt líf svo sem nægur svefn, hollt mataræði og hreyfing hefur mikla þýðingu og svo vinnst betur ef herbergið er hlýtt og þrifalegt. Allt hefur þetta áhrif á minni, einbeitingu og árangur.



Upprifjun er besta vörnin gegn gleymsku

1. Áætlaðu daglega tíma til upprifjunar.
2. Líttu yfir efni dagsins og rifjaðu upp aðalatriðin. Dragðu saman aðalatriðin í hverjum kafla.
3. Farðu vandlega yfir glósur, vinnubækur, teikningar, uppdrætti, kort, spurningar og svör.
4. Farðu reglulega yfir námsefnið síðustu vikna/mánaða. Þú kemst fljótlega að því að reglulega upprifjun skilar árangri.
5. Sérhver nemandi getur bætt námsárangur sinn með betri vinnutækni.
6. Leitaðu aðstoðar kennara, foreldra eða námsráðgjafa ef þú vilt bæta eða breyta námsvenjum þínum.

“Kennarinn getur leitt nemandann að dyrum þekkingarinnar en nemandinn verður sjálfur að ganga í gegnum þær.”




# Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

**stundin - bragðið - stemningin**




VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Góa
Lakkrís dúndur
hausverk / SÍA / 5971
Góa
Stofnað 1968

## Hestamennska

**Ístölt útsala**

Útsölulok, 50-70% afsláttur af reiðfatnaði. Ístölt, Bæjarlind 2, S.555 1100.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Studioíbúðir til leigu. Hótel Hafnarfjörður s. 540 9700.

Til leigu fram á vor stúdíó íbúðir 20-40 fm. með húsgögnum, eldúsi, sér baðherbergi, þvottaaðstöðu og þráðlausri nettengingu. uppl. í síma 511 5600 og 517 4050.

Til leigu nýstandsett 2ja herb. (45 ferm.) íbúð í Þingholtunum. Leigist með/án húsgagna verð 80-90þ. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í síma 866 9116.

## Húsnæði óskast

**Geymsluhúsnæði óskast.**
Ölgerðin óskar eftir geymsluhúsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu, ca.250-350 fm. Góð aðkeyrsla og góðar dyr skilyrði. Sendið upplýsingar á larus@egils.is. Nánari upplýsingar veitir Georg í síma 899-2226.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu, skilvísar greiðslur, fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 896 8568.

**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

## Húsnæði til sölu



100 fm íbúð öll nýstandsett á jarðhæð í tvíbýli, stór eignarlóð, sveitakyrrð, stutt í leikskóla og nýjan grunnskóla, fallegt umhverfi til útivistar, aðeins 30 mín akstur í höfuðborgina. Verð 15.9 millj-ónir. Uppl. í s. 864 1120.

## Sumarbústaðir

Vantar þig gesthús, garðhús eða áhaldageymslu? Ef svo er hringdu í s. 696 7807. Íslensk framleiðsla, góð verð.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherb. til leigu á svæði 110. Uppl. í s. 899 5309.

Skrifstofa á ofanverðum Laugavegi til leigu 40 fm. Björt m. útsýni. Laus fljótlega. Uppl. í s. 864 8889. Langtímaleiga.

Til leigu 100 fm iðnaðarhúsnæði. Stórar innkeyrsluhurðir 3x3,50. Kaffistofa og WC. Sérhiti og rafmagn. Stórt útisvæði malbikað. S. 893 9144 & 893 9145.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Örlagalínan**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut 58-60**
**Óskum eftir að ráða dugmikið og þjónustulundað fólk til starfa í nýja og glæsilega verslun okkar að Háaleitisbraut 58 - 60. Eftirfarandi störf eru í boði:**

**-Fyrir hádegi frá 7:00 - 13:00 og einn dag aðra hverja helgi.**

**-Eftir hádegi frá 13:00 - 18:30 og einn dag aðra hverja helgi.**

**-Helgarvinna, tilvalin fyrir skólafólk.**

**Allar upplýsingar veitir Áslaug í síma 894 7407.**

**Bakaríið Kornið**
**Óskar eftir starfsfólki í hlutastörf í helgarvinnu og seinni part virka daga.**
**Uppl. í s. 864 1585 eða á kornid.is**

**Bakaríið Kornið**
**Óskar eftir starfsfólki í hlutastörf og hálfsdagsstörf. Hentar fólki á öllum aldri. Um er að ræða bakarí frá Hafnarfirði, Grafavogi, og miðbæ Reykjavíkur.**
**Uppl. í s. 864 1585 eða á kornid.is**

**Starfsmaður í eldhús.**
**óskum eftir starfsmanni í eldhús, lærðum eða með mikla reynslu**
**Upplýsingar í síma 864 6112.**

**BÆJARBAKARÍ**

**Starfskraftar og bakaranemar.**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Getum bætt við okkur bakaranemum. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Atvinna.**
**Fyrirtæki á stórreykjarvíkur svæðinu leitar eftir smiðum, í tímabundna vinnu. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í síma 661 0117 Rúnar.**

**Prikið auglýsir.**
**Óskum eftir starfsfólki á dagvaktir strax. Góð laun í boði fyrir rétt fólk.**
**Upplýsingar á staðnum og hjá Guggu 662 8474**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.**
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Óskum eftir ungu fólki 20 -30 ára í kvöld og næturvinnu strax**
**starfið felst í umönnun á líkamlega hreyfihömluðum strák. Sem þarf aðstoð allann sólahringinn, við allar athafnir daglegs lífs.**
**Áhugasamir hafið samband í síma 822 8803 & 587 1993.**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum, dagvinna. Góð laun í boði. Ekki yngri en 18. Good waiter/waiteress needed in cafe house in Kringlunni, must speek good english. And have experence. Grate atmospece to work. Informmation Cafe Bleu, Kringlunni Jón í tel. 690 1074.**
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 13-18.30 virka daga. Möguleiki er á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

Óska eftir skipstjóra, vélstjóra og stýrimanni á 100 rúmlesta fiskiskip sem fer á dragnótarveiðar á norðurlandi. Uppl. í s. 894 9419.

AU-PAIR óskast til Tenerife. Erum 4ra manna ísl. fjölskylda (bráðum 5) sem vantar hjálp með litlu guttana okkar og létt heimilisstörf. Vinsamlegast sendið umsókn á jonadis@hotmail.com

**Starfsfólk óskast**
Duglegan starfskraft vantar á dagvakt í söluturn og grill í Hafnarfirði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig hlutastarf á kvöldin og um helgar. Uppl. í s. 896 4040.

Múrari óskast til starfa einungis íslenskumælandi koma til greina. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Ari Oddsson ehf, sími 895 0383, arioehf@simnet.is.

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir vinnu nokkra tíma á dag. Heimilishjálp kemur til greina. Uppl. í s. 869 6715 & 694 1617.

Kona um fertugt óskar eftir atvinnu, vön verslunarstörfum. Uppl. í s. 866 7347.

Óska eftir vinnu á arkitektastofu m/ skóla. Kann á AutoCad og SketchUp. Arnþór í s. 865 0975.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Tölvunni minni var stolið frá Saga film aðfaranótt s.l. föstudags. Hvít i-book þakinn límmiðium. Ómetanlega persónulegir hlutir m.a. brúðkaupsmyndir o.fl. sem gagnast engum nema eiganda. Fundarlaunum heitið, engar spurningar.**
**Uppl. Saga Film 515 4600 eða Jón Bjarni 822 2519.**

## Tilkynningar

Sætuefnið aspartam fyrirlestur í Maðurlifandi í dag kl. 17.30

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál
















Dömurnar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódýrara, kr. 199,90 mín)

„Kvöldsögurnar“ á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódýrara, kr. 19,90 mín)

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

**Símaspjall 908 2020**

**allt atvinna**
Alla sunnudaga

**Tilboð! 3 fyrir 2!**



Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.

**Silikonfylltir brjóstahaldarar**



Stærðir 32 -38 A-DD
Verð aðeins 3.490.- og 4490.-

SJÁUMST
**COS**
Glæsibæ S. 588 5575

**Draumahús 530 1800**



**Markarvegur - 108 Rvk**







237,2 fm. vandað 6 herbergja parhús á 2 hæðum, á þessum eftirsótta stað í Fossvogi. Í dag er húsið með 2 íbúðum þar af er neðri íbúðin 2ja herbergja, en auðvelt er að breyta því í einnar íbúðar hús.
Nánari upplýsingar á skrifstofu Draumahúsa 530 1800 !

**Föst lág söluþóknun**

Alltaf föst lág söluþóknun

# Alfanámskeið

Tíunda námskeiðið í Neskirkju hefst 10. október
Kynning í kvöld 3. október kl. 20.00



Umsjón: Sigurvin Jónsson, Örn Bárður Jónsson, Úrsula Árnadóttir og Rúnar Reynisson.
Nánari upplýsingar á neskirkja.is og í síma 511 1560

**BM Valla ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til útkeyrslu á hellum og steinum á athafnasvæði félagsins í Reykjavík.**

Nánari upplýsingar gefur Þorlaugur í síma 898 4200 eða lager@bmvalla.is

BM·VALLÁ
**Bíldshöfða 7**

# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.**

**550 5600**



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


Stjórnsýsla Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verður lokuð frá kl. 12 á hádegi, þriðjudaginn 3. október, vegna jarðarfarar.

## ITC - Tjáning ekki þjáning

Íslensku tjáskiptasamtökin:
Kynningarfundur ITC Fífu er
Miðvikud. 4. okt. kl. 20:15-22:15
í Safnaðarheimili Hjallakirkju
Álfaheiði 17 Kópavogi
Uppl. í síma 698 0144
www.simnet.is/itc

## GRINDAVÍKURBÆR

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020**
Í samræmi við 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 vegna deiliskipulags við Melhól og hugmynda um breytta notkun á reitnum suðaustan við Melhól.

**Tillaga að deiliskipulagi við Melhól**
Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að nýju deiliskipulagi sunnan og suðaustan Melhóls og er markmiðið með þessu deiliskipulagi að þarna verði athafnasvæði.

Áður auglýstum skipulagsgögnum hefur verið breytt og verða tillögurnar til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62 og hjá Skipulagsstofnun Laugarvegi 166 Reykjavík frá og með 2. október 2006 til 13. nóvember 2006.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 13. nóvember 2006.

Skila skal inn athugasemdum á skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62, Grindavík. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja þær.

Grindavík, 26. september 2006.
Bæjarstjóri Grindavíkur.

VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

***Félagsfundur VSFÍ***
**Laugardaginn 7. október kl. 14:00,**
**Grand Hótel Reykjavík, Háteigur.**

***Dagskrá:***
**Stofnun Menningar- og styrktarsjóðs vélstjóra.**

***Stjórnin***

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

**Blönduð byggð**
Tillaga að breytingu á kafla 3.1.3. Blönduð svæði:
„Á blönduðum svæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð ásamt tilheyrandi nærþjónustu í bland við fjölþætta atvinnustarfsemi. Á þessum svæðum er þó ekki leyfileg starfsemi sem að jafnaði á heima á athafna- og hafnar- og athafnasvæðum og iðnaðarsvæðum.... Við skipulagningu blandaðra svæða [ ], sem ná til heils skólahverfis (900 íbúðir eða fleiri) eða stærra svæðis, skal líta á þau sem skipulagslega heild. [ ]...Í því getur falist að unnið verði rammaskipulag eða annars konar heildarskipulag, þar sem m.a. er gerð grein fyrir landnotkun, þéttleika byggðar, aðalgatnakerfi og skiptingu svæðis í smærri reiti til deiliskipulagningar...”
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 2. október til og með 13. nóvember 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað skilmerkilega, eigi síðar en 13. nóvember 2006.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 2. október 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090


Það er gott að búa á austurlandi

# Kaupvangur, Egilsstaðir.

**TIL SÖLU & LEIGU**







## 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

**2 herb. verð frá KR. 12.850.000*** TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

**3 herb. verð frá KR. 16.450.000*** TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

**4 herb. verð frá KR. 18.750.000*** TIL AFHENDINGAR 2007

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS 567 3400
FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. 580 7905
domus 545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# SJÓNARHORN



Elísabet Erlendsdóttir skemmti sér ljómandi vel við að tína ber á dögunum. Hérna sýnir hún ljósmyndaranum eitt rifsberjanna, sem hvarf stuttu síðar ofan í maga.
Fréttablaðið/Eygló



# TOPP 5: DOLLY PARTON

Dolly Parton ber það kannski ekki með sér að vera fjölhæfur og alvarlega þenkjandi listamaður, enda hafa margir fallið í þá gryfju að flokka hana sem heimska ljósku vegna óhóflegrar förðunnar og fatasmekks, hallærislegra hárkollna og sílikonbrjósta í yfirstærð. Staðreyndin er hins vegar sú að hún er jafn einlæg í tónsmíðum og hún er yfirborðskennd á að líta, eins og lög á borð við Jolene og I Will Always Love You sanna best. Ekki er nóg með að Dolly sé góður tónlistarmaður heldur er hún liðtæk leikkona sem hefur tekið að sér fá en skemmtileg hlutverk í gegnum tíðina. Hér eru þau fimm bestu.

**1. Steel Magnolias (1989).** Fjallar um vinkonuhóp sem hittist reglulega á snyrtistofu Truvy Jones, persónu Dolly Parton, til að deila vonum sínum og væntingum. Melódramatísk mynd sem átti þátt í því að gera Juliu Roberts að alþjóðlegri stórstjörnu. Góður samleikur leikkvennanna gerir hana að bestu skemmtun.

**2. Nine to Five (1980).** Þrjár skrifstofukonur hafa fengið nóg af hrokafullum yfirmanni og ákveða að launa honum lambið gráa. Fyrsta kvikmynd Dollyar sýndi að hún hafði alla burði til að ná langt á leiklistarbrautinni. Hún samdi einnig samnefnt titillag myndarinnar sem lifir enn góðu lífi á skemmtistöðum bæjarins.

**3. The Best Little Whorehouse in Texas (1982).** Gamansöm söngvamynd um fógeta sem berst fyrir því að halda hóruhúsi bæjarins opnu. Önnur mynd Dollyar er augljóslega framleidd til að gera stjörnuna enn stærri. Samdi titillag myndarinnar, I Will Always Love You, sem varð frægt tæpum áratug síðar í flutningi Whitney Houston við myndina The Bodyguard (1992).

**4. Straight Talk (1992).** Smábæjarstúlka gerist útvarpsþáttarstjórnandi í Chicago og slær í gegn. Dolly augljóslega í essinu sínu með fullt af hnyttnum tilsvörum á borð við „Komdu þér niður af krossinum vina mín! Einhver þarf á viðnum að halda!" Fyrirsjáanleg en góð skemmtun.

**5. Rhinestone (1984).** Sveitasöngvari tekur veðmáli um að breyta ógeðfelldum leigubílstjóra í frambærilegan söngvara. Ein fyrsta tilraun Sylvesters Stallone til að fikra sig áfram í gamanleik hlaut ekki náð fyrir augum almennings og gagnrýnenda. Fín afþreying engu að síður, sérstaklega fyrir aðdáendur Dollyar.







# Er ástæða til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða?

**Umræðan**

Sjávarútvegur og byggðirnar

Það fer ekki framhjá neinum sem ferðast um Ísland, og fer úr einu sjávarplássi í annað að kvótakerfið er búið að eyða því sem tilvera, menning og lífsstíll íbúanna í flestum þeirra hefur í gegnum tíðina byggst á.

Efnamenn í þéttbýlinu bjóða stöðugt hærra og hærra í fiskveiðiheimildirnar sem hinar fáu fjölskyldu- og einyrkjaútgerðir sem enn finnast á landsbyggðinni ráða yfir. Þeim einstaklingum sem fara með forræðið yfir veiðirétti þessara litlu atvinnueininga, er á þann hátt mútað til að láta hann af hendi. Selja hann frá sínu fólki og úr sinni heimabyggð. Atvinnuréttinn sem þetta fólk, kynslóð fram af kynslóð, hefur byggt tilveru sína á. Þær veiðiheimildir sem hafa verið seldar koma aldrei aftur. Það kemur engin fjölskyldu- eða einyrkjaútgerð í stað þeirrar sem misst hefur fiskveiðiheimildir sínar og lögð hefur verið af. Af þessum sökum eru hin smærri sjávarpláss stöðugt að visna, eymdin að leggjast yfir og fólkið að flytja í burt.

Á fiskveiðiárinu á milli áranna 2004 og 2005 fækkaði smábátum sem lönduðu afla um 20% og fastlega má reikna með að fækkun báta í þessum útgerðarflokki hafi orðið hlutfallslega meiri á því fiskveiðiári sem nú var að ljúka.

Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur einnig leitt til þess að eignarhald smábáta og þær fiskveiðiheimildir sem þeir hafa, er að færast frá sjómönnunum sem á þeim starfa og á hendur efnamanna. Efnamennirnir leigja síðan fiskveiðiheimildirnar fram og til baka sín á milli. Sjómennirnir sem á bátunum vinna eru arðrændir (látnir róa á hálfu kaupi) til að fjármanga leigubraskið. Þannig eru þeir neyddir til að halda braskinu gangandi á sinn kostnað og halda uppi arðseminni af því. Þetta leiðir svo aftur til þess að söluverðmæti fiskveiðiheimildanna hækkar.

Ef einstaka sjómaður lætur í ljós óánægju sína með þessa stöðu mála við vinnuveitanda sinn fær hann jafnan hið staðlaða svar: „Ef þú ert óánægður með eitthvað vinur, farðu þá bara og finndu þér aðra vinnu.“



GUÐJÓN INGÓLFSSON

Sjómenn sem róa á smábátum í dag hafa enga kjarasamninga. Þeir virðast því í svipaðri stöðu gagnvart vinnuveitendum sínum og kollegar þeirra við upphaf síðustu aldar, áður en verkalýðshreyfingarinnar fór að njóta við. Kannski er ekki óeðlilegt að spurt sé í þessu samhengi, hver er staða verkalýðshreyfingarinnar í nútímasamfélagi? Eru áhrif hennar kannski hægt og sígandi að fjara út?

Reikna má með að margir vilji benda á að sú óheillavænlega þróun sem hér er rakin sé ásættanleg af þeirri ástæðu að hún leiði af sér aukna arðsemi sjávarútvegsins, þetta sé bara „hagræðing innan greinarinnar“.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að stórútgerðir þéttbýlisins, sem búnar eru að sölsa undir sig megnið af fiskveiðihimildunum, eru ekki að skila neinum arði í merkingu þess orðs, þrátt fyrir að orðið hafi miklar tækniframfarir í starfsemi þeirra hin síðari misseri og að þær hafi í dag yfir að ráða margfalt stærri og öflugri skipum en áður hafa sést á fiskimiðunum við strendur landsins.

*Í þessu samhengi er rétt að benda á að stórútgerðir þéttbýlisins, sem búnar eru að sölsa undir sig megnið af fiskveiðihimildunum, eru ekki að skila neinum arði í merkingu þess orðs*

Núverandi stjórnarsamstarf Sjálfstæðisfloks og Framsóknar hófst árið 1995. Frá því að þetta stjórnarsamstarf hófst hefur jafnt og þétt fjarað undan hinum dreifðu byggðum. Fjöldi sjávarplássa sem standa við gjöful fiskimið hefur á þessu tímabili tapað nánast öllum sínum fiskveiðiheimildum.

Framsóknarflokkurinn sem fyrr á tímum gaf sig út fyrir að bera hag hinna dreifðu byggða fyrir brjósti hefur undanfarin ár snúist gegn hagsmunum þeirra og náð í þá veru dramatískum árangri. Af störfum þess ágæta flokks hin síðari misseri verður ekki annað ráðið en að hagsmunagæsla í þágu fárra útvaldra, sem hafa verið að koma ár sinni betur fyrir borð, hafi ein ráðið för.

*Höfundur er verkfræðingur.*

**AF NETINU**

## Sovétinnrás

**Innlegg Jóns Vals Jenssonar vegna brottfarar Varnarliðsins.**



JÓN VALUR JENSSON

Hvernig í ósköpunum stóð á því, að Bandaríkjamenn urðu að fljúga í veg fyrir sovézkar herflugvélar jafnoft héðan frá Keflavík eins og frá öllum öðrum herstöðvum sínum samanlagt? Það sýndi sig, að þar sem tómarúm myndaðist, s.s. í Eþíópíu og Mósambik, þar leitaði Rauði herinn á um að þenja út áhrif Sovétmanna, eins og Vladimír Búkovskí hefur sagt. Eftir allan vöxt sjóhers þeirra hefði óvarið Ísland verið auðveld bráð um 1980. Jafnvel þótt „tilefnið“ hefði ekkert verið, var auðvelt að búa það til, eins og átt hefur sér stað í mörgum stríðum áður. Á þeim tíma a.m.k. var staðsetning landsins enn afar mikilvæg varðandi viðbúnað kjarnorkuflauga. Að halda, að Bandaríkjamenn hafi verið að sólunda hér skattpeningum sínum að óþörfu eða til einhvers annars en varnarviðbúnaðar, er bernsk hugsun í hermálum.

**Höfundur skrifar á Skoðanir á Visir.is.**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni sem sent er á greinar@frettabladid.is. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




Helgarferðir til Ljubljana
12., 19. okt og 2. nóv.

Höfuðborg Slóveníu
LJUBLJANA
Verð frá
59.740
á mann í tvíbýli í 3 nætur

Gullfalleg, vinaleg og hlý!
Ljubljana sameinar töfra liðinna alda og nútímann. Í Ljubljana fáum við á tilfinninguna að við séum í litlu fjallaþorpi og samt erum við í kraftmikilli menningarborg þar sem bíður okkar fjöldi kaffihúsa, veitingastaðir, verslanir, leikhús og óperuhús.

Úrvals gisting
Frábærar skoðunarferðir
– Gönguferð um gamla bæinn
– Náttúruperlan Bled-dalur
– Dropasteinshellarnir og Predjama-kastalinn




# Vistunarmat aldraðra og ráðvilla

**Umræðan**

Fyrsta grein af fjórum eftir Jóhann Óla Guðmundsson um heilbrigðis- og öldrunarmál.



JÓHANN ÓLI GUÐMUNDSSON

Þingmönnum, embættismönnum í heilbr.- og tryggingaráðuneytinu og reyndar öllum áhugamönnum um málefni aldraðra, er vinsamlegast bent á að lesa greinar eftir framkvæmdastjóra Sóltúns, Önnu Birnu Jensdóttur, sem birtust af og til á síðum Morgunblaðsins seinni hluta síðasta árs og auðvelt er að nálgast. Fjallar hún í umræddum greinum um helstu þætti vistunarmála aldraðra og þjónustumat í því sambandi, en svo virðist sem mikillar vanþekkingar gæti um þessi mikilvægu atriði meðal aldraðra og ættingja þeirra. Í þessum greinum er að finna allan nauðsynlegan fróðleik um þau atriði sem máli skipta, þ.á m. upplýsingar um svokallað „RAI“-mat, sem er eina samræmda matið fyrir þjónustu- og meðferðarmagn íbúa á hjúkrunarheimilum. Síðan eru til opinberar upplýsingar hjá Landlæknisembættinu, um meðal þjónustuþunga (RAI-stuðull) á öllum hjúkrunarheimilum landsins. Vegna opinberrar umræðu um þessi mál er eðlilegt að fram komi, að af þessum samanburði má sjá að þjónustuþungi er langmestur á Sóltúni, enda beinlínis til þess ætlast í þjónustusamningi við ríkið. Í allri umfjöllun um rekstur hjúkrunarheimila er nauðsynlegt að gera greinarmun á þessu mikilvæga atriði af augljósum ástæðum, bæði faglegum og fjárhagslegum. Ég legg ekki mat á það hvert þjónustudaggjald á öðrum hjúkrunarheimilum skuli vera, en fullyrði að það er engin fagleg forsenda fyrir því að öll hjúkrunarheimilin fái sama daggjald án tillits til hjúkrunar- og umönnunarþunga, hvað þá að bera saman daggjöld fyrir hjúkrunarheimili annars vegar og almenn dvalarheimili hins vegar. Efnislega virðist málflutningur sumra stjórnenda hjúkrunarheimila, sem ekki vilja sjá augljósar staðreyndir í þessum efnum, ganga út á það að hafa af ríkissjóði fé, mjög mikið fé, með villandi og órökstuddum málflutningi. Ef hjúkrunarheimili telja sig þurfa aukið rekstrarfé má fara faglegar leiðir til að rökstyðja kröfuna um slíka aukningu, „RAI“-matið er viðurkennd leið til þess.

Þann 26. ágúst sl. birtist mjög athyglisverð grein í Morgunblaðinu eftir Dagbjörtu Þyri Þorvarðardóttur, hjúkrunarfræðing, lektor og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Hrafnistu, sem greinir frá dæmum um greidda þjónustu til aldraðra, af almannafé annars vegar, og hins vegar vanefndir á að umrædd og greidd þjónusta sé veitt af þjónustusala, sjálfseignarstofnunni Hrafnistu í þessu tilviki. Ef marka má orð Dagbjartar um þetta mikilvæga mál, þá fæ ég ekki betur séð, en að brýn þörf sé á að opinber rannsókn sé látin fara fram til að leiða sannleikann með formlegum hætti í ljós. Trúverðugleiki í meðferð almannafjár liggur undir í þessari umræðu.

*Ef marka má orð Dagbjartar um þetta mikilvæga mál, þá fæ ég ekki betur séð, en að brýn þörf sé á að opinber rannsókn sé látin fara fram til að leiða sannleikann með formlegum hætti í ljós.*

Í sömu grein er borið lof á rekstur Sóltúns sem andstæðu hins fyrra. Tilurð Hjúkrunarheimilisins Sóltúns er engin tilviljum. Þar fer saman metnaðarfullur ásetningur stjórnvalda þess tíma og mikill umönnunarmetnaður starfsmanna Sóltúns. Meðferðar- og umönnunarniðurstöður eru sláandi góðar á heimilinu. Heilbrigðisstarfsmenn bíða á biðlistum eftir að komast í starf hjá Sóltúni, á sama tíma og heilbrigðisstofnanir á Reykjavíkursvæðinu virðast víðast hvar glíma við starfsmannaskort. Hvað veldur? Það skyldi þó ekki m.a. liggja í rekstrarforminu?

Allur rekstur Sóltúns og umönnunarþjónusta er þegar kostnaðargreind og útfærð niður í smæstu agnir. Erlendir sérfræðingar koma í hópum til Íslands til að kynna sér rekstur og umönnunaraðferðir heimilisins, enda verið um það fjallað í fjölmörgum blaða- og fræðigreinum erlendis og heimilið hlotið einróma lof. Sóltún er nú þegar orðið fyrirmynd uppbyggingar í vistunarmálum erlendis, á meðan íslensk stjórnvöld halda áfram ráðvilltri gandreið sinni yfir tímann og aðhafast annað tveggja, mikið af engu og lítið af viti. Á meðan deyja margir ótímabærum dauða, því í þeirra tilviki leysir biðtíminn engan vanda heldur þvert á móti. Síðustu ráðstafanir í málefnum aldraðra virðast ekki taka mið af mismunandi vistunar- og umönnunarþörf, heldur eru úthlutanir framkvæmdar án samhengis við fyrirliggjandi forsendur og enginn skilgreindur greinarmunur gerður á umönnunarþunga og því sem honum fylgir. Ráðþrot heilbrigðisráðuneytisins er meira en bara slæmt, það er orðið hættulegt heilsu fjölda fólks og er ekki að sjá að núverandi heilbrigðisráðherra muni hafa nokkra leiðandi sýn inn í framtíðina fyrir hina veikustu úr hópi aldraðra.

Það þarf ekki að teygja lopann lengur, íslensk stjórnvöld hafa vel heppnaða fyrirmynd fyrir augunum þar sem Sóltún er, enda voru þau beinn aðili að þessu mikla framfaraskrefi í vistunarmálum aldraðra eins og gefur að skilja. Það þarf ekki að kasta umræðunni út og suður til þess eins að tefja framvindu í málaflokki sem þegar er búið að gera metnaðarfulla áætlun fyrir. Á 12 til 24 mánuðum má klára framkvæmdir sem breyta þjóðarskömm í þjóðfélagslegan sóma. Hjúkrunarheimilið Sóltún er fyrirmyndarverkefni um það hvernig samstarf virkrar pólitískrar stefnumótunar og einkarekstrar getur farið fram.

*Höfundur er stjórnarformaður Öldungs hf. sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún.*

# Af hverju ekki sænsku leiðina?

**Umræðan**

Löggjöf gegn vændi



ÁSTA MÖLLER

Ég tek heils hugar undir hugmyndir Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um breytingar á hegningarlögum sem fela í sér að ákvæði um refsingu fyrir að stunda vændi sér til framfærslu falli niður, en þess í stað verði refsivert að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann í opinberum auglýsingum.

## Sérstaða Íslands

Vændi til framfærslu er bannað hér á landi skv. núgildandi lögum. Jafnframt er refsivert að hafa milligöngu um vændi og er þá átt við vændisdólginn svokallaða. Ákvæði íslenskra laga um bann við vændi sér til framfærslu hafa sérstöðu meðal nágrannaþjóða. Í Noregi, Finnlandi og Danmörku eru hvorki kaup né sala á vændi bönnuð. Svíþjóð sker sig hins vegar úr með því að banna kaup á vændi. Það er hin svokallaða sænska leið sem deilt hefur verið um.

*Þessi staða verndar dólgana og styrkir stöðu þeirra gagnvart þeim sem stunda vændi á þeirra vegum.*

Íslenska ákvæðið er barn síns tíma og ber að fella úr gildi. Það er óeðlilegt að refsa öðrum aðilanum þegar tvo þarf til verknaðarins. Í tilviki íslenska ákvæðisins er þeim aðila refsað sem yfirleitt stendur veikari í þeim samskiptum, en hann þarfnast fyrst og fremst félagslegrar, fjárhagslegrar og sálrænnar aðstoðar til að hverfa frá iðju sinni.

## Vændi á Íslandi

Ég átti sæti í nefnd dómsmálaráðherra sem skoðaði m.a. hina svokölluðu sænsku leið og skilaði skýrslu til ráðherra fyrr á þessu ári. Þar kom fram að töluvert skortir á að vændi sé nægilega rannsakað og að erfitt hefur reynst að meta umfang og eðli þess hér á landi.

Nokkrar sláandi upplýsingar liggja þó fyrir:

**1.** Talið er að vændi hafi aukist eftir að nektarstaðir hófu starfsemi, en götuvændi er nánast óþekkt.
**2.** Rúmur helmingur þeirra sem taldir eru stunda vændi er undir 18 ára aldri.
**3.** Ungt fólk sem stundar vændi gerir það af neyð til að afla sér viðurværis og fjármagna neyslu eiturlyfja.
**4.** Marktækt fleiri strákar en stelpur undir 18 ára aldri hafa þegið greiðslu fyrir kynmök.

## Rök gegn sænsku leiðinni

Mörg rök eru gegn því að fara hina svokölluðu sænsku leið, en Svíar hafa einir þjóða farið þá leið. Ekki liggja fyrir haldgóðar upplýsingar um áhrif hennar á þeim sjö árum sem ákvæðið hefur verið í gildi. Þannig hefur t.d. ekki verið sýnt fram á að umfang vændis hafi minnkað í Svíþjóð, þótt minna sé um sýnilegt götuvændi. Þegar götuvændi minnkaði er talið að vændið hafi færst undir yfirborðið og netmiðlar og símtækni notuð til að koma á sambandi milli aðila. Þetta hefur leitt til þess að erfiðara hefur reynst að hafa eftirlit með starfseminni og beita félagslegum úrræðum. Markmið með lagasetningunni var að minnka ofbeldi gagnvart konum og vinna gegn mansali. Talið er að ofbeldi í kringum vændi hafi aukist, en það stríðir gegn markmiðum laganna. Þá hefur reynst enn erfiðara að sanna sök vændisdólga, því kaupendur vændis eru tregir til að vitna gegn þeim, því um leið játa þeir á sig sök um kaup á vændi. Þessi staða verndar dólgana og styrkir stöðu þeirra gagnvart þeim sem stunda vændi á þeirra vegum. Þá hefur reynst erfitt að fylgja banninu eftir, sem minnkar almenna virðingu fyrir lögum.

Á síðustu árum hafa bæði Norðmenn og Danir hafnað sænsku leiðinni eftir ítarlega skoðun.

Ég er mótfallin því að fara sænsku leiðina og hef fært rök fyrir því. Jafnframt bendi ég á að hæpið er að beita aðferðum hér á landi sem miða við allt annan veruleika en Svíar stóðu frammi fyrir árið 1999 þegar þeir settu í lög að kaup á vændi væru refsiverð. Jafnframt eru allt aðrar aðstæður hér á landi til að hafa eftirlit og stemma stigu við mansali. Landfræðilegar varnir og einn alþjóðaflugvöllur sjá til þess.

*Höfundur er alþingismaður og sækist eftir 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.234 **-0,82%** **Fjöldi viðskipta:** 407 **Velta:** 5.555 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | 1,36% | **Exista** | 1,72% |
| **Landsbankinn** | 0,38% | **KB banki** | 1,65% |
| **Xx** | x,xx% | **Icelandic Group** | 1,25% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,80 -0,30% ... Alfesca 5,09 -0,59% ... Atlantic Petroleum 595,00 +1,36% ... Atorka 6,45 -0,77% ... Avion 30,50 +0,00% ... Bakkavör 57,50 -0,86% ... Dagsbrún 5,03 -0,40% ... FL Group 22,70 -0,44% ... Glitnir 20,20 -0,49% ... KB banki 836,00 -1,65% ... Landsbankinn 26,70 +0,38% ... Marel 76,00 -0,65% ...

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Prófessor Michael E. Porter flutti fyrirlestra og tók við heiðursdoktorsnafnbót:

# Hvetur til umræðu um krónuna

Kostnaður við krónuna sem gjaldmiðil er meiri en nemur ávinningnum af því að halda henni, segir Michael E. Porter, prófessor við Harvard Business School, sem af mörgum er talinn einhver áhrifamesti viðskiptahugsuður vorra tíma.

Porter hélt í gær fyrirlestur um samkeppnishæfni þjóðarinnar á Hótel Nordica, en hann var hér staddur á vegum rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtækisins Capacent. Hann segir þjóðina þurfa að einbeita sér að uppbyggingu iðnaðar og viðskipta á sérhæfðum sviðum þar sem hún geti jafnframt byggt á reynslu sinni og styrk. Þá segir hann að huga þurfi að heildarmyndinni. „Vandinn við samkeppnishæfni er að allt skiptir máli, menntakerfi, heilbrigðismál og umgjörð atvinnulífsins,“ segir hann og hvetur til samráðs stjórnmálaafla, fræðimanna og atvinnulífsins um hvert skuli stefnt.



**TEKUR VIÐ HEIÐURSDOKTORSNAFNBÓT** Michael E. Porter, prófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, var í gær gerður heiðursdoktor við Háskóla Íslands.

Porter tók í gær við heiðurdoktorsnafnbót við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, en deildin undirbýr nú samstarf við Harvard-háskóla um kennslu í rekstrarhagfræði á meistarastigi með sérstakri áherslu á samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóða. Stofnun Porters við Harvard, Institute for Strategy and Competitiveness, hefur boðið viðskipta- og hagfræðideild til samstarfsins. **- óká**

# Greiðir út nítján milljarða í arð

## Arðgreiðslan lokaliður í því að slíta á eignatengsl KB banka við Existu.

KB banki hefur boðað til hluthafafundar þann 16. október þar sem stjórn bankans leggur til að bankinn greiði hluthöfum sínum aukaarð í formi hlutabréfa í Existu.

Fyrir hvern hlut í KB banka munu hluthafar fá 1,25 hluti í Existu og nemur arðgreiðslan um 7,7 prósentum hlutafjár í Existu.

Miðað við markaðsvirði Existu jafngildir arðgreiðslan 19,2 milljörðum króna. Stefnt er að því að arðgreiðslan verði þann 26. október.

Stjórnendur bankans greindu frá því á vordögum að þeir myndu leysa upp eignarhald í Existu og var liður í því að greiða út helming af upphaflegum eignarhlut sem aukaarð til hluthafa. Bankinn seldi jafnframt bréf sín í Existu til lífeyrissjóða í sumar og til fagfjárfesta og almennra fjárfesta á dögunum.

Stærsti hluthafi KB banka er Exista með yfir 25 prósenta eignarhlut. Gangi áform stjórnenda bankans eftir fær Exista eigin hlutabréf fyrir um fimm milljarða króna.

**HVAÐ GETUR HLUTHAFI Í KB BANKA FENGIÐ Í AUKAARÐ:**

| Fjöldi hluta í KB banka | Markaðsvirði* | Fjöldi hluta í Existu | Markaðsvirði** |
|---|---|---|---|
| 500 | 418.000 | 625 | 14.250 |
| 1.000 | 836.000 | 1.250 | 28.500 |
| 5.000 | 4.180.000 | 6.250 | 142.500 |
| 10.000 | 8.360.000 | 12.500 | 285.000 |

* Miðað við gengið 836 ** Miðað við gengið 22,8



**ÆÐSTU STJÓRNENDUR KB BANKA** Stjórn bankans leggur til að hluthafar fái 19,2 milljarða króna í aukaarð í Existu.

Áhrif skráningar Existu í Kauphöllina höfðu mikil áhrif á afkomu KB banka á þriðja ársfjórðungi. Reiknuðu þeir með að hagnaður næmi 23 milljörðum króna miðað við útboðsgengi Existu. **- eþa**



**MAGNÚS JÓNSSON FORSTJÓRI ATORKU** í tilkynningu sem Atorka Group sendi frá sér segir að ákvörðun stjórnenda Kauphallarinnar í gær lýsi alvarlegum skorti á heildarsýn á það sem eigi sér stað á markaði hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Atorka í mál við Kauphöll Íslands

**Kauphöll Íslands sektaði í gær Atorku Group um 2,5 milljónir króna fyrir villandi upplýsingagjöf í tilkynningu. Atorka mótmælir ákvörðuninni harðlega og kveðst standa vel að upplýsingagjöf og vera það félag Kauphallarinnar sem birti ítarlegust uppgjör um starfsemi sína.**

Kauphöll Íslands hefur áminnt Atorku Group opinberlega og sektað félagið um 2,5 milljónir króna fyrir brot á reglum Kauphallarinnar. Kauphöllin sendi frá sér tilkynningu þessa efnis eftir lokun markaða í gær. Atorka mótmælir ákvörðuninni harðlega og hefur falið lögmönnum sínum að höfða dómsmál til ógildingar henni.

Þá lýsir Atorka Kauphöllina ábyrga fyrir öllu tjóni sem af málinu kann að hljótast. „Jafnframt verður Fjármálaeftirlitinu sent erindi vegna málsins á grundvelli eftirlitshlutverks þess samkvæmt XI. kafla laga um starfsemi kauphalla,“ segir í tilkynningu félagsins.

Kauphöllin segir Atorku Group hafa gerst brotlega við reglur fyrir útgefendur verðbréfa þegar félagið sendi 30. ágúst Kauphöll Íslands fréttatilkynningu vegna birtingar á sex mánaða uppgjöri þess. „Fyrirsögn tilkynningarinnar var: „Hagnaður Atorku Group eftir skatta á fyrri helmingi ársins var tæplega 4,9 milljarðar króna.“ Við lestur uppgjörsins kom í ljós að hagnaður samstæðunnar var 187 milljónir króna. Þær lykiltölur sem fram komu í fréttatilkynningunni voru aðeins lykiltölur móðurfélagsins. Engar lykiltölur voru um samstæðuna,“ segir í tilkynningu Kauphallarinnar og tekið fram að óskað hafi verið leiðréttingar. Eftir fund 13. september sendi Atorka frá sér nýjar tilkynningar 14., 19. og 21. sama mánaðar, en Kauphöllin taldi þær ófullnægjandi „þar sem umfjöllun um móðurfélagið var enn þungamiðjan í tilkynningunum“. Þannig segir Kauphöllin að fréttatilkynning Atorku vegna uppgjörsins hefði átt að endurspegla uppgjör samstæðunnar og félaginu væri óheimilt að haga tilkynningunni með þeim hætti að veita nær eingöngu upplýsingar um niðurstöðu reikningsskila móðurfélagsins.

Atorka segir að málið allt byggist á alvarlegum misskilningi á lögum og reglum sem gilda um Kauphöll Íslands og uppgjör fyrirtækja og kveðst hafa stundað bæði ítarlega og vandaða upplýsingagjöf umfram skyldur sínar. „Í fréttatilkynningu Kauphallar Íslands er því ranglega haldið fram að ekki hafi verið brugðist við tilmælum Kauphallarinnar. Þetta er rangt því Atorka óskaði eftir fundi með forsvarsmönnum Kauphallarinnar og gerði í kjölfarið margar tilraunir til að leysa málið, m.a. með fjórum tillögum um breytta uppsetningu fréttatilkynningarinnar. Þessum tillögum sinntu starfsmenn Kauphallarinnar lítt,“ segir Atorka sem kveður eðlilegt að leggja áherslu á uppgjör móðurfélagsins enda lýsi afkomunni best, um leið og fram hafi komið upplýsingar um rekstur samstæðunnar.

Atorka fór fram á að fá birt mótsvör sín í upplýsingakerfi Kauphallarinnar en var neitað um þá birtingu. Segir talsmaður Atorku að fyrirtækið furði sig mjög á viðhorfi og vinnubrögðum Kauphallarinnar. **olikr@frettabladid.is**

RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun




**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.**

**Renault Trafic**
Verð frá kr. 2.280.000
**Verð frá kr. 1.831.325 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
**Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.**

**Renault Master**
Verð frá kr. 2.720.000
**Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.**
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
**Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.**

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

B&L
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

TOLLI ER 53 ÁRA Í DAG

*Við erum alltaf að reyna að búa til eitthvað nýtt, en þegar við stöndum á krossgötum þurfum við að finna leiðina áfram með því að fara langt aftur.*

***Þorlákur Kristinsson – eins og Tolli heitir réttu nafni – er einn virtasti myndlistarmaður Íslands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. OKTÓBER 1944

## *Uppreisn brotin á bak aftur*

Á þessum degi árið 1944 brutu Þjóðverjar á bak aftur uppreisn sem staðið hafði í tvo mánuði í höfuðborg Póllands, Varsjá. Pólska heimavarnarliðið og íbúar Varsjárborgar risu upp gegn þýska hersetuliðinu þann 1. ágúst árið 1944 þar sem talið var að herafli Sovétmanna myndi koma til hjálpar og frelsa borgina. Heyrst hafði vopnagnýr rétt utan við pólsku höfuðborgina stuttu áður þegar Sovétmenn áttust við þýska herinn.

Andspyrnuhreyfingin notaði holræsakerfi borgarinnar til að ferðast milli borgarhluta og til að koma skilaboðum milli manna. Ekkert bólaði á sovéska hernum og eftir 63 daga vonlausa baráttu gáfust heimamenn upp fyrir þýska hernum. Um fimmtán þúsund uppreisnarmenn létust og um fjórðungur allra íbúa borgarinnar var myrtur. Eftir uppgjöfina skipuðu Þjóðverjar öllum íbúunum að yfirgefa borgina.



**GYÐINGAHVERFIÐ Í VARSJÁ**

Rauði herinn kom til Varsjár í janúar 1945. Ekki voru raunir Póllands þar með liðnar því Stalín hafði lítinn hug á að gera landið að lýðræðislegu ríki. Í mars árið 1945 höfðu Sovétríkin hernumið allt Pólland.

## MERKISATBURÐIR

**1542** Gissur Einarsson er vígður Skálholtsbiskup, sá fyrsti í lútherskum sið.

**1932** Írak hlýtur sjálfstæði frá Bretum.

**1975** Gná, þyrla Landhelgisgæslunnar hrapar í Skálafelli en enginn slasast.

**1981** Fangar í Maze-fangelsinu á Írlandi hætta hungurverkfalli eftir sjö mánuði og tíu dauðsföll.

**1990** Austur- og Vestur-Þýskaland sameinast á ný.

**1995** Tilkynnt er að O.J. Simson hafi verið fundinn saklaus.

**1996** Kvikmyndin Þar sem djöflaeyjan rís, eftir Friðrik Þór Friðriksson, er frumsýnd.


Legsteinar



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ




*Ástkær eiginmaður minn,*

**Eyjólfur Jósep Jónsson**
frá Sámsstöðum,

lést af slysförum laugardaginn 30. september.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Sveinbjörg Ólöf Sigurðardóttir.**



*Þökkum innilega hlýhug og samúð vegna andláts*

**Helga Hallgrímssonar**
Norðurbyggð 1c, Akureyri.

**Eiginkona, börn, móðir og aðrir aðstandendur.**



*Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jakob Einar Ármannsson**
frá Tálknafirði, Bjargartanga 2, Mosfellsbæ,

lést fimmtudaginn 28. september. Útför hans fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu föstudaginn 6. október kl. 13.00 Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á sjónvarpsstöðina Omega (kt. 630890-1019, bnr. 0113-26-4750)

**Guðjóna Ólafsdóttir**
**Guðrún Dagný Einarsdóttir** **Magnús Geir Helgason**
**Steinunn Aldís Einarsdóttir** **Guðlaugur Ævar Hilmarsson**
**Ármann Einarsson** **Marit Van Rangelroy**
**Jóndís Sigurrós Einarsdóttir** **Agnar Þór Sigurðsson**
**Ingibjörg Einarsdóttir** **Haraldur Júlíusson**
**Helga Einarsdóttir** **Halldór Sveinbjörnsson**
**Kristrún Einarsdóttir** **Brynjar Már Eðvaldsson**
**Barnabörn og fjölskyldur**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**ANDRI HEIÐAR KRISTINSSON** Segir skipulagshlið verkfræðinnar koma sér vel á atvinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ANDRI HREIÐAR KRISTINSSON: SIGRAÐI Í EVRÓPSKRI HÖNNUNARKEPPNI

# Verkfræðin er alþjóðleg

Andri Heiðar Kristinsson tók fyrstur Íslendinga þátt í hönnunarkeppni á vegum BEST, Board of European Students of Technology, en lið hans bar sigur úr býtum í keppninni. 174 nemendur frá tæplega þrjátíu Evrópulöndum sóttu um þátttöku í keppninni sem haldin var í Barcelona, en einungis tuttugu keppendum var boðið að taka þátt.

Andri hefur nýlokið B.Sc. gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði, en hann segir þátttakendur hafa komið úr öllum greinum verkfræðarinnar. „Það var mjög blandað og gaman að fá mismunandi sjónarhorn á verkefnin.“ Í liði Andra voru auk hans þrjár stelpur frá Ungverjalandi, Makedóníu og Tékklandi. Aðspurður hvort hann hafi fundið fyrir miklum mun á keppendum hvað varðar bakgrunn þeirra í verkfræðinámi segir Andri svo ekki vera. „Það kom mér eiginlega svolítið á óvart. Mér fannst fólk almennt vera á sama stað og hafa lært sömu hluti. Ég bjóst við að það væri mun meiri munur á milli landa,“ sagði hann.

Keppnin sjálf var tvískipt. Í fyrsta hluta var keppendum falið að leysa raunhæf verkefni fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki. „Þetta voru tilfelli sem fyrirtækin höfðu annaðhvort reynt sjálf eða fundið upp. Sá hluti snerist meira um skipulagshliðar verkfræðinnar. Maður þurfti að greina verkefnið og leysa það, skipuleggja tíma, fjármál, starfsfólk og aðferðir og útfærslur,“ útskýrði Andri. Seinni hlutanum svipaði hins vegar til hönnunarkeppninnar sem haldin er á vegum véla- og iðnaðarverkfræðinema við Háskóla Íslands á hverju ári. „Þá áttum við að hanna og byggja vélmenni sem þurfti að rata í gegnum völundarhús,“ sagði Andri, en keppendur fengu einungis sautján klukkustundir til leysa verkefnið. Andri lærir nú fjármálahagfræði við Háskóla Íslands en stefnir á framhaldsnám í verkfræði í Bandaríkjunum. Hann segir skipulagshliðar verkfræðinnar vera það hagnýtasta úr náminu. „Maður hefur náttúrulega góða undirstöðu í stærðfræði og tækni, en það er eiginleikinn að geta tekist á við, greint og leyst verkefni sem er einna hagnýtastur og skilar sér hvað mest í atvinnulífinu. Þetta er hugsunarháttur sem gagnast manni út allt lífið,“ sagði hann.

sunna@frettabladid.is

# Hættur hjá Nýhil

Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri jaðarforlagsins Nýhil, er hættur hjá útgáfunni. Þór hefur ásamt Viðari Þorsteinssyni útgáfustjóra haldið utan um starfsemi og úgáfu Nýhils undanfarin misseri. Þór vill sem minnst segja um ástæðu brotthvarfs síns annað en að honum hafi þótt það tímabært. „Það er ekkert sem ég vil úttala mig um við alþjóð. Þetta var bara búið að renna sitt skeið í bili og mér fannst þetta bara besta leiðin fyrir félagið.“

Nýhil byrjaði sem eins konar regnhlífasamtök fyrir sjálfsútgáfu ungra skálda en hefur vaxið um hrygg og hafið bókaútgáfu í hefðbundnari stíl. Hingað til hafa ljóðabækur verið fyrirferðamestar í útgáfunni en skáldsögum fer fjölgandi og gefur Nýhil út að minnsta kosti þrjár slíkar fyrir þessi jól.

Spurður hvað taki nú við segist Þór vera á leið norður í land á ættaróðalið að hjálpa til við bústörf. „Svo sjáum við bara hvað setur.“



**POTTURINN OG PANNAN** Þór bar titilinn framkvæmdastjóri en Viðar er útgáfustjóri Nýhil.




WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967 - RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIR HOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
Coca-Cola light




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Má ég vera spæjari?

**FREYR GÍGJA** GUNNARSSON BÝÐUR FRAM KRAFTA SÍNA



Á forsíðum blaðanna um helgina blasti við heldur undarleg sjón, hermenn að taka niður bandaríska fánann sem síðan er brotinn saman eftir öllum kúnstarinnar reglum og sendur heim til Ameríku. Ísland er herlaust land, engar varnir, engin herstöð né þotur sem rjúfa hljóðmúrinn á blíðviðrisdögum með tilheyrandi látum. Bara tómar íbúðir suður með sjó sem vafalítið eiga eftir að reynast brúklegar í framtíðinni þegar þetta fyrrum bandaríska samfélag fær nýtt hlutverk.

Ráðamenn landsins hafa velt vöngum yfir hvernig eigi að bregðast við brottför Kanans sem varið hefur íslensku þjóðina með kjafti og klóm gegn kommúnistum og öðrum óvinum. Hryðjuverkamenn eiga greinilega ekkert sökótt við Ísland og því engin þörf á veru hers á þessum útnára.

Flestar siðmenntaðar þjóðir hlera og njósna um landa sína í þeim tilgangi að verja þá sem saklausir eru, nema kannski Sviss en þar geta líka nasistar geymt gullin sín. MI6, CIA og Mossad eru hvað þekktastar og fremstur meðal jafningja er að sjálfsögðu James Bond sem hefur ósjaldan bjargað heiminum frá miskunnarlausum glæpónum með því að fleka konu og aðra. Íslendingar, sem jafnan eru nefndir stærsta smáþjóð í heimi, verða að sjálfsögðu að koma manni í fremstu röð þar eins og annars staðar og því er ekki úr vegi að stofna LÞÍ, Leyniþjónustu Íslands, sem fyrst.

Oft er þörf en nú er nauðsyn. Hér vaða uppi ókuníðingar, eiturlyfjasalar og strípibúllueigendur sem vert væri að taka úr sambandi, að ógleymdri litháensku mafíunni en hún hefur víst skotið hér niður rótum. Hér eru líka fjölmiðlamenn sem gætu ógnað öryggi þjóðarinnar með skrifum sínum og stjórnmálamenn sem eru ekki alltaf sammála síðasta ræðumanni. Allt þetta og meira til gæti leyniþjónustan haft veður af og útrýmt úr íslensku samfélagi. Ég vil því hér með bjóða fram krafta mína til að njósna um náungann og gera landið mitt öruggt á ný fyrst herinn er farinn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




www.minnsirkus.is
Takk
FYRIR AÐ HLUSTA!
Ný könnun – aldrei vinsælli
Samkvæmt nýjustu dagbókarkönnun Capacent – Gallup* er FM957 langsterkasti miðill ungs fólks í dag. Þetta er mikil hvatning fyrir FM957 og við þökkum hlustendum okkar fyrir að taka þátt og standa með okkur.
FM957
CoolBrands
FM957 sigurvegari
COOLBRANDS 2006!
* FM957 er með 37% uppsafnaða hlustun hjá Íslendingum á aldrinum 12–80 ára!
Fíton/SÍA

**!**

**Kl. 12.10**

*Einn merkasti fornleifafundur á Íslandi kom í ljós árið 1860 þegar leifar af ríkulega búnu kumli frá víkingaöld blésu upp á holti skammt frá bænum Baldursheimi í Mývatnssveit. Guðmundur Ólafsson, fagstjóri fornleifa á Þjóðminjasafninu, heldur fyrirlestur um kumlið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins klukkan 12.10 í dag.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Bland í poka í Kjallaranum*

Leikhópurinn Hugleikur hóf samstarf við Þjóðleikhúskjallarann í fyrravetur og sýndi þar sjö sýningar undir nafninu Þetta mánaðarlega. Þar var um að ræða einþáttungasýningar, eitt klukkutíma langt óperuþykkni, eina klukkutíma leiksýningu, auk þess sem margar sýninganna voru kryddaðar með tónlist af ýmsu tagi.

Ákveðið hefur verið að endurtaka leikinn með fimm til sex dagskrám í vetur og verður riðið á vaðið í kvöld og fimmtudagskvöld klukkan 21.

Sex stuttverk verða frumsýnd að þessu sinni: Ástarævintýr eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Hver er þessi Benedikt? eftir Júlíu Hannam, Munir og minjar eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Næturstaður eftir Sigurð H. Pálsson, Pappírs-Pési eftir Unni Guttormsdóttur og Verðum í bandi eftir Árna Friðriksson.

Höfundahópi Hugleiks hefur vaxið fiskur um hrygg að undanförnu. Einn af vaxtarbroddum félagsins hefur verið ritun stuttverka en uppsetning slíkra verka er leikhúsform sem meira hefur farið fyrir hjá áhugaleikfélögum en öðrum leikhúsum í gegnum árin.



**NÆTURSTAÐUR** Eitt þeirra stuttverka sem Hugleikur býður upp á í Þjóðleikhússkjallaranum þennan mánuðinn.

## > Dustaðu rykið af...

Myndum kanadíska leikstjórans **Atom Egoyan**. Hann er einn margra góðra gesta Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og verður með fyrirlestur í hátíðarsal Háskóla Íslands klukkan 15 á morgun. Þar verður nýjasta mynd hans, **Citadel,** sýnd og rædd í þaula. Myndin er heimildarmynd sem er tekin upp í Beirút stuttu áður en átökin þar hófust í sumar. Kvikmyndahátíðin býður fólki kærkomið tækifæri til þess að skoða eldri verk leikstjórans en myndirnar **The Adjuster, Exotica og The Sweet Hereafter** eru á dagskrá hátíðarinnar. Þeir sem missa af þeim í bíó geta svo alltaf brugðið sér út á leigu.







BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 -
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14
Sun 22/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 6/10 kl. 20 UPPS. Fös 13/10 kl. 20
Sun 15/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20

FOOTLOOSE
Lau 7/10 kl. 20 UPPS. Sun 8/10 kl. 20
Fim 12/10 kl Lau 14/10 kl. 20

HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Fim 5/10 kl. 20 Fös 6/10 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20

BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

MEIN KAMPF
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20
Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20

AMADEUS
Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20. 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20. 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20. 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20. 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20. 6.sýning

VIÐ ERUM KOMIN-Íd
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.

Fim 12/10 kl. 20 fumsýning UPPS.
Fös 13/10 kl. 20
Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ




**RITHÖFUNDADÚETTINN** Páll segir þá miklu forvinnu sem nauðsynleg er þegar tveir skrifa saman gera það að verkum að sagan sé orðin skýrari áður en skrif hefjast.

# Sumir spila bridds – við skrifum bækur

**Árni Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson senda frá sér nýja spennusögu, Farþegann, á næstu vikum. Hún er önnur bókin sem þeir skrifa saman, en þeir sendu frá sér Í upphafi var morðið árið 2002 og hafa áður skrifað saman sjónvarpshandrit.**

Páll Kristinn Pálsson fór varlega í sakirnar þegar Fréttablaðið grennslaðist fyrir um nýju bókina. „Það er alltaf erfitt að tala um glæpasögur, maður vill ekki spilla neinu fyrir lesendum. Aðalpersónan er ungur leigubílstjóri sem tekur upp farþega á nýársdag. Þeir fara í ansi óvenjulega og langa ferð, svona miðað við venjulegan leigubílstúr. Ferðin hefur síðan miklar og óvæntar afleiðingar sem sagan snýst um,“ sagði Páll.

Hann kvaðst vera ánægður með samvinnuna og þykja gaman að skrifa við annan mann. „Þetta er svona okkar sameiginlega, metnaðarfulla áhugamál. Aðrir fara í golf, spila bridds eða tefla, við skemmtum okkur við það að semja sögur,“ sagði hann. Það liggur í augum uppi að vinnuferlið hlýtur þó að vera annað og flóknara en þegar um einn höfund er að ræða. „Við þurfum báðir að skilja allt sem gerist og persónurnar sama skilningi áður en við förum að skrifa. Í fyrstu umferð skiptum við með okkur köflum, og að því loknu förum við saman yfir alla bókina, setningu fyrir setningu,“ útskýrði Páll. „Markmiðið er náttúrulega að semja góðan, samfelldan texta og þegar upp er staðið munum við varla hvor skrifaði hvað.“

Árna og Páli var hrósað fyrir frumleg efnistök þegar Í upphafi var morðið kom út. Páll segir þá Árna þó hafa efast um ágæti bókarinnar. „Hún var fyrst hugsuð sem sjónvarpssería. Vegna þess hve sagan var mikil umfangs gerðum við okkur grein fyrir því að hún yrði sennilega ekki framleidd og breyttum henni í bók. Við vorum mjög efins um það framtak á þeim tíma. Það gekk hins vegar svo vel að við víluðum ekkert fyrir okkur að reyna aftur,“ sagði Páll. Farþeginn kemur út á næstu vikum.

**sunna@frettabladid.is**




# VAXTALA

Nú getur þú keypt þér alvöru amerískt **heilsurúm** frá **King Koil** og fengið að skipta því niður á allt að **12 mánuði VAXTALAUST** (Visa/Euro) ásamt fjölda annara hluta fyrir svefnherbergið.



COMFORT solutions®
By King Koil®

Good Housekeeping Promises

**VERÐDÆMI**
Comfort solutions
(Queen size153x203 cm)
98.250 kr.
**8.177 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**
3.677 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breitilega vexti

## Comfort solutions by King Koil

### - Amerískar heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER alþjóðarannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping, stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.

**VERÐDÆMI**
Náttborð
19.900 kr
**1.658 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**



**VERÐDÆMI**
Mjög sterkur svefnsófi með góðri dýnu.
98.000 kr.
**8.166 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**
3.668 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breitilega vexti



# AUS

# 20% AFSLÁTTUR

**af öllum vörum ef þú kaupir dýnu!**

# OKTÓBER!



PowerComfort™

## Loksins á Íslandi

Fjölstillanleg rafmagnsrúm frá King Koil.
Allar tegundir af dýnum: Latex, Memory foam (þrýstijöfnunarsvampur) og gormadýnur.

**VERÐDÆMI**
Rafmagnsrúm
(Twin XL 97x203 cm)
149.000 kr.
**12.141 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**
5.498 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breitilega vexti



**VERÐDÆMI**
Himnasæng
(Qeen size 153x203 cm)
119.400 kr.
**9.950 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**
4.436 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breitilega vexti



**VERÐDÆMI**
Höfðagafl leður+eik
(Qeen size 153x203 cm)
38.170 kr.
**3.180 kr.**
**vaxtalaust í 12 mánuði!**

Full búð af frábærum heilsukoddum, rúmteppum, sængurverum, sængum, yfirdýnum, hlífðardýnum og lökum á allar stærðir amerískra rúma.

Rekkjan Heilsurúm

Rekkjan ehf | Skipholti 35 | 105 Reykjavík | 588 1955 | www.rekkjan.is






**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45 og 8 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50 og 10.10 |
| LITTLE MAN | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| VOLVER | kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| LEONARD C. I'M YOUR MAN | kl. 6 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6 og 10 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 |
| CLERKS 2 | kl. 6 |

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað







# Robbie hjá sálfræðingi

Robbie Williams er farinn að sækja viðtalstíma hjá sálfræðingi, eftir að áhyggjufull móðir hans grátbað hann um það.

Fyrir skemmstu móðgaði Robbie aðdáendur sína í Asíu þegar hann aflýsti tónleikaferð sinni þar vegna „stress og ofþreytu". Nú hefur mamma hans ákveðið að aðgerða sé þörf og hefur sannfært hann um að leita sér aðstoðar hjá sérfræðingum.

Talið er að Robbie þjáist af þunglyndi sem lýsir sér best í því að hann á erfitt með að koma sér fram úr rúmi á daginn, og ekki síður að koma sér á svið til að halda tónleika.

Robbie hvílir sig þessa dagana á heimili sínu í Los Angeles, á milli þess sem hann sækir tíma hjá sálfræðingum.



**ROBBIE WILLIAMS** Leitar sér hjálpar við þunglyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES





Eins og Rollingarnir
Iðnó 18:00

Rolling Like a Stone

Tjarnarbíó
14:00 | Harabati hótelið
15:45 | Bless Falkenberg
18:00 | Grbavica
20:10 | Leiðin til Guantanamo
22:15 | Rauður vegur

Iðnó
14:00 Sakleysi
16:00 | Brosað á stríðssvæði
18:00 | Málþing um fangabúðirnar á Guantanamo
20:00 | Stúlkan er mín
22:00 | Eins og Rollingarnir

Háskólabíó
17:45 | Sápa
18:00 | Vort daglegt brauð
18:00 | Ótakmarkað
20:00 | Með dauðann á hendi
20:00 | Fjórar mínútur
20:00 | Hreinn, rakaður
20:00 | Fallandi
22:00 | Sumarhöllin
22:00 | Ótakmarkað
22:00 | Norðurkjálkinn
22:30 | Leynilíf orðanna

Reykjavík International Film Festival Sept 28 Okt 8 2006


# Rokkaði sveitarstjórinn áfram

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á laugardaginn var haldin karókíkeppni vinnustaða á skemmtistaðnum Bragganum á Hólmavík um kvöldið. Um var að ræða undankeppni en úrslitakvöldið fer fram eftir tæpar tvær vikur. Þrettán söngvarar reyndu að heilla dómnefndina upp úr skónum með flutningi sínum á velþekktum dægurlögum og voru þar fremst í flokki sveitarstjórinn Ásdís Leifsdóttir og Sigurður Atlason, galdramaðurinn góðkunni frá Galdrasafninu á Ströndum. Ásdís söng lagið Creep eftir Radiohead og fórst það vel úr hendi enda kaus dómnefndin hana áfram ásamt sex öðrum en salurinn fékk að velja einn úr hópi hinna sex til að keppa á úrslitakvöldinu sjálfu.

Sigurður Atlason söng lagið Man I Feel like a Woman og var klæddur í hefðbundinn galdraklæðnað. Þegar á leið lagið kom hins vegar í ljós að Sigurður átti ýmislegt í pokahorninu og stóð að lokum uppi í bleikum spandexbúningi við mikinn fögnuð viðstaddra. Þrátt fyrir að dómnefndin hefði ekki hrifist af flutningnum var salurinn ekki í nokkrum vafa að Sigurður skyldi fá þátttökurétt á úrslitakvöldinu. - fgg



**FYRST Í GALDRABÚNING** Sigurður Atlason var fyrst klæddur á hefbundinn hátt en svo.... FRÉTTABLAÐIÐ / STRANDIR.IS



**BLEIKT SPANDEX** Sigurður kominn í diskógallann sem vafalítið hefur gert sitt til að koma honum í úrslitin. FRÉTTABLAÐIÐ / STRANDIR.IS



**ROKKAÐI SVEITARSTJÓRINN** Ásdís Leifsdóttir flutti Radiohead-lagið Creep með miklum tilþrifum.

# Kraftmeiri og einfaldari

**[TÓNLIST]**
**UMFJÖLLUN**

Game Theory er áttunda plata The Roots og sú fyrsta eftir að sveitin gerði samning við Def Jam útgáfufyrirtækið sem nú er stjórnað af Jay-Z. Leiðir þeirra hafa áður legið saman, en Jay-Z fékk The Roots til að spila undir á Unplugged-plötunni sem hann sendi frá sér fyrir nokkrum árum. The Roots hefur ekki tekist að gera vonda plötu ennþá, en síðasta plata, The Tripping Point sem kom út árið 2004, var samt þeirra slappasta hingað til. Tónlistin á henni var frekar afslöppuð og losaraleg. Game Theory er mikil breyting.

Textalega séð er hún harðari og pólitískari og tónlistarlega er hún bæði einfaldari og kraftmeiri. Eins og kunnugt er þá hefur The Roots alltaf lagt mikla áherslu á lifandi hljóðfæraleik. Þeir Black Thought og ?uestlove stofnuðu sveitina fyrir tæpum 20 árum í Philadelphiu, sá fyrrnefndi rappaði en sá síðarnefndi spilaði undir á trommur. Kraftmikill trommuleikur er mjög áberandi á Game Theory. Í sumum laganna eru trommurnar næstum því eina hljóðfærið sem maður heyrir í, en smá orgel-grúv, gítarlínur og effektar fylgja þegar betur er að gáð. Black Thought rappar svo yfir þetta og hann er í miklu stuði á Game Theory.

The Roots er einstök hljómsveit. Maður getur alltaf treyst því að meðlimir hennar fylgi sannfæringu sinni og geri það sem þeim hugnast best. Uppistaðan í tónlistinni á Game Theory er spilað inn á hefðbundin hljóðfæri, en það eru einhver hljóðbrot úr annarri tónlist notuð. Þeir sampla m.a. bæði Sly & the Family Stone og Radiohead. Game Theory er kannski ekki bylting, en þetta er kraftmikil og sannfærandi plata frá frábærri hljómsveit.

Trausti Júlíusson



**THE ROOTS**
GAME THEORY

**Niðurstaða:** Game Theory er kraftmikil og sannfærandi plata í einni af forystusveitum hip-hop heimsins.




Reykjavík International Film Festival Sept 28 – Oct 8 2006

HÁSKÓLABÍÓ 3. OKT.

| | |
|---|---|
| SÁPA | 17:45 |
| VORT DAGLEGT BRAUÐ | 18:00 |
| ÓTAKMARKAÐ | 18:00 |
| MEÐ DAUÐANN Á HENDI | 20:00 |
| HREINN, RAKAÐUR | 20:00 |
| FJÓRAR MÍNÚTUR | 20:00 |
| FALLANDI | 20:00 |
| SUMARHÖLLIN | 22:00 |
| ÓTAKMARKAÐ | 22:00 |
| NORÐURKJÁLKINN | 22:00 |
| LEYNILÍF ORÐANNA | 22:30 |




| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 6 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BÖRN | kl. 4 - 8:30 | B.i.12 |
| HARSH TIMES VIP | kl. 8 - 10:30 | | BÖRN VIP | kl. 6 | |
| NACHO LIBRE | kl. 5:50 - 8-10:10 | B.i.7 | STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 10:30 | B.i.16 | THE PROPOSITION | kl. 8 | B.i.16 |
| | | | PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 Tilboð 4oo.kr | B.i.12 |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:15 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| UNITED 93 | kl. 10:15 | B.i.14 |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 | B.i.14 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| THE WILD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

www.sambioin.is | 575 8900


# Að vera Zidane

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**



**ZIDANE, UN PORTRAIT DU 21E SIÈCLE**

LEIKSTJÓRAR: Douglas Gordon og Philippe Parreno

**Viðfangsefni:** Zinedine Zidane
**Niðurstaða:** Zidane: Andlit 21.aldarinnar gefur áhorfendum tækifæri til að skyggnast inn í hugarheim knattspyrnumanns og fá að vera Zidane í 90 mínútúr.

Knattspyrna er vinsælasta íþrótt í heimi. Um hverja helgi safnast milljónir manna fyrir framan sjónvörpin sín, fylla leikvanga og horfa á leikmenn leika listir sínar í vel útfærðri sjónvarpsútsendingu. Ekkert fer fram hjá vökulu auga myndavélarinnar nema manneskjan sem knattspyrnumaðurinn óneitanlega er. Leikstjórarnir Douglas Gordon og Philippe Parreno feta því ótroðnar slóðir þegar þeir reyna kasta fram mynd af einstaklingi í íþrótt þar sem liðsheildin skiptir öllu.

Kvikmyndin Zidane: Andlit 21.aldarinnar er því um margt merkileg því þar er fylgst með hverri hreyfingu og andlitsdráttum eins knattspyrnumanns í gegnum heilan knattspyrnuleik á rauntíma. Viðfangsefnið er ekki knattspyrnan sem íþrótt heldur manneskjan í miðjum kappleik.

Fjöldi myndavéla fylgir leikmanninum við hvert fótmál á vellinum en það er eins og Zidane falli í einhvern trans þegar hann gengur inn á Bernabau-völlinn í Madrid og etur kappi við gulu kafbátana frá Villarreal. Aldrei verður áhorfandinn þess var að leikmaðurinn viti af því að verið sé að gera kvikmynd um hann. Einbeitingin skín út úr augnaráðinu og smám saman hverfur maður inn í hugarheim leikmannsins og verður ósjálfrátt Zidane sjálfur.

Kvikmyndin er snilldarlega tekin enda meistarinn Darius Khondji við stjórnvölinn á tökuvélunum. Víð skot af Bernabauvellinum gefa áhorfendanum einhverja smá hugmynd um hvers slags vinnuumhverfi Zidane starfar í, kolbrjálaðir Spánverjar allt í kring sem heimta sigur í hverjum leik hjá stjörnumprýddu liði Real Madrid. Hljóðvinnslan er einstök, fylgir því sem kvikmyndagerðarmennirnir halda að Zidane heyri hverju sinni enda segist hann stundum verða var við áhorfendur en stundum heyri hann bara í sjálfum sér. Þá er tónlist Mogwai í einu orði sagt stórkostleg.

Engum skyldi láta sér bregða þótt honum leiddist á köflum, léti jafnvel hugann reika og færi að spá í einhverju allt öðru en því sem gerðist á hvíta tjaldinu, allt er þetta hluti af því að vera Zidane í kappleik sem er einmitt tilgangurinn.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

# Sér eftir að hafa haldið framhjá Siennu Miller

**Leikarinn Jude Law sér mikið eftir því að hafa haldið framhjá Siennu Miller. Hann segist hafa beðist afsökunar, vill gleyma atvikinu og halda áfram lífi sínu.**



**JUDE LAW** Dauðsér eftir því að hafa haldið framhjá Siennu.

„Ég vildi ekki særa neinn og hef beðið alla þá afsökunar sem mér finnst skipta máli,“ segir leikarinn Jude Law um sambandsslit sín við Siennu Miller. Eins og frægt er batt Sienna enda á samband þeirra þegar hún uppgötvaði að Jude hafði haldið framhjá henni með fóstru barna sinna.
Í viðtali við GQ-tímaritið gerir Jude upp við þessi mistök sín. Leikarinn, sem er 33 ára, segist hafa eytt nægum tíma í að biðjast afsökunar. Hann ætli ekki að halda áfram að pína sig með sífelldum upprifjunum á þessu. „Það er í raun ekki mikið meira sem ég get sagt. Maður getur ekki hlaupist á brott, maður verður einfaldlega að taka svona mistök á sig og læra einhvern veginn að lifa með því,“ segir Jude.

Jude spyr í viðtalinu hvers konar manneskja myndi eyða afganginum af lífi sínu í að rifja upp mistök sem þessi. „Ábyrgðin liggur í því að sýna að maður hafi lært af þessu, halda áfram og gera þetta ekki aftur,“ segir Jude sem hefur aftur tekið saman við Siennu. Hann telur líf sitt aftur komið á rétta braut. „Það virðist sem hlutirnir horfi betur við mér nú og hlutirnir eru farnir að róast, bæði í einkalífinu og því opinbera. Lífið er ljúft.“



**ÁNÆGÐ Á NÝ** Jude Law og Sienna Miller gengu í gegnum erfitt tímabil þegar hann hélt framhjá henni. Þau hafa nú jafnað ágreining sinn og eru yfir sig ástfangin hvort af öðru.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Langar í son

Brad Pitt langar mikið til að eignast son af eigin holdi og blóði. Leikarinn kunni hefur tjáð kærustunni, Angelinu Jolie, að hann vilji að þau reyni að eignast annað barn eins fljótt og auðið er. Þetta hefur skapað deilur þeirra á milli því Angelina vill frekar ættleiða fleiri börn. Fyrir á parið tvö ættleidd börn, hinn fimm ára Maddox og hina 18 mánaða gömlu Zahara, auk dótturinnar Shiloh Nouvel sem þau eignuðust fyrir skemmstu.

„Brad vill eignast annað barn, helst strák og hann á ekki að vera ættleiddur. Hann er ákveðinn í að þau eignist barn eftir hefðbundnum leiðum,“ sagði heimildarmaður New York Post. Angelina vill aftur á móti ekki verða ólétt aftur, vegna þess að það rekst á við vinnu hennar í kvikmyndum.



**BRAD PITT** Ósáttur við að Angelina Jolie vilji ekki verða ólétt aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




ENNEMM / SÍA / NM21202

## > Atli undir feldi – orðaður við KR

Vestmannaeyingurinn Atli Jóhannsson liggur enn undir feldi og hefur ekki gert upp hug sinn með hvaða liði hann ætlar að spila næsta sumar en öll stærstu lið landsins líta hýru auga til Atla sem klárar samning sinn við ÍBV um miðjan mánuðinn. Orðið á götunni er að KR-ingar séu langt komnir með að landa samningi við Atla og að hann muni leika við hlið sveitunga síns, Bjarnólfs Lárussonar, á miðjunni hjá Vesturbæingum næsta sumar. Atli sagði við Fréttablaðið í gær að hann myndi ekki ákveða sig fyrr en eftir 15. október en aðspurður hvaða lið væru aðlaðandi nefndi hann að ekki væri verra að það spilaði í Evrópukeppni. Hann þvertók þó fyrir að vera búinn að semja við KR.



# sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKONAN MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR: SAMDI TIL TVEGGJA ÁRA VIÐ ÞÝSKA FÉLAGIÐ DUISBURG

## *Maður verður ekki ríkur í kvennaboltanum*



Besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna í sumar, Valsstúlkan Margrét Lára Viðarsdóttir, hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Val í bili þar sem hún er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við eitt besta félagslið Þýskalands, Duisburg.

„Þetta er eitthvað sem ég hef alltaf stefnt að og má því segja að draumurinn sé að rætast,“ sagði Margrét Lára við Fréttablaðið í gær en er hún rík eftir þennan atvinnumannasamning? „Nei, ég get nú ekki sagt það. Maður verður ekkert ríkur í kvennaboltanum. Maður getur kannski farið og stundað nám samhliða boltanum og sloppið við að taka námslán,“ sagði Margrét sem hyggur á nám í íþróttafræði og íþróttasálfræði samhliða atvinnumennskunni.

Það var lengi vel í umræðunni að Margrét Lára myndi ganga í raðir Potzdam en hún hafnaði tilboði þess félags og ákvað þess í stað að klára tímabilið með Val. Eftir það missti félagið í raun áhuga á Margréti Láru.

„Ég sé ekkert eftir því að hafa hafnað tilboðinu og klárað tímabilið með Val. Eftir á að hyggja er Duisburg betri kostur. Þetta er mjög fjölskylduvænn klúbbur. Það tala flestir ensku þarna og það hjálpar að geta tjáð sig þegar maður fer svona einn út en ég er hræðilega léleg í þýsku en það batnar vonandi fljótlega.“

Lið Duisburg er að mestu skipað ungum og efnilegum stelpum á svipuðu reiki og Margrét. Áhugi heimamanna á liðinu er nokkur og mæta iðulega um 3.000 manns á heimaleiki liðsins en sú tala á það til að hækka þegar stóru liðin koma í heimsókn.

„Þetta verður smá breyting, að spila fyrir framan 3.000 áhorfendur í staðinn fyrir þrjá,“ sagði Margrét og hló dátt. „Þetta er fyrsta skrefið upp á við hjá mér og ég ætla mér hærra í framtíðinni.“

Margrét er ekki lögleg í þýsku deildinni fyrr en í janúar en hún má þó spila með liðinu í bikarkeppninni og verður líklega í leikmannahópnum 22. október.

# KSÍ vill þrefalda umferð í Landsbankadeildinni sumarið 2010

**Stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur lagt fram róttækar breytingar á Íslandsmótinu í knattspyrnu sem eiga að taka gildi sumarið 2010. Tímabilið lengist um þrjá mánuði með breytingunum.**

**FÓTBOLTI** Næsta ársþing Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, sem fram fer í febrúar á næsta ári, verður mjög áhugavert því á þinginu verður tekin fyrir tillaga frá stjórn sambandsins um breytingar á Íslandsmótinu. Tillögurnar eru mjög róttækar en meðal annars er lagt til að þreföld umferð verði leikin í þremur efstu deildum karla og efstu deild kvenna. Fyrsta umferðin færi þá fram í knattspyrnuhúsum og yrði framkvæmd þeirra leikja í höndum KSÍ. Tímabilið myndi með þessum breytingum lengjast um þrjá mánuði.

Ef breytingarnar ná fram að ganga munu þær taka gildi árið 2010 en KSÍ hefur þegar selt sjónvarps- og markaðsrétt til ársins 2009. Tvær útfærslur eru af þessari tillögu og í annarri er gert ráð fyrir tíu liða efstu deild og í hinni tólf liða efstu deild eins og margir vilja sjá hið fyrsta. Í báðum útfærslum er svo gert ráð fyrir tólf liða 1. deild og sextán liða deild í 2. deild þar sem skipt yrði í tvo átta liða riðla.

Eins og staðan er í dag er aðeins eitt löglegt knattspyrnuhús á landinu sem gæti hýst leiki í efstu deild og það er Egilshöllin. Væntanlegt hús við Vallakór í Kópavogi verður einnig löglegt keppnishús en í höllunum verður hágæðagervigras sem sífellt er að verða betra og viðurkenndara. Í haust var til dæmis í fyrsta sinn leikið á gervigrasi í Meistaradeild Evrópu og Finnar munu í næsta mánuði leika landsleik á gervigrasi í Helsinki.

Eins og áður segir verður fyrsta umferðin, sú hlutlausa, í höndum KSÍ en önnur og þriðja umferð fer fram á leikvöllum félaganna. KSÍ mun nýta alla tekjumöguleika af fyrstu umferðinni en tekjur af miðasölunni renna til liðanna. Tekjurnar verða meðal annars notaðar til að mæta kostnaði við framkvæmdina og ferðakostnaði liðanna.

Gerð verður sú krafa á félögin í efstu deild frá árinu 2010 að vellir með náttúrulegu grasi hafi hita- og úðunarkerfi þannig að hægt verði að leika á þeim frá byrjun maí. Nái þessar breytingar fram að ganga er ljóst að endurskoða þarf leyfiskerfi KSÍ og þá sér í lagi leyfisferlið og fjárhagskaflanum. Nú þegar er hafin vinna að nýrri útgáfu leyfishandbókar knattspyrnusambandsins. Einnig er stefnt að því að innleiða leyfiskerfi fyrir 1. deild karla frá og með árinu 2010. **henry@frettabladid.is**

### LYKILATRIÐI:

- Þrjár umferðir í stað tveggja áður og fjöldi leikdaga fer úr 18 í 27 (eða 33). Ekki er mælt með fjölgun í efstu deild kvenna.
- **Fyrsta umferð verður spiluð innanhúss.**
- Keppnistímabilið lengist úr fjórum mánuðum í sjö eða sjö og hálfan mánuð.
- **Deildabikarinn mun heyra sögunni til en sama fyrirkomulag verður á bikarkeppninni.**
- Tólf lið verða í 1. deild.
- **Sextán lið verða í 2. deild sem verður skipt í tvo átta liða riðla.**
- Þau félög sem verða með náttúrulegt gras verða skikkuð til að hafa hita- og úðunarkerfi svo hægt verði að leika á völlunum frá byrjun maí.



**KÓNGARNIR HJÁ KSÍ** Geir Þorsteinsson framkvæmdastjóri og Eggert Magnússon formaður eru væntanlega ánægðir með nýju breytingatillögurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**JALIESKY GARCIA** Missir af enn einu stórmótinu með landsliðinu.

Jaliesky Garcia Padron:

## Missir af HM í Þýskalandi

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið varð fyrir nokkru áfalli um helgina þegar í ljós kom að Jaliesky Garcia Padron væri með slitin krossbönd og gæti ekki leikið næstu sex mánuðina. Það er því ljóst að hann mun ekki spila með íslenska landsliðinu á HM í Þýskalandi í janúar.

„Þetta er alveg agalegt. Hann sleit krossböndin í fyrstu sókn gegn Magdeburg. Ég var nýbúinn að tala við hann og segja honum að fara varlega því við þyrftum að nota hann á HM,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari frekar svekktur við Fréttablaðið í gær. **- hbg**



**MAGNI FANNBERG** Mun líklega þjálfa Grindavík áfram.

1. deildarlið Grindavíkur:

## Vill halda Magna

**FÓTBOLTI 1. deildarlið Grindavíkur hefur ekki enn gengið frá þjálfaramálum fyrir næsta sumar en Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, sagði að vilji væri fyrir því innan stjórnar félagsins að halda Magna Fannberg og Milan Stefán Jankovic við stjórnvölinn en þeir stýrðu liðinu í síðustu tveimur leikjunum í Landsbankadeildinni eftir að Sigurður Jónsson hafði stokkið frá borði.**

**Jankovic er með samning við félagið en væntanlega þarf félagið að semja upp á nýtt við Magna vilji þeir gera hann að aðalþjálfara. Hvað varðar leikmannamálin þá sagði Jónas að félagið væri í samningaviðræðum við Óskar Örn Hauksson um að halda áfram en alls væri óljóst hvernig það gengi.**

**Hvað varðaði mál Jóhanns Þórhallssonar þá væri hann með samning við Grindavík og færi ekki nema það kæmi gott tilboð frá öðru félagi. Ekkert tilboð hefur borist frá því að tímabilinu lauk.** **- hbg**

Kristján Finnbogason mun hugsanlega leika áfram í marki KR-inga:

## Spenntur fyrir því að halda áfram

**FÓTBOLTI** Fastlega var búist við því að markvörðurinn Kristján Finnbogason myndi leggja skóna á hilluna eftir tímabilið en hann hafði látið að því liggja að nýliðið tímabil yrði hans síðasta. Nú er annað hljóð komið í strokkinn hjá Kristjáni.

„Ég hallast frekar að því að halda áfram og ég er mjög spenntur fyrir því satt best að segja. Líkaminn er í góðu standi, mér líður vel, hef enn gaman af þessu og ekki spillir fyrir að næsta tímabil er mjög spennandi þar sem við verðum meðal annars í Evrópukeppnu,“ sagði Kristján við Fréttablaðið í gær en hann fundaði með Teiti Þórðarsyni, þjálfara KR, um sín málefni í gær.

Hann á síðan fund með stjórn KR Sport í dag þar sem væntanlega kemur í ljós hvort Kristjáni verður boðinn nýr samningur hjá KR. Ef ekki þá er spurning hvað KR gerir í markvarðamálum sínum en Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sagði í samtali við Fréttablaðið það ekki vera rétt að hann hefði spurst fyrir um markverði Fylkis þá Bjarna Ólaf Halldórsson og Fjalar Þorgeirsson. **- hbg**



**EKKI SÍÐASTI LEIKURINN?** Bikarúrslitaleikurinn gegn Keflavík um helgina var vænt-

Einar Bjarni Ómarsson:

## Til reynslu hjá Brann

**FÓTBOLTI** Hinn stórefnilegi KR-ingur Einar Bjarni Ómarsson, 15 ára, dvelur þessa dagana hjá norska úrvalsdeildarfélaginu Brann og verður þar fram á miðvikudag.

Bjarni er stór og mikill strákur, 190 sentimetrar að hæð, örvfættur og þrátt fyrir mikla hæð er hann mjög tekniskur og býr almennt yfir meiri tækni en álíka drengir á hans aldri og stærð. Bjarni hefur vakið athygli með KR fyrir frammistöðu sína en þrátt fyrir það er hann ekki í U-17 ára landsliði Íslands en það hefur vakið nokkra athygli.

Brann er ekki eina liðið sem hefur sýnt Einari áhuga því hann hefur áður verið til reynslu hjá enska úrvalsdeildarfélaginu Reading. Einar Bjarni er ekkert að drífa sig og hefur sagt erlendu liðunum að hann muni ekki yfirgefa Ísland fyrr en hann verður orðinn 16 ára og hvort hann fari til Brann eða Englands á eftir að koma í ljós. **- hbg**



**OG ÞAÐ VAR MARK** Heiðar skallar hér boltann í netið í gær. GETTY IMAGES

Fjör hjá Watford og Fulham:

# Heiðar skoraði

**FÓTBOLTI** Dalvíkingurinn Heiðar Helguson sneri aftur á Vicarage Road í gær þar sem hann gerði garðinn frægan með Watford.

Það blés ekki byrlega fyrir núverandi félagi Heiðars, Fulham, því eftir 46 mínútna leik var Watford komið í 2-0 með mörkum frá King og Young. Lokamínútur leiksins voru rosalegar en fjögur mörk voru skoruð á síðustu tíu mínútunum. Brian McBride minnkaði muninn fyrir Fulham á 79. mínútu og Heiðar Helguson jafnaði svo leikinn á 83. mínútu með skallamarki af stuttu færi. Hann átti svo stóran þátt í þriðja marki Fulham sem kom á 87. mínútu þegar Damien Francis sparkaði boltanum í eigið mark. Ashley Young bjargaði síðan stigi fyrir Watford einni mínútu fyrir leikslok. Lokatölur urðu 3-3. - hbg

Víkingurinn Viktor Bjarki Arnarsson vinsæll hjá skandinavískum félögum:

# Viktor Bjarki hjá Lilleström og Lyn bíður eftir tækifæri

**FÓTBOLTI** Einn besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar, Víkingurinn Viktor Bjarki Arnarsson, hélt á sunnudag til Noregs þar sem hann verður við æfingar hjá norska úrvalsdeildarfélaginu Lilleström næstu daga en njósnarar félagsins hafa fylgst ítarlega með Viktori í sumar og félagið hefur nú gefið honum nokkra daga til að sýna hvað í sér býr.

Lilleström er ekki eina norska félagið sem hefur áhuga á Viktori Bjarka því félag Stefáns Gíslasonar, Lyn, er einnig spennt fyrir Víkingnum knáa og ekki ólíklegt að hann kíki einnig á æfingar hjá því ágæta félagi. Hann mun þó tæplega gera það í þessari ferð en fastlega er búist við því að hann heimsæki Stefán og félaga fljótlega að því gefnu að Lilleström verði ekki búið að semja við hann.

Frammistaða Viktors með Víkingi í sumar fór ekki fram hjá skandinavískum útsendurum því danskt úrvalsdeildarfélag hefur einnig sýnt Viktori áhuga en ekki liggur fyrir hvort hann muni heimsækja það félag.

Lilleström hefur í gegnum tíðina verið mikið Íslendingafélag og áhugi félagsins á íslenskum leikmönnum kemur því ekki á óvart. Það er mikill uppgangur hjá félaginu um þessar mundir og liðinu gengur allt í haginn og situr í þriðja sæti norsku úrvalsdeildarinnar í dag. - hbg



**Á HRAÐFERÐ TIL NOREGS?** Víkingurinn Viktor Bjarki Arnarsson er við æfingar hjá Lilleström þessa dagana og gæti fljótlega í kjölfarið farið til Lyn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Powerade-bikar kvenna:

# Keflavík og ÍS komin áfram

**KÖRFUBOLTI** Tveir leikir fóru fram í átta liða úrslitum í Powerade-bikar kvenna. Keflavík og KR mættust annars vegar og ÍS og Breiðablik hins vegar.

Stúdínur unnu öruggan og nokkuð óvæntan stórsigur á Breiðabliki, 62-37, þar sem hin 41 árs gamla Hafdís Helgadóttir fór á kostum og skoraði 20 stig, tók 14 fráköst og varði 6 skot. Ótrúleg frammistaða hjá Hafdísi.

Í hinum leiknum vann Keflavík öruggan sigur á KR-stúlkum 143-23 og er óhætt að segja að um sannkallaðan skrípaleik hafi verið að ræða sem gerði hvorki Keflavík né KR gott. - hbg

Daníel Berg Grétarsson:

# Semur við meistara Fram

**HANDBOLTI Íslandsmeistarar Fram eru ekki hættir að versla þó að tímabilið sé hafið en í gær gekk Fram frá þriggja ára samningi við hinn 21 árs gamla leikstjórnanda, Daníel Berg Grétarsson.**

**Daníel lék með FH á síðasta ári en þar á undan lék hann með Gróttu/KR. - hbg**




**KÁTIR OG GLAÐIR** Finnbogi Hilmarsson, formaður knattspyrnudeildar Þróttar, sést hér með hinu nýráðna þjálfarateymi félagsins, Gunnari Oddssyni (til vinstri) og Þorsteini Halldórssyni.

Þróttarar búnir að finna arftaka Atla Eðvaldssonar:

# Gunnar Oddsson tekur við Þrótti

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Gunnar Oddsson var í gær ráðinn þjálfari hjá 1. deildarliði Þróttar. Gunnar tekur við starfinu af Atla Eðvaldssyni en hann lét af störfum eftir eitt ár í brúnni.

Gunnar hefur þjálfað lið Reynis frá Sandgerði undanfarin ár og þar hefur hann unnið verulega gott starf enda liðið tveim deildum ofar í dag en það var áður en Gunnar tók við liðinu. Reynir mun leika í 1. deild næsta sumar eða sömu deild og Þróttur. Gunnar sagði starfi sínu hjá Reyni lausu til að taka við Þrótti.

„Þetta kom upp í síðustu viku og ég vildi fara að taka stærri skref í þjálfuninni þannig að ég stökk á boðið," sagði Gunnar við Fréttablaðið í gær en honum til aðstoðar verður Þorsteinn Halldórsson sem hefur þjálfað 2. flokk Þróttar en þeir félagar léku saman á sínum tíma á miðjunni hjá KR og þóttu frekar harðir í horn að taka.

„Mér líst mjög vel á þetta. Það er mikill metnaður innan félagsins og aðstaðan fín þannig að það eru allar forsendur til staðar svo að hægt sé að gera góða hluti," sagði Gunnar sem skrifaði undir þriggja ára samning sem þó er með uppsagnarákvæði strax eftir næsta tímabil.

Sinisa Kekic mun verða áfram í herbúðum liðsins og Gunnar hefur enga ákvörðun tekið um liðsstyrk. Hann ætlar fyrst að skoða núverandi hóp áður en hann ákveður framhaldið. - hbg

KR-ingar styrkja sig í körfunni:

# Gunnar til liðs við KR-inga

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingurinn Gunnar Hafsteinn Stefánsson hefur ákveðið að færa sig um set og leika með KR næsta vetur. Þessi 27 ára uppaldi Keflvíkingur hefur leikið með KR í æfingamótum og hefur nú ákveðið að ganga í raðir félagsins.

Gunnar er mikil þriggja stiga skytta sem skoraði 5,9 stig að meðaltali fyrir Keflavík síðasta vetur og 3,7 stig veturinn á undan. - hbg



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„God, I'd give anything for a drink. I'd give my god-damned soul for just a glass of beer."**

Svar: Jack Torrance (Jack Nicholson) úr The Shining frá 1980.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HEFUR BREYTT ÁHORFSVENJUM SÍNUM

# *Spennandi spennuþættir og fótbolti*

Eftir að ég fór að búa með karlmanni fór sjónvarpsgláp mitt að breytast. Í stað þess að horfa bara á Project Runway og aðra tískusinnaða raunveruleikaþætti var fjarstýringunni beint að Sýn og spennuþáttaröðum á borð við Lost, 24 og Law & Order. Þetta var mikil uppgötvun fyrir mig þar sem ekki nægir lengur að sitja og naglalakka sig fyrir framan imbann heldur verð ég að fylgjast með öllu sem fram fer á skjánum enda ofangreindir þættir með eindæmum spennandi og þýðir ekki að dreifa athyglinni á meðan þeir standa yfir. Ég hafði heyrt um 24 seríuna áður en ég byrjaði að horfa á hana og trúði ég ekki fólki sem reyndi að sannfæra mig um ágæti seríunnar. Nú er ég hins vegar ötull stuðningsmaður og ver hana með kjafti og klóm fyrir öllum þeim sem vilja.

Ég hef samt sem áður verið að horfa á þessar þáttaraðir frekar á DVD en í sjónvarpinu þar sem ég held að ég yrði algjörlega viðþolslaus ef ég þyrfti að bíða í heila viku með að sjá næsta þátt. Ég naga neglurnar niður í kviku af stressi yfir uppátækjum Jacks Bauer í stað þess að naglalakka mig fyrir framan sjónvarpið þessa dagana. Oftast er einnig horft þangað til þreytan yfirbugar mann, sem þýðir 3-4 þættir á kvöldi. Þetta er eins og góð spennubók eftir Arnald Indriðason sem heldur fyrir manni vöku þangað til bókin er búin.



**JACK BAUER** Aðalhetja spennuþáttaraðarinnar 24 kemur manni á óvart með ofurspennandi plottum og ófyrirsjáanlegri atburðarás.

Enska deildin, spænska deildin og aðrar spennandi deildir hafa heldur aldrei verið í miklu uppáhaldi hjá mér en núna er ég með stöðuna í þessum deildum á hreinu og held ég að ég gæti alveg haldið uppi samræðum varðandi þessi mál ef sú staða mundi koma upp.

Ekki spillir fyrir að þjóðargersemin Eiður Smári er að spila með besta liði í Evrópu og það er alltaf gaman að fylgjast með löndum sínum sýna snilli sína í sjónvarpi.



▶ 19.50 *Fréttir*

STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA



▶ 21.45 *Spenna*

NCIS



▶ 20.10 *Spenna*

RESCUE ME



▶ 20.10 *Veruleiki*

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ 22.00 *Box*

BARDAGINN MIKLI

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Magga og furðudýrið (4:26) **18.25** Andlit jarðar (11:16)

**18.30 Kappflugið í himingeimnum (4:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **19.50 Stefnuræða forsætisráðherra** Bein útsending frá Alþingi þar sem Geir H. Haarde forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Vincent (4:4)** (Vincent) Breskur sakamálaflokkur um fyrrverandi lögreglumann sem orðinn er einkaspæjari og fæst við ýmis snúin mál. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.

**23.30** Kastljós **23.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Meistarinn (13:22) (e) **14.15** George Lopez **14.35** Jane Hall's Big Bad Bus Ride (5:6) **15.20** I'm Still Alive (5:5) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful

**18.05** Neighbours
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (14:22)** (Simpson fjölskyldan)
**20.05 The Apprentice (13:14)** (Lærlingurinn)(13:14)
**20.50 Hustle (5:6)** (Svikahrappar)(5:6).
▶ **21.45 NCIS (13:24)** (Glæpadeild sjóhersins)(13:24)Bönnuð börnum.
**22.30 Man Stroke Woman (5:6)** (Maður/Kona) Drepfyndinn breskur grínþáttur sem byggður er upp á stuttum bröndurum, sketsum svokölluðum, sem fjalla á einn eða annan hátt um kostuleg og margflókin samskipti kynjanna.

**23.00** Shield (5:11) (Stranglega bönnuð börnum) **23.45** Deadwood (5:12) (Stranglega bönnuð börnum) **0.40** Point of Origin **2.05** DNA **3.15** Blood Work **5.00** The Simpsons **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (The Face Painter)
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 Rock School 1** Eru nemendurnir tilbúnir til þess að skipta klassískri tónlist út fyrir rokk? Og ræður Gene við pressuna og stressið sem fylgir því að kenna krökkunum?
▶ **21.00 Rescue Me** Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.
**22.00 24 (9:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 24 (10:24)** Bönnuð börnum.

**23.30** Insider **0.00** The War at Home (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit – Ný þáttaröð (e)

**15.35** Surface (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Teachers (e)**
▶ **20.10 Queer Eye for the Straight Guy**
**21.00 Innlit / útlit** Þórunn, Nadia og Arnar Gauti mæta aftur til leiks með hönnunar- og lífsstílsþáttinn Innlit / útlit og í vetur verða þau með nýjar og ferskar áherslur í þáttunum.
**22.00 Conviction** Finn neyðist til að taka afdrifaríka ákvörðun þegar henni er falið mál þar sem ungabarn liggur fyrir dauðanum eftir of mikinn hristing. Desmond fæst við nauðgunarmál frá 1974 og þarf að beita klækjum til að fá illmennið dæmt.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Survivor: Cook Islands (e) **0.30** The Dead Zone (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
*besta sætið*

**18.30 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
▶ **22.00 Bardaginn mikli** (Mike Tyson – Lennox Lewis) Mike Tyson varð yngsti þungavigtarmeistari sögunnar en hefur verið sjálfum sér verstur, eins og dapurlegt einkalíf hans vitnar um. Í þessum magnaða þætti eru sýndir gamlar myndir með Tyson en snemma varð ljóst að þar væri afburðaboxari á ferðinni. Í þættinum er sömuleiðis fjallað um bardaga hans við Lennox Lewis en margir álíta að Tyson hafi þá þegar verið útbrunninn bæði líkamlega og andlega.
**22.55 Golf Greatest Round** (Davis Love III)

**23.45** Ensku mörkin

## SKJÁR SPORT

7**00** Að leikslokum (e) **14.00** Blackburn – Wigan (e) Frá 30.09 **16.00** West Ham – Reading (e) Frá 01.10 **18.00** Þrumuskot (e) (e)

**19.00 Ítölsku mörkin (e)**
**20.00 Man. Utd. – Newcastle (e) Frá 30.09**
**22.00 Watford – Fulham (e) Frá 02.10**

**0.00** Þrumuskot **1.00** Dagskrárlok

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir

**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**

**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** E! News Special: Paris Hilton **14.00** Johnny Depp THS **15.00** Women of Sex and The City THS **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Punky Brewster THS **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Naked Wild On **21.30** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Punky Brewster THS **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


BÍÓ
SIRKUS



RÚV PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI
STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR
Rúv plús er á rás 99
OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS
digital ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 22.30**

### Man Stroke Woman



Drepfyndinn breskur grínþáttur sem byggður er upp á stuttum bröndurum eða atriðum, sem fjalla á einn eða annan hátt um kostuleg og margflókin samskipti kynjanna. Þátturinn sló í gegn þegar hann var frumsýndur í Bretlandi í fyrra og hefur verið lýst sem blöndu af hinum vinsælu Sketch Show og Little Britain – enda getur húmorinn og hugmyndaflugið á köflum orðið æði súrt og langsótt eins og Bretanum einum er lagið.
Gert er grín að því sem körlum finnst furðulegt hjá konum og því sem konum finnst furðulegt hjá körlum. Svo er auðvitað gert stólpagrín að öllu veseninu sem fylgir því að ganga í augun á hinu kyninu og þeim vandræðum sem fylgja í kjölfarið ef það tekst.
Það er eitthvað við breska húmorinn sem virðist höfða betur til okkar íslendinga en sá ameríski. Það keppir enginn við Kanann í „sit-com" þáttunum en í sketsunum þá er Tjallinn fremstur meðal jafningja, svo miklu munar.

## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | | |
| 9 | | 4 | | 7 | | 3 | | |
| | 7 | | 5 | | | | | 8 |
| 4 | 9 | | 6 | | | | | |
| | 1 | | | 3 | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 2 | 3 |
| 8 | | | | | 1 | | 5 | |
| | | 1 | | 4 | | 2 | | 9 |
| | | | | | | | | 1 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 4 | 3 | 9 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 | 9 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 6 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 |



▶ **20.00**

*Gaman*

FIRST DAUGHTER

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Lóa og leyndarmálið (e) **8.00** The Importance of Being Earnest **10.00** The Commitments (e)

**12.00** First Daughter **14.00** Lóa og leyndarmálið (e) **16.00** The Importance of Being Earnest

**18.00** The Commitments (e)

▶ **20.00** **First Daughter** (Forsetadóttirin) Leyfð öllum aldurshópum.

**22.00** **Love Liza** (Með ástarkveðju Liza) Leikarinn vandaði Philip Seymor Hoffman úr Happiness, Magnolia og Boogie Nights fer á kostum í þessari grágleltnu verðlaunamynd sem fjallar um vefhönnuð sem ánetjast bensínsniffi eftir að kærasta hans fremur sjálfsmorð. Bönnuð börnum.

**0.00** Dagon (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Pendulum **4.00** Love Liza (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Stelpulitir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Seiður og hélog **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.50** Útvarp frá Alþingi **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Ljóðskáldið Laufey **23.10** Fimm fjórðu **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið

**20.30** Konsert með Roots Manuva **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar **3.00** Samfélagið í nærmynd

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




## HRÓSIÐ ...



*... fá Áki Árnason og Berglind Sigurðardóttir sem skrifuðu barnabók um stúlku sem á tvo feður, en bókinni verður dreift í alla leikskóla á landinu.*

# Reynir í vangadansi við Baug

„Ég vann á Fréttablaðinu í tíð Baugs og geng áhyggjulaus til þessa verks. Aldrei var reynt að hafa áhrif á skrif mín þar. Beinlínis móðgun ef menn halda því fram að ég sé eitthvert handbendi. Á endanum er allt sem skiptir máli mín fagmennska og hvað ég geri í blaðamennsku,” segir Reynir Traustason ritstjóri.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Baugur stendur á bak við Hjálm, útgáfufyrirtæki nýs tímarits Reynis.

Reynir og hans lið hafa unnið að útgáfu tímaritsins Ísafoldar um hríð en stefnt er að því að blaðið komi út í byrjun nóvember. Leynd hefur verið um hvert eignarhaldið er en helsti eigandi tímaritsins er fyrirtæki sem heitir Hjálmur og er alfarið í eigu Baugs. Án þess að Reynir vilji tala fyrir þá aðila segir hann þá sjá fyrir sér vaxtarmöguleika í tímaritaútgáfu. Og þeim hafi líkað vel það Mannlíf sem Reynir stýrði hjá Fróða.

„Og það gleður mig auðvitað að þeir sjái fyrir sér að þessi áhöfn geti skilað vönduðu tímariti,” segir Reynir og telur upp son sinn Jón Trausta, Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur og Ragnar Petersen. Frumhönnun blaðsins var gerð í London en sá sem hannar eftirleiðis er Ólafur Guðlaugsson.

Meðal þeirra sem rita í Ísafold eru Illugi Jökulsson, Egill Helgason, Jón Viðar Jónsson, Össur Skarphéðinsson, Linda Pé, Geir R. Andersen, Páll Ásgeir Ásgeirsson og Jóhann Hauksson.

Eignarhaldið vekur óneitanlega athygli en Baugur er helsti eigandi 365 miðla. Reynir segir það ekki koma sér við. „Ég get ekki haft áhyggjur af því þegar sætasta stelpan á ballinu vill dansa við mann. Velti ekki fyrir mér af hverju, hvort hún er að gera einhvern afbrýðisaman eða hvað – maður bara dansar.” - jbg



**REYNIR TRAUSTASON** Spenntur fyrir nýju tímariti sínu og hefur engar áhyggjur af eignarhaldi þess.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** ofneysla **6** komast **8** hversu **9** þjálfa **11** bardagi **12** saknæmur **14** trufla **16** einnig **17** dreift **18** við **20** guð **21** eggja.

**LÓÐRÉTT**
**1** hvæs **3** tveir eins **4** ógætinn **5** skref **7** græðgi **10** keyra **13** suss **15** einkenni **16** mælieining **19** utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** óhóf, **6** ná, **8** hve, **9** æfa, **11** at, **12** sekur, **14** raska, **16** og, **17** sáð, **18** hjá, **20** ra, **21** mana. **LÓÐRÉTT: 1** fnæs, **3** hh, **4** óvarkár, **5** fet, **7** áfergja, **10** aka, **13** uss, **15** aðal, **16** ohm, **19** án.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Ban Ki-moon.
2 Fimmtán ára.
3 Eistlandi.

Upplýsingar, viðburðir, afþreying og fréttir
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag.

**UNNUR LINDA:** FÓR ÓVENJULEGA LEIÐ TIL AÐ KOMAST Í FORM

# Eyðir heilum mánuði í taílenskum bardagabúðum

Unnur Linda Konráðsdóttir leggur stund á heldur óhefðbundna íþrótt, en hún hefur dvalist í muay-thai æfingabúðum í Taílandi síðasta mánuðinn. „Muay thai er taílensk kickbox íþrótt. Það er leyfilegt að sparka, kýla og nota olnbogana og hnén í bardögum,“ útskýrir Unnur, sem hefur aldrei lagt stund á bardagaíþróttir áður og segist einfaldlega hafa viljað koma sér í gott líkamlegt form.

„Ég er þessi týpa sem hefur miður lítinn sjálfsaga hvað varðar líkamlegt erfiði,“ segir hún. „Ég sá þátt þar sem átti að koma Jack Osborne, syni Ozzie Osborne, í form. Það var víst erfitt að halda honum við efnið og þjálfararnir hans ákváðu að senda hann í muay thai búðir, sem eru mjög strangar. Ég hugsaði bara að þetta væri nú eitthvað fyrir mig,“ segir Unnur, sem segir það hafa komið sér á óvart hversu miklar misþyrmingar mannslíkaminn þolir. „Þrátt fyrir að vera marinn og blár eftir spörk og olnbogaskot og stöðugar æfingar hélt líkaminn á mér áfram að gera eins og honum var sagt,“ segir hún. „Að minnsta kosti þangað til að ég varð lasin,“ bætir hún við.

Unnur segir muay thai vera tilvalið fyrir stelpur. „Ég hef farið á nokkra bardaga hérna úti og það er tvennt ólíkt að sjá stelpurnar og strákana berjast. Stelpurnar gefa allt sitt í hverja lotu á meðan strákarnir byrja hægt og trappa sig upp. Það var ein hérna með mér í búðunum sem tók þetta svo alvarlega að það vildi enginn strákur æfa með henni lengur, hún sá bara rautt,“ segir Unnur hlæjandi. „Í þessu skipta hraði og hittni meira máli en styrkur eða stærð.“

Unnur hefur þó ekki tekið þátt í bardögum sjálf. „Ég hef bara „sparrað“ á æfingum,“ segir hún. „Það er eins konar gamnislagur til að undirbúa sig fyrir keppni. Þjálfarinn lét mig gera það strax tveimur dögum eftir að ég kom. Ég stóð uppi með glóðarauga eftir það, þetta er mjög gróft.“

sunna@frettabladid.is



**UNNUR LINDA MEÐ ÞJÁLFARA SÍNUM** Tók Jack Osborne sér til fyrirmyndar og stundaði stífar æfingar í taílensku bardagaíþróttinni muay thai á paradísareyjunni Phuket. FRÉTTABLAÐIÐ/UNNUR LINDA KONRÁÐSDÓTTIR



**„BRÚTAL“ BARDAGAR** Unnur segir stelpur ekki eftirbáta strákanna í bardagaíþróttinni og vera kraftmeiri ef eitthvað er. FRÉTTABLAÐIÐ/UNNUR LINDA KONRÁÐSDÓTTIR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndin Zidane: Andlit 21.aldarinnar var frumsýnd í Háskólabíói á sunnudagskvöldið en myndin er framleidd af **Sigurjóni Sighvatssyni.** Sigurjón stóð sjálfur í anddyri Háskólabíós og dreifði boðsmiðum og meðal þeirra sem heiðruðu framleiðandann með nærveru sinni voru fyrrum samstarfsmenn hans, **Baltasar Kormákur** og **Ari Alexander Ergis.** Aðrir sem mættu voru gamli rokkhundurinn og fyrrum umboðsmaður íslenska hestsins **Jónas R. Jónasson** og ljóðskáldið **Sigurður Pálsson.** Þá mátti einnig sjá glitta í útgefandann **Sigurð G. Guðjónsson** og **Jakob Frímann Magnússon** lét sig ekki vanta og settist á fremsta bekk ásamt spúsu sinni **Birnu Rún.**



Þáttur **Hermanns Gunnarssonar,** Í sjöunda himni, fór vel ofan í íslenska áhorfendur þegar hann fór í loftið á fimmtudaginn í beinni frá Nasa. Næsti þáttur Hemma verður hins vegar ekki í beinni heldur verður hann tekinn upp kvöldið áður en þar verður á ferðinni sérstakur afmælisþáttur Stöðvar 2. Ástæðan fyrir þessu er sú að Nasa er bókaður undir tónleika Bubba Morthens en þetta mun vera einstakt tilvik því Hemmi verður aftur í beinni að viku liðinni.



Það hefur verið í nógu að snúast hjá **Magna Ásgeirssyni** og **Dilönu** vinkonu hans síðustu daga. Eftir ferna tónleika á Broadway um helgina heldur ævintýrið áfram. Hermt er að þau skötuhjúin séu á leiðinni til Los Angeles í dag þar sem þau hyggjast hreiðra um sig í hljóðveri. Þar mun ætlunin vera að taka upp dúett af laginu Roxanne sem The Police gerði frægt á árum áður. - fgg/hdm



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Fraser á lífinu í miðborg Reykjavíkur

Hollywood-stjarnan Brendan Fraser naut lífsins í Reykjavík um helgina og mátti sjá honum bregða fyrir á Ölstofunni aðfaranótt laugardags en hann er staddur hér á landi vegna upptaka á kvikmyndinni Journey 3 - D. Brendan var í miðborginni með mótleikkonu sinni Anitu Briem og leikstjóranum Eric Brevig en hersingin borðaði meðal annars á veitingastaðnum Við tjörnina fyrr um kvöldið. Var haft á orði hversu alþýðulegur Fraser væri og spjallaði stjarnan við hvern þann sem vildi. Hinn barnungi Josh Huchinsson var ekki með stórstjörnunum en hann leikur með þeim tveimur í myndinni. Fraser er ein stærsta kvikmyndastjarnan í Hollywood og sló í gegn í kvikmyndum á borð við George of the Jungle og The Mummy.



**HELGA MARGRÉT** Vildi ekki gefa upp hvenær hópurinn færi af landi brott en sagði að nokkrir dagar væru enn eftir í tökum.

Fimmtíu manna tökulið myndarinnar hélt síðan upp á hálendi vegna myndarinnar og voru nokkrar senur teknar upp á Suðurlandi. Þær verða hins vegar ekki fyrirferðarmiklar í myndinni enda kemur Ísland í sjálfu sér lítið við sögu í bókinni þótt Snæfellsjökull leiki að vísu stórt hlutverk í bók Jules Verne, Leyndardómar Snæfellsjökuls, sem myndin er gerð eftir.

Að sögn Helgu Margrétar Reykdal, framkvæmdastjóra True North sem hefur veg og vanda af komu tökuliðsins hingað til lands, gekk allt sem skyldi og var kvikmyndagerðarfólkið hæstánægt með dvölina hér á landi enda var veðrið með afbrigðum gott. Hún vildi ekki gefa upp hvenær hersingin héldi af landi brott en sagði að enn væru nokkrir dagar eftir í tökum. - fgg



**BRENDAN FRASER** Skemmti sér konunglega í miðborg Reykjavíkur ásamt mótleikkonu sinni Anitu Briem. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# FRYSTIKISTUR



## VANDAÐAR FRYSTIKISTUR
## ALLAR STÆRÐIR
## ALLAR GERÐIR

GERÐU VERÐSAMANBURÐ
**ÞAÐ MARGBORGAR SIG!**

**VESTFROST**

| Heiti | Lítrar nettó | Hæð | Breidd | Dýpt | Körfur | Skilrúm | Lás | Hjól | Ljós | Frystigeta á sólar-hring | Orku-flokkur | Fullt verð | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SX101C | 101 | 82,5 | 55 | 55 | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | 8 kg | C | 29.995 | TILBOÐ | 24.995 |
| SX189C | 189 | 86 | 92 | 65 | 1 | Já | Nei | Nei | Já | 20 kg | A+ | 49.995 | TILBOÐ | 44.995 |
| SX284C | 284 | 86 | 126 | 65 | 1 | Já | Nei | Nei | Já | 22 kg | A+ | 52.995 | TILBOÐ | 49.995 |
| SC399C | 399 | 85 | 137 | 65 | 2 | Já | Já | Nei | Já | 20 kg | B | 52.995 | TILBOÐ | 49.995 |
| SZ464C | 464 | 86 | 156 | 65 | 2 | Já | Já | Nei | Já | 21 kg | B | 59.995 | TILBOÐ | 57.995 |

Allar VESTFROST kisturnar eru með DANFOSS kælipressu — Framleiddar í Danmörku

**Whirlpool**

| Heiti | Lítrar nettó | Hæð | Breidd | Dýpt | Körfur | Space Manager | Lás | Hjól | Ljós | Frystigeta á sólar-hring | Orku-flokkur | Fullt verð | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFG6102B | 103 | 85 | 53 | 58 | 1 | Nei | Nei | Nei | Nei | 7,5 kg | B | 32.995 | TILBOÐ | 29.995 |
| AFG6141B | 138 | 88,5 | 57 | 67 | 1 | Nei | Nei | Já | Nei | 11 kg | B | 34.995 | TILBOÐ | 32.995 |
| AFG6222B | 258 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Já | Já | Nei | 14 kg | B | 42.995 | TILBOÐ | 36.995 |
| AFG6262B | 258 | 88,5 | 95 | 66 | 1 | Nei | Já | Já | Já | 18 kg | B | 49.995 | TILBOÐ | 44.995 |
| AFG6323B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 1 | Nei | Nei | Nei | Nei | 24 kg | B | 52.995 | TILBOÐ | 44.995 |
| AFG6392B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 3 | Já | Já | Já | Já | 24 kg | B | 59.995 | TILBOÐ | 54.995 |
| AFG6492B | 400 | 88,5 | 134 | 66 | 4 | Já | Já | Já | Já | 25 kg | B | 64.995 | TILBOÐ | 59.995 |
| AFG6592B | 503 | 88,5 | 163 | 66 | 5 | Já | Já | Já | Já | 30 kg | B | 69.995 | TILBOÐ | 64.995 |

Whirlpool

VESTFROST

*DÖNSK HÁGÆÐAVARA*

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT: HLJÓMSÝN** Akranesi - **SKAGAVER** Akranesi - **SAMKAUP ÚRVAL** Borgarnesi - **BLÓMSTURVELLIR** Hellissandi - **VERSLUNIN HAMRAR** Grundarfirði - **SKIPAVÍK** Stykkishólmi - **KAUPFÉLAG KRÓKSFJARÐAR** Króksfjarðarnesi - **ÞRISTUR** Ísafirði - **KRÁKUR** Blönduósi - **KAUPFÉLAG V-HÚNVETNINGA** Hvammstanga - **KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA** Sauðárkróki - **EYRARBÚÐIN** Siglufirði - **ÖRYGGI** Húsavík - **SPARKAUP** Fáskrúðsfirði - **VERSLUNIN VÍK** Neskaupsstað - **SAMKAUP STRAX** Seyðisfirði - **FLÁABRÚN** Vopnafirði - **HS-RAF** Eskifirði - **VERSLUNIN VÍK** Reyðarfirði - **VERSL. VÍK** Egilsstöðum - **MARTÖLVAN** Höfn - **MOSFELL** Hellu - **FOSSRAF** Selfossi - **GEISLI** Vestmannaeyjum - **VERSLUNIN RÁS** Þorlákshöfn - **NETTÓ** Grindavík - **TÖLVUSPÍTALINN** Grindavík - **RAFEINDATÆKNI** Reykjanesbæ - **SAMKAUP** Reykjanesbæ.

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

**HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




## BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Dásamlegu framfarir*

Um svipað leyti og ég studdi Framsóknarflokkinn hélt ég langar ræður yfir reyndum húsmæðrum um fánýti vélbúnaðar í eldhúsum. Taldi til dæmis notendur uppþvottavéla dæmalausa letihauga. Líka að þeir sem ekki nenntu að hella upp á kaffi með gamla laginu ættu alls ekki skilið neitt kaffi.

**ÞESSI** öldruðu viðhorf til tækni og stjórnmála voru að mestu byggð á misskilningi og því stóð þetta tímabil stutt og var lokið áður en ég lærði almennilega á klukku. Um vorið í níu ára bekk tóku við róttækar kommúnistahugsjónir en það er allt önnur saga.

**HIÐ** öfgafulla afturhald bernskunnar rifjaðist upp um daginn í blíðlegri nostalgíu á sérstaklega annasömum degi. Þegar ég gáði aftur hvort farsíminn væri bilaður, því hann hafði ekkert hringt í heilan klukkutíma. Ekki ber þó að skilja það svo að mikill söknuður sé eftir þeim tíma þegar allt þurfti að vinna handvirkt. Þegar skrifræðið var með þeim hætti að fólk varð beinlínis að taka sér frí úr vinnu í vikutíma til að láta skoða bílinn. Eða þegar skyldan bauð að húsmóðirin framreiddi heita máltíð tvisvar á dag og saumaði allt sjálf á börnin.

**EN** það var eitthvað dýrmætt við það að hafa sjónvarpsfrí á fimmtudögum og allan júlímánuð. Að óvæntir gestir kíktu við án þess að eiga nokkuð sérstakt erindi og enginn þyrfti að drífa sig. Eða ef gleymdist að kaupa grænar baunir þá varð þær bara að vanta því búðin lokaði klukkan sex, basta. Það er ekkert notalegt við skort, en hollt og gott að láta sig vanta eitthvað stundum. Komast að því að fátt er algjört möst.

**ÞVÍ** þó framfarir í tækni og vísindum séu auðvitað dásamlegar er það dálítið trist að fáir skuli yfirhöfuð hafa tíma í stundaskránni til að nostra við hið smáa. Krafan um skilvirkni er of mikil til að það borgi sig lengur að vera nýtinn og nægjusamur. Prógrammið þarf að vera á góðu tempói til að rekstur einingarinnar gangi upp, munum að tíminn er peningar.

**SPURNINGIN** er bara sú hvort allar tækniframfarirnar hafi skilað okkur þeim arði sem vænst var. Mun hringjandi farsími, sítengi á tölvunni og sjónvarp í öllum herbergjum gera okkur klárari, hamingjusamari og betri manneskjur? Veit ekki.





# Haustpakki

**Sjálfskiptur Picanto á 20.953 kr. á mánuði, engin útborgun***

**KIA Picanto** er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu. **Sjálfskiptur Picanto býðst nú með veglegum haustpakka** sem inniheldur m.a. sumardekk á álfelgum og vetrardekk á stálfelgum á aðeins **1.385.000 kr.**

**Picanto** er einnig fáanlegur beinskiptur á frábæru verði, aðeins **1.198.000 kr.**

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*M.v. 100% fjármögnun í bílasamningi til 84 mánaða í erlendri mynt frá Sjóvá Fjármögnun.

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN

KIA MOTORS
The Power to Suprise™

HEKLA
KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

FRJÁLSI

# FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Fíton/SÍA